



SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR

AÐALSKIPULAG 2020-2040

GREINARGERÐ - STEFNUMÖRKUN

TILLAGA - 18. NÓVEMBER 2021



Samþykkt.....	5
1 Inngangur.....	6
1.1 Um aðalskipulag	6
1.2 Aðalskipulag Sveitarfélagsins Voga 2020-2040	6
1.3 Skipulagsferlið og samráð.....	7
1.4 Skipulagsgögn	8
2 Meginmarkmið.....	9
3 Stefnumörkun - byggð	10
Próun byggðar	10
3.1 Íbúðarsvæði (ÍB).....	11
Þegar byggð íbúðarsvæði í þéttbýlinu í Vogum (ÍB-1).....	13
Þegar byggð íbúðarsvæði í Brunnastaðahverfi (ÍB-2).....	13
Grænaborg, svæði vestan Vatnsleysustrandarveggar (ÍB-3).....	13
Svæði austan Vatnsleysustrandarveggar (ÍB-4).....	14
Íbúðarsvæði austan og sunnan núverandi þéttbýlis (ÍB-5)	15
Íbúðarsvæði við höfn (ÍB-6)	15
Íbúðarsvæði á kirkjureit (ÍB-7)	15
Íbúðarsvæði í landi Höfða og Bergkots (ÍB-8).....	15
Stefna um rekstrarleyfisskylda gististarfsemi á íbúðarsvæðum.....	16
Heimagisting	16
3.2 Frístundabyggð (F)	17
Frístundasvæði við Hvassahraun (F-1)	18
Frístundasvæði við Breiðagerðisvík (F-2)	18
4 Stefnumörkun – atvinnusvæði.....	19
4.1 Miðsvæði (M)	19
Miðsvæði Voga (M-1)	20
4.2 Verslun og þjónusta (VP)	20
Verslun við gatnamót Stapavegar og Tjarnargötu (VP-1).....	21
Hafnargata 2-4 (VP-2)	21
Hótel og golfskáli við Kálfatjörn (VP-3).....	22
4.3 Samfélagsþjónusta (S)	22
Stóru-Vogaskóli (S-1)	23
Leikskóli við Suðurgötu (S-2)	23
Skóla- og leikskólasvæði norðan núverandi þéttbýlis (S-3).....	23
Svæði fyrir leikskóla og aðra þjónustustarfsemi austan lóndals (S-4)	23
Kálfatjarnarkirkja (S-5).....	24
4.4 Athafnasvæði (AT)	24



Svæði við lðndal (AT-1).....	26
Svæði við höfn sunnan Hafnargötu (AT-2)	26
Svæði fyrir fiskeldi sunnan þéttbýlis (AT-3).....	26
Svæði fyrir fiskeldi við Vatnsleysu (AT-4)	26
Svæði norðan gatnamóta Vogabrautar og Reykjanesbrautar (AT-5).....	27
Svæði norðan Reykjanesbrautar, við gatnamót Vatnsleysustrandarveggar (AT-6).....	27
4.5 lðnaðarsvæði (l).....	27
lðnaðarsvæði norðan Vagarbrautar (l-1)	28
Dælustöðvar fráveitu (l-2)	29
Húsnæði eggjabús (l-3)	29
Rannsóknarborsvæði við Trölladyngju (l-4)	29
Svínabú á Minni-Vatnsleysu (l-5).....	29
4.6 Hafnir (H)	30
Vogahöfn (H-1)	31
4.7 Landbúnaðarsvæði (L)	31
Bújarðir á Vatnsleysuströnd (L-1)	32
Beitarhólf norðan þéttbýlis í Vogum (L-2)	32
Íbúðar- eða frístundahús á bújörðum	32
4.8 Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)	33
Afstapahraun (E-1).....	34
5 Stefnumörkun - græn svæði	35
5.1 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)	35
Tjaldsvæði við Hafnargötu (AF-1).....	36
5.2 Íþróttasvæði (Íþ)	36
Íþróttasvæði við Hafnargötu (Íþ-1).....	37
Hesthúsabyggð sunnan Voga (Íþ-2).....	37
Svæði hestamanna norðan Voga (Íþ-3)	38
Golfvöllur við Kálfatjörn (Íþ-4)	38
5.3 Kirkjugarðar og grafreitir (K).....	38
Kirkjugarður við Kálfatjörn (K-1)	39
5.4 Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)	39
Skógræktarsvæði við Háabjalla (SL-1)	40
5.5 Opin svæði (OP).....	40
Svæði undir Vogastapa (OP-1).....	41
Svæði innan þéttbýlis (OP-2)	42
5.6 Óbyggð svæði (ÓB)	42
6 Stefnumörkun - samgöngur	44



Almenningssamgöngur	44
Hraðlest	44
6.1 Vegir.....	45
Reykjanesbraut (41).....	45
Vogabraut (421).....	46
Vatnsleysustrandarvegur (420)	46
Vegir í náttúru Íslands.....	46
6.2 Göngu- og hjólastígar, gönguleiðir og reiðleiðir	47
6.3 Flugvellir (FV)	49
7 Stefnumörkun - veitur.....	50
7.1 Vatnsveita (V)	50
7.2 Hitaveita (H).....	51
7.3 Fráveita (F).....	51
7.4 Rafveita (R)	51
7.5 Sími og önnur fjarskipti.....	53
7.6 Ljósleiðari (L).....	53
8 Stefnumörkun - vatn, vernd og vá	55
8.1 Vötn, ár og sjór (V).....	55
8.2 Strandsvæði (ST)	55
8.3 Vatnsból (VB) og vatnsvernd vatnsbóla (VG, VF)	56
8.3.1 Brunnsvæði (VB).....	57
8.3.2 Grannsvæði (VG)	58
8.3.3 Fjarsvæði (VF).....	58
8.4 Svæði undir náttúruvá (NV).....	61
8.4.1 Sjávarflóð.....	61
8.4.2 Jarðskjálftar	62
8.4.3 Eldgos	63
8.5 Varúðarsvæði (VA).....	63
8.6 Minjavernd (MV)	63
8.6.1 Fornminjar	64
8.6.2 Byggingar.....	68
8.7 Friðlýst svæði (FS).....	69
8.8 Önnur náttúruvernd (ÖN).....	70
8.9 Hverfisverndarsvæði (HV).....	72
8.9.1 HV-1: Ströndin frá Vogum að landamörkum Hafnarfjarðar ásamt tjörnum á Vatnsleysuströnd. Einnig ströndin sunnan Voga, Síkistjarnir og Kristjánstangi.	74
8.9.2 HV-2: Vogastapi að Vogavík	76



8.9.3	HV-3: Hrafnagjá, Snorrastaðatjarnir og Háibjalli	76
8.9.4	HV-4: Keilir og Höskuldarvellir	76
8.9.5	HV-5: Önnur svæði á náttúruminjaskrá og aðrar fornleifar	77
9	Samræmi við aðrar áætlanir	78
9.1	Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024	78
9.1.1	Atvinna	78
9.1.2	Auðlindir	78
9.1.3	Veitur og samgöngur	79
9.1.4	Flugvallarsvæðið	80
9.1.5	Samfélag	80
9.2	Landsskipulagsstefna 2015-2026	81
9.2.1	Skipulag á miðhálandi Íslands	83
9.2.2	Skipulag í dreifbýli	83
9.2.3	Búsetumynstur og dreifing byggðar	83
9.2.4	Skipulag á haf- og strandsvæðum	83
9.3	Aðalskipulag aðliggjandi sveitarfélaga	83
9.4	Samgönguáætlun og vegáætlun	84
9.5	Náttúruverndaráætlun	84
9.6	Kerfisáætlun	85
9.7	Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða	85
9.8	Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	85
9.9	Reykjanesfólkvangur	86
9.10	Reykjanes jarðvangur (Reykjanes UNESCO Global Geopark)	86
9.11	Annað	87
	Heimildaskrá	88

1. útgáfa ???.2021

Unnið fyrir Sveitarfélagið Voga

Landslag ehf.

Greinargerðir: Ómar Ívarsson

Uppdrættir: Ómar Ívarsson og Halldóra Narfadóttir

Ljósmyndir: ???



Samþykkt

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Voga 2020-2040 sem auglýst hefur verið skv. 30.-32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar þann _____

Sveitarstjóri Sveitarfélagsins Voga

Aðalskipulag þetta var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____



1 Inngangur

Með tillögu þessari að Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2020-2040, er gildandi aðalskipulag sem var með gildistíma 2008-2028 endurskoðað og sett fram stefna til næstu tveggja áratuga.

Sveitarfélagið Vogar er næst landstærsta sveitarfélagið á Suðurnesjum og nær yfir Vatnsleysuströnd og bæinn Voga. Sveitarfélagið Vogar er mjög vel staðsett. Í nágrenni við þjónustu og vinnumarkað höfuðborgarsvæðisins, en býður upp á rólegt og vinalagt umhverfi þar sem stutt er í náttúruna íbúum sveitarfélagsins hefur fjölgað jafnt og þétt síðastliðin ár en í ársbyrjun 2019 bjuggu 1.286 íbúar í sveitarfélaginu og af þeim bjuggu 1.206 í þéttbýlinu í Vogum.

Skipulagssvæði aðalskipulagsins er allt lögsagnarumdæmi Sveitarfélagsins Voga, alls um 165 km².

Nánari upplýsingar má finna í greinargerð með forsendum og umhverfisskýrslu.

1.1 Um aðalskipulag

Aðalskipulag er lögboðin skipulagsáætlun sem nær til eins sveitarfélags og er samþykkt af sveitarstjórn og staðfest af Skipulagsstofnun. Með gerð aðalskipulags setur sveitarstjórn fram stefnu um landnotkun, þróun byggðar, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010. Aðalskipulag er stjórnþæki sem notað er til þess að ná tilteknum markmiðum um þróun sveitarfélagsins.

Aðalskipulagi er ætlað að tryggja að framkvæmdir í sveitarfélaginu verði samkvæmt fyrirframgerðri áætlun sem íbúar og aðrir hagsmunaaðilar hafa samþykkt fyrir sitt leyti. Aðalskipulagið er einnig upplýsingabrunnur fyrir íbúa sveitarfélagsins og starfsmenn, pólitískt kjörna fulltrúa, hönnuði og framkvæmdaaðila.

Samkvæmt skipulagslögum er allt land skipulagsskylt. Skipulagsáætlanir sveitarfélaga eru þrenns konar; svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag en auk þeirra er í lögnum gert ráð fyrir landsskipulagi, sem unnið skal af Skipulagsstofnun að frumkvæði umhverfisráðherra.

Svæðisskipulag nær yfir tvö eða fleiri sveitarfélög og hlutverk þess er að samræma stefnu viðkomandi sveitarfélaga í skipulags- og umhverfismálum. Aðalskipulag er yfirlits- eða heildarskipulag eins sveitarfélags. Í deiliskipulagi er síðan gerð nákvæm grein fyrir notkun lands, nýtingarhlutfalli, byggðamynstri, húsagerð, tilhögun umferðarkerfis, lóðum og byggingarreitum eftir því sem við á innan afmarkaðra reita, hverfa eða bæjarhluta.

1.2 Aðalskipulag Sveitarfélagsins Voga 2020-2040

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Voga 2020-2040 sýnir stefnu um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál sveitarfélagsins út skipulagstímabilið.

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 er orðið rúmlega tíu ára gamalt en aðalskipulagið er mjög ítarlegt og var vel unnið af skipulagsnefnd í samstarfi við fjölda aðila á sínum tíma. Fáar breytingar hafa verið gerðar á aðalskipulaginu frá því það öðlaðist gildi.

Árið 2010 voru samþykkt ný skipulagslög og árið 2012 ný skipulagsreglugerð. Þetta breytir að nokkru leyti innihaldi og framsetningu aðalskipulagsáætlana frá fyrri lögum og reglugerðum. Þrátt fyrir



Þessar breytingar á lagamma aðalskipulags er endurskoðað aðalskipulag að mestu byggt á grunni gildandi aðalskipulags ásamt síðari breytingum hvað varðar stefnu og áherslur.

Í aðalskipulagi þessu eru sett fram endurskoðuð og endurbætt markmið sveitarstjórnar í þeim málaflokkum sem aðalskipulagið tekur til ásamt þeim ákvæðum sem gilda um ráðstöfun lands og landnotkun í sveitarfélaginu öllu. Leiðarljós og meginmarkmið aðalskipulagsins eru höfð í upphafi greinargerðar en almenn ákvæði eru í upphafi hvers málaflokks stefnumörkunar aðalskipulagsins.

Reynt er að setja markmið og skipulagsákvæði í heildarsamhengi þannig að aðalskipulagið megi nota sem áhald til þess að ná árangri í samræmi við sett markmið á sem flestum sviðum.

Landslag ehf. hefur umsjón með endurskoðun aðalskipulagsins og ritstjórn þeirrar vinnu er í höndum Ómars Ívarssonar skipulagsfræðings SFFÍ. Auk hans kemur að ýmsum þáttum verksins Halldóra Narfadóttir landfræðingur.

Stýrihópur vegna vinnu við endurskoðun aðalskipulags var stofnaður haustið 2019 og hefur stýrihópurinn umsjón með vinnu við endurskoðun aðalskipulagsins ásamt skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins.

Í stýrihópnum eru eftirtaldir:

- Áshildur Linnet
- Friðrik V. Árnason
- Ingbór Guðmundsson
- Björn Snæbjörnsson
- Andri Rúnar Sigurðsson
- Gísli Stefánsson

Í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga 2018-2022 eru eftirtaldir:

- Áshildur Linnet
- Bergur Álfþórsson
- Ingbór Guðmundsson
- Birgir Örn Ólafsson
- Björn Snæbjörnsson
- Sigurpáll Árnason
- Jóngeir Hjörvar Hlinason

1.3 ***Skipulagsferlið og samráð***

Skipulagsnefnd Sveitarfélagsins Voga lagði til á fundi sínum 19. júní 2018 að ráðist yrði í endurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins og staðfesti bæjarráð ákvörðun þessa á fundi sínum 27. júní 2018.

Vinna við endurskoðunina hófst haustið 2019 og var ákveðið að tímabil aðalskipulagsins væri 2020-2040.

Skipulags- og matslýsing Aðalskipulags Sveitarfélagsins Voga 2020-2040 var samþykkt til kynningar á fundi bæjarstjórnar 18. desember 2019. Lýsingin var til kynningar 12. febrúar - 6. mars 2020 og var send hagsmunaaðilum. Haldin var íbúafundur þar sem skipulags- og matslýsing var kynnt ásamt



fyrirhugaðri vinnu við endurskoðun aðalskipulags 13. febrúar 2020. Umræður á íbúafundir voru nýttar við áframhaldandi vinnu við endurskoðun aðalskipulags.

Farið var yfir innsendar athugasemdir og umsagnir við lýsinguna af stýrihóp og upplýsingar nýttar í vinnu við endurskoðun aðalskipulags.

Fundað var með þeim umsagnaraðilum sem óskuðu eftir frekara samráði vegna vinnu við endurskoðun aðalskipulags og voru fundir sem hér segir:

- Fundur með Hafnarfjarðarbæ og Vegagerðinni 16. desember 2020.

Stýrihópur fundaði u.þ.b. mánaðarlega frá febrúar 2020 fram til maí 2021 um alla þætti stefnumótunar aðalskipulagsins. Skipulagsnefnd og bæjarstjórn var upplýst um stöðu vinnunnar reglulega.

1.4 *Skipulagsgögn*

Aðalskipulag Aðalskipulags Sveitarfélagsins Voga 2020-2040 var samanstendur af eftirtöldum gögnum:

- Greinargerð þessari sem inniheldur stefnumörkun aðalskipulagsins.
- Greinargerð með forsendum og umhverfisskýrslu.
- Eftirfarandi skipulagsuppdráttum:
 - Sveitarfélagsuppdráttur, í mælikvarða 1:30:000 í blaðstærð A1.
 - Þéttbýlisuppdráttur, í mælikvarða 1:10:000 í blaðstærð A1.
- Eftirfarandi séruppdráttum í greinargerð:
 - Íbúðarsvæði í þéttbýlinu Vogum
 - Miðsvæði í þéttbýlinu Vogum
 - Verslunar- og þjónustusvæði í þéttbýlinu Vogum
 - Samfélagsþjónusta í þéttbýlinu Vogum
 - Athafnasvæði í þéttbýlinu Vogum
 - Iðnaðarsvæði í þéttbýlinu Vogum
 - Hafnarsvæði í þéttbýlinu Vogum
 - Afþreyingar- og ferðamannasvæði í þéttbýlinu Vogum
 - Íþróttasvæði í þéttbýlinu Vogum
 - Opin svæði í þéttbýlinu Vogum
 - Göngu- og hjólastígar í Sveitarfélaginu Vogum
 - Háspennulínur í Sveitarfélaginu Vogum
 - Vatnsverndarsvæði í Sveitarfélaginu Vogum
 - Friðlýst svæði og náttúruverndarsvæði í Sveitarfélaginu Vogum
 - Hverfisverndarsvæði í Sveitarfélaginu Vogum

Á skipulagsuppdráttum er landnotkun almennt afmörkuð en þar sem því er ekki við komið vegna mælikvarða er landnotkun skilgreind með hringtækni. Stærðarviðmið hringtákns er allt að 3 ha.



2 Meginmarkmið

- Sveitarfélagið Vogar er fjölskylduvænt samfélag þar sem þjónustustig er hátt og skilyrði til menntunar góð.
- Í Sveitarfélaginu Vogum eru fjölbreyttir möguleikar til búsetu í fallegu umhverfi.
- Sveitarfélagið Vogar vill bjóða uppá öflugt atvinnulíf þar sem stutt er við atvinnuuppbyggingu og nýsköpun.
- Í Sveitarfélaginu Vogum er öflugt skóla-, félags- og menningarstarf.
- Sveitarfélagið Vogar er heilsueflandi og barnvænt samfélag sem leggur áherslu á að heilsa og líðan allra íbúa sé höfð í fyrirrúmi.

Hér á eftir er umfjöllun um landnotkunarflokka sem skilgreindir eru í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2020-2040. Sett eru fram meginmarkmið fyrir hvern landnotkunarflokk og fjallað sérstaklega um hvert svæði í sveitarfélaginu sem skilgreint er innan hvers flokks. Til að auðvelda samlestur milli greinargerðar og aðalskipulagsuppdráttar er hvert svæði í hverjum landnotkunarflokk númerað og vísar það númer í sama númer á þéttbýlis- eða dreifbýlisupprætti aðalskipulagsins.



3 Stefnumörkun - byggð

Undir flokkinn byggð falla eftirfarandi landnotkunarflokkar: *Íbúðarsvæði* og *frístundabyggð* ásamt kafla um *þróun byggðar*.

Þróun byggðar

Þéttbýlis- og þjónustukjarni sveitarfélagsins er í Vogum en þess utan er íbúðarbyggð í Brunnastaðahverfi.

Afmörkun þéttbýliskjarnans í Vogum er umhverfis núverandi og fyrirhugaða byggð, sjá nánar á aðalskipulagsupprætti. Stærð þéttbýliskjarnans er um 230 ha.

Íbúum sveitarfélagsins hefur fjölgað jafnt og þétt síðastliðin ár en í ársbyrjun 2021 bjuggu 1.331 íbúar í sveitarfélaginu og af þeim bjuggu 1.251 í þéttbýlinu í Vogum.

Í Húsnæðisáætlun Voga 2021-2025 segir m.a. að vaxtarspá sveitarfélagsins miðast við þann árangur sem orðið hefur á vaxtarsvæðum í nágrenni höfuðborgarsvæðisins undanfarinn áratug. Miðað er við að íbúum geti fjölgað um 240 næstu átta árin, þar af 100 eða fleiri næstu fjögur árin. Stefnt er að því að nýta vaxtartækifæri í Grænubyggð til að ýta undir vöxt bæjarins og að byggja þurfi um 40 íbúðir í fjöl- og sérþýli næstu fjögur ár og um 100 íbúðir á næstu átta árum.

Spár um fjölgun íbúa ber þó að taka með varúð þar sem gott orðspor fréttist fljótt. Ef vel gengur að setja uppbyggingu af stað og reynslan mælist vel fyrir getur vöxturinn aukist mun hraðar líkt og fordæmi eru fyrir í nýlegri sögu Voga. Á árabílinu 2002-2010 fjölgaði íbúum t.a.m. um 44% og myndi slíkur vaxtarkippur nú þýða að íbúum fjölgaði um 580 næstu átta árin sem myndi krefjast 230 nýrra íbúða. Slík fjölgun myndi styrkja verulega rekstur sveitarfélagsins en hefði lítil sem engin áhrif utan þess.


Skv. mannfjöldaspá Hagstofu Íslands er gert ráð fyrir að íbúum sveitarfélagsins fjölgi árlega um 2,8%, en spátölurnar er framreiknað meðaltal síðastliðinna 20 ára, það er 1999-2019, en íbúum fjölgaði að meðaltali um 2,8%. Lágspá er 1% lægri eða 1,8% og háspá 1% hærri eða 3,8%.

Ef miðað er við miðspá eða árlega fjölgun uppá 2,8% má gera ráð fyrir að íbúar sveitarfélagsins verði um 2.300 árið 2040. Ef miðað er við lágspá verða íbúðar sveitarfélagsins um 1.900 árið 2040 en um 2.800 ef miðað er við háspá.

Mikil óvissa er í slíkum útreikningum, sér í lagi fyrir fámenn sveitarfélög þar sem tölurnar eru lágar og margir þættir sem hafa áhrif á þróunina, s.s. búferlaflutningar sem oft tengjast atvinnuástandi svæðisins.

Í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2020-2040 er áætluð íbúafjölgun miðuð við miðspá eða háspá og því um 2,8 - 3,8% á ári. Því er gert ráð fyrir að íbúum fjölgi um 1.000-1.500 og að íbúar sveitarfélagsins verði á bilinu 2.300 – 2.800 í lok skipulagstímabilsins árið 2040. Gert er ráð fyrir að mikill meirihluti þessara íbúa muni búa í þéttbýlinu í Vogum og er landrými fyrir slíka fjölgun tekið frá í aðalskipulagi.





Mynd 1. Spá um íbúafjölda til ársins 2040 út frá meðaltali síðustu 20 ára. Hagstofan.is

Í blandaðri byggð má gera ráð fyrir að 2,3-2,5 íbúar séu í hverri íbúð og því má gera ráð fyrir að þörf sé á 450-600 nýjum íbúðum í sveitarfélaginu, flestum í þéttbýlinu í Vogum.

Til að renna styrkari stoðum undir rekstur Sveitarfélagsins Voga er æskilegt að fjölga íbúum þessa nokkuð. Með því að fjölga úr 1.300 íbúum í 2.300 - 2.800 íbúa verður sveitarfélagið við kjörstærð og hagkvæm rekstrareining.

Á þéttbýlisuppdrætti aðalskipulagsins og í töflu fyrir skilgreind íbúðarsvæði er gert ráð töluvert fleiri íbúðum og stærri íbúðarsvæðum en áætluð íbúafjölgun krefst miðað við meðalþéttleika. Frekar verður stuðst við lágmarksþéttleika til að aðalskipulagið sé sveigjanlegt, en auk þess má gera ráð fyrir að fleiri en eitt svæði verði í einu í uppbyggingu í sveitarfélaginu.

Gert er ráð fyrir að uppbygging hefjist á fyrri hluta skipulagstímabilsins á íbúðarsvæðum ÍB-3 og ÍB-6 en að uppbygging á svæðum ÍB-4 og ÍB 5 verði á seinni hluta skipulagstímabilsins.

Í landi Flekkuvíkur er mögulegt uppbyggingarsvæði til framtíðar og er þá sérstaklega horft til mögulegrar íbúðarbyggðar. Ekki er talið raunhæft að uppbygging verði landi Flekkuvíkur á tímabili aðalskipulagsins til ársins 2040 en mögulegt er að svæðið byggist upp eftir tímabil þessa aðalskipulags.

3.1 Íbúðarsvæði (ÍB)

Almenn ákvæði vegna íbúðarsvæða:

- Stefnt er að eflingu Sveitarfélagsins Voga þannig að sveitarfélagið sameini kosti dreifbýlis og þéttbýlis.
- Stefnt er að því að íbúar sveitarfélagsins njóti bestu lífsgæða í fögru og öruggu umhverfi þar sem íbúðir og íbúðarhverfi uppfylli þarfir íbúa á mismunandi aldri.
- Stefnt er að því að efla enn frekar þéttbýliskjarnann í Vogum, m.a. með nægu framboði íbúðarlóða, en að uppbygging íbúðarsvæða utan hans verði takmörkuð.


- Tryggt verði fjölbreytt framboð íbúðarlóða og að þéttbýlismyndun verði sem samfelldust, m.a. til að tryggja góða nýtingu lagna-, og gatnakerfis, auðvelda þjónustu við byggðina og til að skapa samfelldara yfirbragð þéttbýlis.
- Tryggt verði að allir íbúar eigi greiðan aðgang að náttúrulegu útivistarsvæði, almenningsgarði og merktum menningarminjum.
- Gönguleiðir verði þéttar og greiðar svo að jafnaði sé auðvelt að komast gangandi eða hjólandi um hverfin, á milli þeirra og út í náttúruna.
- Tekið verði tillit til náttúrulegra aðstæðna og umhverfis við skipulag íbúðarsvæða og við hönnun húsa verði slíkra sjónarmiða einnig gætt.
- Lögð er áhersla á umhverfisvænar lausnir í skipulagi, frágangi, gerð bygginga og þjónustu við byggðina.
- Veitur; neyslu- og heitavatn og þá sérstaklega frárennsli og hreinsun þess þarf að vera í samræmi við uppbyggingu íbúðarsvæðanna.

Á skipulagsuppdrátti og töflu hér að neðan eru upplýsingar um íbúðarsvæði. Stærð svæða eru viðmiðunartölur sem unnar verða nánar í deiliskipulagi hvers svæðis.

Númer	Heiti	Stærð	Fjöldi íbúða	Lýsing
ÍB-1	Þéttbýlið í Vogum	37 ha	477	Þegar byggð íbúðarsvæði í þéttbýlinu í Vogum
ÍB-2	Brunnastaðahverfi	20 ha	18	Þegar byggð íbúðarsvæði í Brunnastaðahverfi
ÍB-3	Grænaborg, svæði vestan Vatnsleysustandaravegar	24 ha	850-900	Íbúðarsvæði fyrir blandaða byggð norðan núverandi þéttbýlis í Vogum
ÍB-4	Svæði austan Vatnsleysustandaravegar	9 ha	130-150	Íbúðarsvæði fyrir blandaða byggð norðan núverandi þéttbýlis í Vogum
ÍB-5	Svæði austan þéttbýlis í Vogum	17 ha	150-200	Íbúðarsvæði fyrir sérbýlishús á 1-2 hæðum austan núverandi þéttbýlis í Vogum
ÍB-6	Hafnarsvæði	1 ha	20-30	Um 1 ha íbúðarsvæði norðan Hafnargötu fyrir fjölbýlishús með heimild fyrir og verslunar- og þjónustustarfsemi á jarðhæðum
ÍB-7	Kirkjureitur	0,7 ha	15-25	Um 0,7 ha íbúðarsvæði á milli Aragerðis og Kirkjugerðis, norðan Tjarnargötu.
ÍB-8	Höfðaland	0,33 ha	3	Þrjár eignarlóðir í landi Höfða og Bergkots



Hér að neðan má sjá skilgreind íbúðarsvæði innan þéttbýlisins í Vogum.



Hér að neðan eru frekari upplýsingar um þau svæði sem gert er ráð fyrir að byggist sem íbúðarsvæði á skipulagstímabilinu:

Þegar byggð íbúðarsvæði í þéttbýlinu í Vogum (ÍB-1)

Ekki er gert ráð fyrir frekari þéttingu byggðar á svæði ÍB-1 en uppbyggingu er þó ekki að fullu lokið á miðsvæði sveitarfélagsins, við Skyggnisholt, Breiðuholt og Lyngholt. Óbyggð lóð er við Aragerði 2-4 en í gildi er deiliskipulag fyrir svæðið. Þá er óbyggt 0,3 svæði fyrir sérbýli við Hábjartún.

Uppbygging á þessum svæðum verður í samræmi við þá byggð sem fyrir er en nánari útfærslu má sjá í deiliskipulagi hvers svæðis.

Þegar byggð íbúðarsvæði í Brunnastaðahverfi (ÍB-2)

Nokkur íbúðarhús eru í Brunnastaðahverfi sem er norðan við þéttbýlið í Vogum. Gert er ráð fyrir að einhver þétting geti orðið á þeirri íbúðarbyggð sem þar er en ekki er til staðfest deiliskipulag fyrir hverfð. Frekari uppbygging skal vera í samræmi við þá byggð sem fyrir er en nánari útfærslu er vísað til deiliskipulags.

Grænaborg, svæði vestan Vatnsleysustrandarveggar (ÍB-3)

Um er að ræða svæði sem er norðan núverandi þéttbýlis í Vogum, vestan Vatnsleysustrandarveggar. Svæðið afmarkast í austri af Vatnsleysustrandarvegi, í suðri af Hafnargötu og íbúðarsvæði við



Mýrargötu og Marargötu. Í vestri afmarkast svæðið af ströndinni og í norðri af landamörkum Austurkots / Minni Voga.

Svæðið er fremur flatt en vesturhluti þess er með aflíðandi halla til vesturs, í átt til sjávar. Meginhluti svæðisins er hraun sem er að miklu leyti þakið mosapembu, þó er töluvert graslendi meðfram ströndinni. Svæðið er um 24 ha að stærð.

Sveitarfélagið hefur látið gera rammaskipulag fyrir svæðið vestan Vatnsleysustrandarvegjar í samráði við landeiganda. Deiliskipulag fyrsta áfanga svæðisins sem liggur nærst núverandi þéttbýli er gildi. Framkvæmd við gatnagerð hefur þegar hafist fyrir hluta svæðisins.

Gert er ráð fyrir að hverfið verði fullbyggt með 850-900 íbúðum í mismunandi húsagerðum á um 24 ha lands. Gera má ráð fyrir að íbúafjöldi verði um 1.900-2.200.

Í deiliskipulagi fyrir hverfið verða sett nánari ákvæði um yfirbragð byggðar, svo sem hæðir húsa, húsagerðir og niðurröðun bygginga. Í skipulagi svæðisins verður leitast við að hafa byggð fjölbreytta og í sem mestri sátt við landslag, vistkerfi og minjar á svæðinu.

Þar sem skipulagssvæðið er að hluta til á hrauni skal leitast við að leyfa klöppum og sérstæðum hraunmyndunum að halda sér innan lóða og á opnum svæðum.

Aðkoma akandi umferðar að hverfunum verður með tveimur tengingum við Vatnsleysustrandarveg.

Saman mynda þessar tengingar (safnvegir) hringakstur og tengja Vatnsleysustrandarveg (tengibraut) við bæði hverfin. Út frá safnbrautunum er gert ráð fyrir húsagötum um íbúðarsvæðin.

Gert er ráð fyrir stígakerfi með göngu- og hjólreiðastígum um byggðina og einnig stígakerfi sem tengir byggðina við nærliggjandi hverfi, náttúru og útivistarsvæði.

Svæði austan Vatnsleysustrandarvegjar (ÍB-4)

Um er að ræða svæði sem er norðan núverandi þéttbýlis í Vogum, austan Vatnsleysustrandarvegjar. Svæðið afmarkast í austri af iðnaðarsvæði norðan Vogabrautar, í suðri af Vogabraut, í vestri af Vatnsleysustrandarveggi og í norðri af landamörkum Austurkots / Minni Voga.

Svæðið er fremur flatt hraunsvæði sem er að miklu leyti þakið mosapembu.

Svæðið er um 9 ha en ekki hefur verið unnið skipulag af svæðinu annað en að gert er ráð fyrir byggð þar í gildandi aðalskipulagi. Gert er ráð fyrir að svæðið verði fullbyggt með 130-150 íbúðum í mismunandi húsagerðum á um 9 ha lands. Gera má ráð fyrir að íbúafjöldi verði um 300-370.

Í deiliskipulagi fyrir hverfið verða sett nánari ákvæði um yfirbragð byggðar, svo sem hæðir húsa, húsagerðir og niðurröðun bygginga. Í skipulagi svæðisins verður leitast við að hafa byggð fjölbreytta og í sem mestri sátt við landslag, vistkerfi og minjar á svæðinu.

Þar sem skipulagssvæðið er að hluta til á hrauni skal leitast við að leyfa klöppum og sérstæðum hraunmyndunum að halda sér innan lóða.

Gert er ráð fyrir stígakerfi með göngu- og hjólreiðastígum um byggðina og einnig stígakerfi sem tengir byggðina við nærliggjandi hverfi, náttúru og útivistarsvæði.



Íbúðarsvæði austan og sunnan núverandi þéttbýlis (ÍB-5)

Á um 17 ha lands austan núverandi þéttbýlis er gert ráð fyrir uppbyggingu íbúðarsvæðis.

Gert er ráð fyrir að á svæðinu verði sérbýlishúsabyggð á einni (til tveimur) hæð(um) og að nýtingarhlutfall á svæðinu verði um 10-12 íbúðir á ha. Íbúðir á svæðinu gætu orðið um 150-200 og fjöldi íbúa um 400-550.

Í deiliskipulagi fyrir hverfið verða sett nánari ákvæði um yfirbragð byggðar, svo sem hæðir húsa, húsagerðir og niðurröðun bygginga. Í skipulagi svæðisins verður leitast við að hafa byggð fjölbreytta og í sem mestri sátt við landslag, vistkerfi og minjar á svæðinu.

Þar sem skipulagssvæðið er að hluta til á hrauni skal leitast við að leyfa klöppum og sérstæðum hraunmyndunum að halda sér innan lóða.

Aðkoma akandi umferðar að hverfunum verður með tengingu við Vogabraut.

Lögð er áhersla á að umferð bíla gangi greiðlega fyrir sig og valdi íbúum svæðisins ekki ónæði.

Gert er ráð fyrir stígakerfi með göngu- og hjólreiðastígum um byggðina og einnig stígakerfi sem tengir byggðina við nærliggjandi hverfi, náttúru og útivistarsvæði.

Íbúðarsvæði við höfn (ÍB-6)

Svæðið er um 3 ha og gera má ráð fyrir 20-30 íbúðum á svæðinu og 50-80 íbúum. Á svæðinu er gert ráð fyrir fjölbýlishúsum með möguleika á verslunar- og þjónustustarfsemi á jarðhæðum bygginga. Á svæðinu er m.a. gamalt fiskvinnsluhús en gert er ráð fyrir að núverandi mannvirki víki af svæðinu. Við sjávargarðinn eru heillegar rústir, u.þ.b. 150 ára gamlar veggheðslur af bænum Norðurkoti í Vogum sem vernda þarf ásamt hólnum í kring og hugsanlega endurbyggja.

Við gerð deiliskipulags skal tekið tillit til minja um atvinnu- og byggðarsögu Voga sem finna má á svæðinu.

Íbúðarsvæði á kirkjureit (ÍB-7)

Á reit sem markast af lóðum við Hafnargötu í norðri, Aragerði i vestri, Tjarnargötu í suðri og Kirkjugerði í austri er reitur sem gert er ráð fyrir nýrri íbúðarbyggð. Svæðið sem er um 0,7 ha er óbyggt en gert er ráð fyrir sérbýlishúsum og/eða fjölbýlahúsum á 1-2 hæðum á reitnum. Inn á miðju svæðinu er hraunkollur sem er um 0,4 ha og flokkast hann ekki sem íbúðarsvæði heldur opið svæði og því er óheimild að hafa íbúðarbyggð á því svæði.

Íbúðarsvæði í landi Höfða og Bergkots (ÍB-8)

Svæðið er þrjár lóðir í landi Höfða og Bergkots sem þegar eru til í fasteignaskrá hjá Þjóðskrá Íslands og eru þar skilgreindar sem íbúðarhúsaloðir við Höfðaland 1, 2 og 3. Lóðirnar liggja að Vatnsleysustrandarvegi eru hver um sig 32x34 m eða 1.088 m².

Vegna nálægðar við Vatnsleysustrandarveg (tengivegur) mun sveitarfélagið sækja um undanþágu til Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins svo heimilt sé að byggja nær veginum en 100 m.



Stefna um rekstrarleyfisskylda gististarfsemi á íbúðarsvæðum

Á öllum íbúðarsvæðum gilda þau ákvæði að þar skal fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé til þjónustu við íbúa viðkomandi hverfis og muni ekki valda óþægindum vegna mengunar eða umferðar, svo sem verslunum, þjónustustarfsemi, leiksvæðum og hreinlegum iðnaði. Gæta skal sérstaklega að búsetuhagsmunum íbúa varðandi nágreanni við slíka starfsemi. Bensínafgreiðslur eru ekki heimilar í íbúðarhverfum. Rekstrarleyfisskyld skammtímaleiga er heimil á íbúðarsvæðum að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum.

- Á þessi heimild eingöngu við um minni gistiheimili og íbúðir skv. ákvæðum 9. og 12. gr. reglugerðar um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 1277/2016 m.s.br.
- Gististarfsemin má ekki hafa neikvæð áhrif á nánasta umhverfi í för með sér t.d. í formi ónæðis eða hávaða.
- Ekki er heimilt að vera með rekstraleyfisskylda gististarfsemi í fjölbýlishúsunum nema að sami aðili sé eigandi að öllum íbúðunum eða fyrir liggur samþykki allra eigenda hússins.
- Gististarfsemin má ekki valda skorti á bílastæðum í hverfinu og því þurfa bílastæði innan lóðar vera í samræmi við fjölda fjölda gesta. Við útleigu íbúða þarf að gera ráð fyrir einu bílastæði fyrir hverja íbúð og fyrir minni gistiheimili er miðað við að það sé a.m.k. 1 bílastæði fyrir hver 4 gistirými (0,25 bílastæði fyrir hvert gistirými).
- Umsókn um rekstrarleyfisskylda gististarfsemi skal leggja fyrir skipulagsnefnd sem metur hvort hún samræmist ofangreindum skilyrðum. Einnig metur skipulagsnefnd hvort gera þurfi breytingu á deiliskipulagi viðkomandi svæðis eða, ef deiliskipulag liggur ekki fyrir, hvort grenndarkynna þurfi umsóknina sbr. ákvæði 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Heimagisting

Í íbúðarbyggð innan þéttbýlis er heimiluð heimagisting í allt að 5 herbergjum eða fyrir 10 gesti skv. reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald m.s.br. Er um að ræða gistingu í flokki I skv. 3. gr. og tegund f. skv. 4. gr. sömu reglugerðar og er nánar skilgreind í 13. gr. Gerð er krafa um nægilegan fjölda bílastæða á og við lóð.

Umsóknir um nýja gististaði í flokki II (tegund c) innan íbúðarbyggðar skal leggja fyrir skipulagsnefnd sem mun fjalla sérstaklega um umsóknina og skal leyfi til reksturs vera háð ákvörðun nefndarinnar. Við mat á umsókn skal skipulagsnefnd líta til þess að kröfur um bílastæði séu uppfylltar, horfa skal til staðsetningar innan íbúðarbyggðar og aðkomu. Umsóknir sem þessar skulu ávallt grenndarkynntar fyrir nágrönnum.

Breytingar frá gildandi aðalskipulagi

- Þau íbúðarsvæði sem byggst hafa upp innan þéttbýlisins frá því síðasta aðalskipulags öðlaðist gildi flytjast í flokk ÍB-1, þegar byggð íbúðarsvæði í þéttbýlinu, sem stækkar því úr 32 ha í 37 ha.
- Á íbúðarsvæði norðan við núverandi þéttbýli, vestan Vatnsleysustrandarvegar ÍB-3, var áður gert ráð fyrir 400-450 íbúðum en sú breyting er gerð að fjöldi íbúða fer í 850-900.



- Á íbúðarsvæði austan þéttbýlis í Vogum ÍB-5 var áður gert ráð fyrir blandaði húsagerð og 250-300 íbúðum en sú breyting er gerð að fjöldi íbúða lækkar í 150-200 og á svæðinu verður sérbýlishúsabyggð.
- Svæði fyrir blandaða landnotkun (íbúðarsvæði og svæði fyrir verslun og þjónustu) ofan hafnar, beggja megin Hafnargötu breytist annarsvegar í íbúðarsvæði norðan Hafnargötu og athafnasvæði og verslunar- og þjónustusvæði sunnan Hafnargötu.
- Á svokölluðum kirkjureit innan þéttbýlisins er gert ráð fyrir íbúðarbyggð á 0,7 ha og opnu svæði á 0,4 ha en áður var gert ráð fyrir þjónustustofnunum á öllu svæðinu, s.s. kirkju og/eða safnaðarheimili.
- Felld er út 10 ha svæði í landi Þórustaða og Norðurkots þar sem gert var ráð fyrir golfgröðum, þ.e. byggðarklösum með litlum sérbýlishúsum í nágrenni við golfvöllinn. Þess í stað verður svæðið skilgreint sem óbyggt svæði.
- Svæði fyrir þrjár íbúðarlóðir í landi Höfða og Bergkots verður skilgreint sem íbúðarsvæði þar sem lóðirnar eru til í fasteignaskrá hjá Þjóðskrá Íslands og eru þar skilgreindar sem íbúðarhúsaloðir við Höfðaland 1, 2 og 3.
- Bætt er við ákvæðum um rekstrarleyfisskylda gististarfsemi á íbúðarsvæðum annarsvegar og heimagistingu hinsvegar.

3.2 Frístundabyggð (F)

Svæði fyrir frístundahús, tvö eða fleiri og nærþjónustu sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhýsi. Föst búseta er óheimil í frístundabyggðum.

Almenn ákvæði:

- Að viðhalda þeim svæðum fyrir frístundabyggð sem fyrir eru í sveitarfélaginu. Heimilt er að viðhalda og bæta þann húsakost sem fyrir er á svæðunum.
- Að uppbygging nýrra húsa á frístundasvæðum verði í samræmi við þá byggð sem fyrir er. Nánari útfærslu er vísað til deiliskipulags en ekki er heimilt að byggja á svæðum fyrir frístundabyggð án þess að fyrir liggi staðfest deiliskipulag.
- Frístundahús skal ekki vera minna en 35 m² að grunnfleti, ekki er skilgreind hámarksstærð frístundahúsa þar sem stærðir lóða og aðstæður eru mismunandi á milli svæða.
- Húsagerðir og lóðaskipan frístundahúsa skulu falla vel að landslagi.
- Heimilt er að byggja stök frístundahús á bújörðum, sjá reglur um byggingu stakra íbúðarhúsa eða frístundahúsa á landbúnaðarsvæðum í kafla 2.7, landbúnaðarsvæði.
- Húsin skulu vönduð og byggingu þeirra lokið innan hóflegs tíma.

Á skipulagsuppdraetti og töflu hér að neðan eru upplýsingar um svæði fyrir frístundabyggð. Stærð svæða eru viðmiðunartölur sem unnar verða nánar í deiliskipulagi hvers svæðis.

Númer	Heiti	Stærð	Fjöldi húsa	Lýsing
F-1	Hvassahraun	19 ha	30	Frístundasvæði við Hvassahraun
F-2	Breiðagerðisvík	12 ha	Um 40	Frístundasvæði við Breiðagerðisvík



Hér að neðan eru frekari upplýsingar um þau svæði sem gert er ráð fyrir að byggist sem *frístundabyggð* á skipulagstímabilinu:

Frístundasvæði við Hvassahraun (F-1)

Við Hvassahraun, norðan Reykjanesbrautar, er frístundabyggð á um 19 ha svæði fyrir um 30 lóðir. Frístundahús eru þegar á um helmingi lóðanna. Í gildi er deiliskipulag fyrir svæðið.

Heimilt verður að hafa gististarfsemi í frístundahúsum á skipulagssvæðinu skv. flokki I (heimagisting) og flokki II (gististaður án veitinga) í samræmi við reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Tegund gististaða í flokki II (gististaðir án veitinga) sé aðeins í frístundahúsum í samræmi við h-lið 4. gr. áðurnefndrar reglugerðar. Sækja þarf um rekstarleyfi til sýslumanns vegna starfsemi í flokki II, gististaður án veitinga, í samræmi við 25. gr. áðurnefndrar reglugerðar.

Til að yfirbragð svæðisins verði eftir sem áður í anda almennrar frístundabyggðar og til að koma í veg fyrir að svæðið verði alfarið eða of mikið nýtt fyrir gististarfsemi í atvinnuskyni eru settar takmarkanir á gististarfsemi í flokki II. Sú takmörkun er sett að aðeins er gert ráð fyrir að 10 lóðir á svæðinu geti á hverjum tíma verið nýttar fyrir gististarfsemi í flokki II. Takmörkun þessi er einnig til að umferð um svæðið verði ekki of mikil og að ónæði verði þannig haldið í lágmarki.

Frístundasvæði við Breiðagerðisvík (F-2)

Við Breiðagerðisvík, norðan Vatnsleysustrandarvegar, er skilgreint svæði fyrir frístundabyggð á um 12 ha svæði. Á annan tug frístundahúsa er þegar á svæðinu en ekki er til deiliskipulag fyrir svæðið. Skilyrði fyrir frekari uppbyggingu frístundasvæðisins er að deiliskipulag verði unnið fyrir svæðið og að það öðlist gildi áður en heimild er veitt til frekari uppbyggingar.



4 Stefnumörkun – atvinnusvæði

Undir flokkinn atvinnusvæði falla eftirfarandi landnotkunarflokkar: *Miðsvæði, verslun og þjónusta, samfélagsþjónusta, athafnasvæði, iðnaðarsvæði, hafnarsvæði, landbúnaðarsvæði og efnistöku- og efnislosunarsvæði.*

4.1 *Miðsvæði (M)*

Svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótél, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis.

Almenn ákvæði:

- Að miðsvæði myndi fjölbreyttan og heilsteyptan kjarna þar sem gott framboð verði af þjónustu.
- Með því að skapa gott þjónustustig á miðsvæði er stuðlað að því að svæðið verði kjarni sveitarfélagsins sem allir íbúar eigi erindi við og greiðan aðgang að.
- Stuðlað verði að auknum atvinnutækifærum á sviði verslunar og þjónustu á miðsvæði. Með öflugum miðkjarna er rennt styrkari stoðum undir byggð í sveitarfélaginu.
- Að umhverfið verði aðlaðandi og gott aðgengi verði að og frá miðsvæðum.
- Stefnt er að uppbyggingu íbúðarbyggðar við miðsvæði sem styrkir starfsemi svæðisins.

Hér að neðan má sjá skilgreint miðsvæði innan þéttbýlisins í Vogum.



Á skipulagsupphætti og töflu hér að neðan eru upplýsingar um miðsvæði. Stærð svæða eru viðmiðunartölur sem unnar verða nánar í deiliskipulagi hvers svæðis.

Númer	Heiti	Stærð	Lýsing
M-1	Miðsvæði Voga	4,0 ha	Miðsvæði austan Stapavegar, sunnan Vogabrautar

Miðsvæði Voga (M-1)

Miðsvæði Voga afmarkast af Vogabraut í norðri, Stapavegi í vestri, lóndal að hluta í suðri og fyrirhuguðu íbúðarsvæði við miðsvæði í austri. Þá eru lóðirnar við lóndal 2 og 4 innan svæðisins. Umrætt svæði er í raun eina svæðið innan byggðar þar sem mögulegt er að byggja slíka starfsemi upp með góðu móti. Svæðið er um 4,0 ha en um helmingur þess er þegar byggður. Á syðri hluta svæðisins eru m.a. mótél, verslun og skrifstofa sveitarfélagsins.

Á nyrðri hluta miðsvæðisins er gert ráð fyrir að miðkjarni þéttbýlisins í sveitarfélaginu muni byggjast upp. Þar er m.a. gert ráð fyrir torgi, verslunum, skrifstofum, þjónustustofnunum, menningarstofnunum og stjórnsýslu og hugsanlega íbúðum á efri hæðum. Gert er ráð fyrir byggingum á allt að 2-3 hæðum.

Þar sem miðkjarni er ekki til staðar í þéttbýlinu mun uppbygging hans styrkja þéttbýlið og sveitarfélagið allt. Skapast mun kjarni sem verður miðpunktur þéttbýlisins og mynda stemmingu og líf í þéttbýlinu í Vogum.

Svo að miðkjarni eins og gert er ráð fyrir megi dafna er æskilegt að mannlíf sé í honum alla jafna. Vegna þessa er lagt til að íbúðarbyggð og miðkjarni byggist upp á sama svæði til að reyna að skapa það mannlíf á svæðinu sem æskilegt er að verði. Með því að hluti íbúðanna verði ætlaður eldri borgurum er enn frekar hægt að skapa lifandi miðkjarna þar sem eldri borgarar munu sækja mikið í þá þjónustu sem verður til staðar.

4.2 Verslun og þjónusta (VP)

Svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótélum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum.

Almenn ákvæði:


- Að viðhalda og byggja upp verslunar- og þjónustusvæði. Slík starfsemi mun að megninu til byggjast upp á miðsvæði
- Á verslunar- og þjónustusvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi.
- Stuðlað verði að nýjum atvinnutækifærum á sviði verslunar- og þjónustu.
- Þjónusta við ferðamenn verði eflað og afþreyingarmöguleikum fjölgað til að fjölga atvinnutækifærum og renna styrkari stoðum undir byggð.

Á skipulagsupphætti og töflu hér að neðan eru upplýsingar um svæði fyrir verslun og þjónustu. Stærð svæða eru viðmiðunartölur sem unnar verða nánar í deiliskipulagi hvers svæðis.



Númer	Heiti	Stærð	Lýsing
VP-1	Stapavegur / Tjarnargata	0,3 ha	Svæði við gatnamót Stapavegar og Tjarnargötu
VP-2	Hafnargata 2-4	0,2 ha	Hótelstarfsemi, verslunarrekstur o.fl.
VP-3	Kálfatjörn	hringtákn	Hótel og golfskáli við Kálfatjörn

Hér að neðan má sjá skilgreind verslunar- og þjónustusvæði innan þéttbýlisins í Vogum.



Hér að neðan eru frekari upplýsingar um þau verslunar- og þjónustusvæði sem gert er ráð fyrir að byggist á skipulagstímabilinu:

Verslun við gatnamót Stapavegar og Tjarnargötu (VP-1)

Veitingastaður er rekin á svæðinu en gert er ráð fyrir að á svæðinu verði áfram starfsemi á sviðið verslunar og þjónustu.

Hafnargata 2-4 (VP-2)

Gert er ráð fyrir uppbyggingu verslunar- og þjónustustarfsemi á lóðum við Hafnargötu 2-4, s.s. hótelstarfsemi og verslunarrekstur.



Hótel og golfskáli við Kálfatjörn (VP-3)

Gert er ráð fyrir uppbyggingu hótels á svæðinu með þeim möguleika að það þjóni einnig sem golfskáli fyrir Golfklúbb Vatnsleysustrandar, sem er með aðstöðu sína við Kálfatjörn.

Breytingar frá gildandi aðalskipulagi

- Svæði fyrir blandaða landnotkun (íbúðarsvæði og svæði fyrir verslun og þjónustu) ofan hafnar, beggja megin Hafnargötu breytist annarsvegar í íbúðarsvæði norðan Hafnargötu og athafnasvæði og svæði fyrir verslun- og þjónustu sunnan Hafnargötu.

4.3 Samfélagsþjónusta (S)

Svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

Almenn ákvæði:


- Í þéttbýlinu í Vogum verði opinber þjónusta efld fyrir íbúa sveitarfélagsins, m.a. á sviði skólamála, öldrunarmála, félags- og menningarmála, heilbrigðismála og stjórnsýslu.
- Lögð verði áhersla á kraftmikið íþrótt- og tómstundastarf með góðri aðstöðu.
- Stefnt er að öflugu menningarlífi með góðri aðstöðu. Menningarlíf sveitarfélagsins tengist m.a. sögu og sérstöðu svæðisins og þjónustu við íslenska og erlenda gesti.

Á skipulagsuppdraetti og töflu hér að neðan eru upplýsingar um svæði fyrir samfélagsþjónustu. Stærð svæða eru viðmiðunartölur sem unnar verða nánar í deiliskipulagi hvers svæðis.

Númer	Heiti	Stærð	Lýsing
S-1	Stóru-Vogaskóli	1,5 ha	Stóru-Vogaskóli við Tjarnargötu
S-2	Leikskóli	0,5 ha	Leikskóli við Suðurgötu
S-3	Grænaborg	2,6 ha	Skóla- og leikskólasvæði norðan núverandi þéttbýlis
S-4	Austan lëndals	2,2 ha	Svæði fyrir leikskóla og aðra þjónustustarfsemi austan lëndals
S-5	Kálfatjarnarkirkja	Hringtákn	Kálfatjarnarkirkja

Hér að neðan má sjá svæði sem eru skilgreind undir samfélagsþjónusta innan þéttbýlisins í Vogum.





Hér að neðan eru frekari upplýsingar um þau svæði sem gert er ráð fyrir að byggist sem samfélagsþjónusta á skipulagstímabilinu:

Stóru-Vogaskóli (S-1)

Við Tjarnargötu starfrækir sveitarfélagið grunnskólann Stóru-Vogaskóla. Um 165 nemendur eru í skólanum og um 50 starfsmenn. Á skipulagstímabilinu er stefnt að því að byggja síðasta áfanga skólans, alls 8 skólastofur. Ekið er með nemendur sem búsettir eru í dreifbýli á Vatnsleysuströnd í skólann. Svæðið er um 1,5 ha.

Leikskóli við Suðurgötu (S-2)

Við Suðurgötu starfrækir sveitarfélagið heilsuleikskólann Suðurvelli. Þar eru þrjár deildir sem í eru um 60 börn á aldrinum eins til sex ára og um 20 starfsmenn. Alls eru börn á leikskólaaldri um 68 í sveitarfélaginu. Gert er ráð fyrir þeim möguleika að byggt verði við leikskólann.

Skóla- og leikskólasvæði norðan núverandi þéttbýlis (S-3)

Gert er ráð fyrir uppbyggingu grunnskóla og leikskóla í tengslum við uppbyggingu íbúðarsvæðis við Grænuborg, norðan núverandi þéttbýlis í Vogum. Um er að ræða svæði sem er um 2,6 ha.

Svæði fyrir leikskóla og aðra þjónustustarfsemi austan lëndals (S-4)

Gert er ráð fyrir byggingu leikskóla í tengslum við uppbyggingu íbúðarsvæðis austan núverandi þéttbýlis í Vogum.



Kálfatjarnarkirkja (S-5)

Við Kálfatjörn á Vatnsleysuströnd er Kálfatjarnarkirkja. Kirkjan var reist árið 1893. Kirkjan er sannkölluð völundarsmíði og ein stærsta sveitakirkja á landinu. Nýtt þjónustuhús við kirkjuna var vígt í apríl 2001.

Minjafélagið er einnig staðsett við Kálfatjörn og er þar með svæði til umráða. Á svæðið hefur þegar verið flutt eitt gamalt hús til varðveislu, Norðurkot. Fyrir á svæðinu er hlaðan Skjaldbreið. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu á vegum Minjafélagsins á svæðinu og verður minjareitur félagsins staðsettur norðan Kálfatjarnarkirkju.

Breytingar frá gildandi aðalskipulagi

- Um 0,6 ha svæði við miðsvæði norðan Skyggnis var skilgreint sem blönduð landnotkun fyrir íbúðarsvæði og samfélagsþjónustu en breytist í eingöngu íbúðarsvæði.
- Stærð svæðis fyrir samfélagsþjónustu umhverfis Stóru-Vogaskóla stækkar til austurs og stækkar svæðið úr 1,2 ha í 1,5 ha.
- Stærð svæðis fyrir samfélagsþjónustu umhverfis leikskólann Suðurvalla stækkar til norðurs og stækkar svæðið úr 0,4 ha í 0,5 ha.
- Á svokölluð kirkjureit innan þéttbýlisins er gert ráð fyrir íbúðarbyggð en áður var gert ráð fyrir þjónustustofnunum á svæðinu, s.s. kirkju og/eða safnaðarheimili.

4.4 Athafnasvæði (AT)

Svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hættu er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaíðnaður.

Atvinnustarfsemi sem hefur minnst neikvæð áhrif á umhverfið samsvarar því sem hér er skilgreint sem athafnasvæði.

Almenn ákvæði:

- Að stuðla að uppbyggingu athafnasvæða til að renna styrkari stoðum undir byggð í sveitarfélaginu.
- Að skilgreina afmörkuð athafnasvæði í nægilegu umfangi til að svara eftirspurn miðað við forsendur hverju sinni.
- Mikilvægt er að ráðstafa athafnasvæðum markvisst m.t.t. eðlis þeirrar starfsemi sem þar á að fara fram. Þá er brýnt að í deiliskipulagi séu settar kvaðir sem tryggja ásættanlega ásynd svæðanna, ekki síst þar sem athafnasvæðin eru í nánd við byggð og þjóðvegi og hafa því afgerandi áhrif á útlit hennar og ímynd í augum vegfarenda.
- Á nýjum athafnasvæðum verði þess gætt að spilla hvorki lífríki né grunnvatni.
- Mælst er til þess að rekstraraðilar marki sér vinnureglur um söfnun og afhendingu úrgangsefna sem falla til í rekstri svo nýta megi þau til endurvinnslu.



- Á athafnasvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun.
- Ekki eru heimilar íbúðir á athafnasvæðum. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdum starfsemi fyrirtækja, svo sem húsvarðaríbúðum og starfsmannabústaði í samræmi við 25. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 m.s.br.

Á skipulagsupppdrætti og töflu hér að neðan eru upplýsingar um athafnasvæði. Stærð svæða eru viðmiðunartölur sem unnar verða nánar í deiliskipulagi hvers svæðis.

Númer	Heiti	Stærð	Lýsing
AT-1	löndalur	1,5 ha	Svæði við löndal
AT-2	Sunnan Hafnargötu	1,8 ha	Svæði ofan hafnar sunnan Hafnargötu
AT-3	Svæði við Vogavík	13 ha	Svæði fyrir fiskeldi sunnan þéttbýlis
AT-4	Vatnsleysa	5,2 ha	Svæði fyrir fiskeldi við Vatnsleysu
AT-5	Vogabraut / Reykjanesbraut	16 ha	Svæði norðan gatnamóta Vogabrautar og Reykjanesbrautar
AT-6	Vatnsleysustrandarvegur / Reykjanesbraut	25 ha	Svæði norðan Reykjanesbrautar, við gatnamót Vatnsleysustrandarvegur

Svæði A-5 og A-6 eru sett inn á aðalskipulag þar sem þessum svæðum hefur verið sýndur áhugi fyrir athafnasvæði og vill sveitarfélagið með þessu reyna að koma á móts við þessa eftirspurn. Svæðunum verður ekki áfangaskipt þar sem uppbygging þeirra er mögulega vegna ólíkra þarfa, annarsvegar við þéttbýlið og Vogum og hinsvegar á dreifbýlu svæði.

Hér að neðan má sjá skilgreind athafnarsvæði innan þéttbýlisins í Vogum.





Hér að neðan eru frekari upplýsingar um þau svæði sem gert er ráð fyrir að byggist sem athafnasvæði á skipulagstímabilinu:

Svæði við löndal (AT-1)

Gert er ráð fyrir íbúðarsvæði norðan og austan svæðisins og því hentar illa að þróa athafnarsvæði við löndal í miklu mæli umfram það sem þegar er á svæðinu. Hugsanlegt er að athafnastarfsemi víki af svæðinu þegar til lengri tíma er litið. Stærð svæðisins er um 1,5 ha og er það svo til fullbyggt, skv. gildandi deiliskipulagi fyrir svæðið.

Svæði við höfn sunnan Hafnargötu (AT-2)

Svæðið er um 1,8 ha og á svæðinu er m.a. fiskvinnsluhús, vélsmiðjur og gámasvæði fyrir þéttbýlið. Gert er ráð fyrir að svæðið þróist áfram sem athafnasvæði en í gildi er deiliskipulag fyrir svæðið.

Svæði fyrir fiskeldi sunnan þéttbýlis (AT-3)

Fiskeldisstöð er með starfsemi sína á um 13 ha svæði við Vogavík sunnan þéttbýlis í Vogum. Ekki er fyrir séð breyting á þeirri starfsemi.

Svæði fyrir fiskeldi við Vatnsleysu (AT-4)

Fiskeldisstöð er með starfsemi sína á um 5,2 ha svæði við Vatnsleysu í Vatnsleysuvík. Ekki er fyrir séð breyting á þeirri starfsemi.



Svæði norðan gatnamóta Vogabrautar og Reykjanesbrautar (AT-5)

Svæðið er 16 ha að stærð og gert er ráð fyrir að þar byggist upp starfsemi sem hentar vel í nánd við mislæg gatnamót Reykjanesbrautar og Vogabrautar. Slík starfsemi gæti m.a. verið bílaumboð, heildverslanir eða vörugeymslur.

Svæði norðan Reykjanesbrautar, við gatnamót Vatnsleysustrandarveggar (AT-6)

Svæðið er 25 ha að stærð og gert er ráð fyrir að þar byggist upp starfsemi sem hentar vel í nánd við mislæg gatnamót Reykjanesbrautar og Vatnsleysustrandarveggar. Slík starfsemi gæti m.a. verið bílaumboð, heildverslanir eða vörugeymslur.

Breytingar frá gildandi aðalskipulagi

- Svæði ofan hafnar sunnan Hafnargötu var áður skilgreint fyrir blandaða landnotkun (íbúðarsvæði og svæði fyrir verslun og þjónustu) en breytist í athafnasvæði auk þess sem hluti svæðisins er skilgreindur sem verslunar- og þjónustusvæði.

4.5 Iðnaðarsvæði (I)

Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsaflsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.

Almenn ákvæði:


- Að stuðla að uppbyggingu iðnaðarsvæða til að renna styrkari stoðum undir byggð í sveitarfélaginu.
- Að skilgreina afmörkuð iðnaðarsvæði í nægilegu umfangi til að svara eftirspurn miðað við forsendur hverju sinni.
- Mikilvægt er að ráðstafa iðnaðarsvæðum markvisst m.t.t. eðlis þeirrar starfsemi sem þar á að fara fram. Þá er brýnt að í deiliskipulagi séu settar kvaðir sem tryggja ásættanlega ásynd svæðanna, ekki síst þar sem iðnaðarsvæðin eru í nánd við byggð og þjóðvegi og hafa því afgerandi áhrif á útlit hennar og ímynd í augum vegfarenda.
- Á nýjum iðnaðarsvæðum verði þess gætt að spilla hvorki lífríki né grunnvatni.
- Mælst er til þess að rekstraraðilar marki sér vinnureglur um söfnun og afhendingu úrgangsefna sem falla til í rekstri svo nýta megi þau til endurvinnslu.
- Gerð er krafa um góða umgengni almennt á iðnaðarsvæðum.
- Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum.

Á skipulagsupprætti og töflu hér að neðan eru upplýsingar um iðnaðarsvæði. Stærð svæða eru viðmiðunartölur sem unnar verða nánar í deiliskipulagi hvers svæðis.



Númer	Heiti	Stærð	Lýsing
I-1	Heiðarholt / Hraunholt	15 ha	Iðnaðarsvæði norðan Vogabrautar
I-2	Dælu- og hreinsistöðvar fráveitu	Hringtákn	Fyrirhugaðar Dælu- og hreinsistöðvar fráveitu norðan hafnar og neðan Grænuborgar í þéttbýlinu
I-3	Húsnæði eggjabús	Hringtákn	Þrjú svæði norðan þéttbýlis fyrir starfsemi eggjabús
I-4	Trölladyngja	Hringtákn	Rannsóknarborsvæði við Trölladyngju, tvær rannsóknarborholur
I-5	Minni-Vatnsleysa	Hringtákn	Svínabú og nánasta umhverfi

Hér að neðan má sjá skilgreint iðnaðarsvæði innan þéttbýlisins í Vogum.



Hér að neðan eru frekari upplýsingar um þau svæði sem gert er ráð fyrir að byggist sem iðnaðarsvæði á skipulagstímabilinu:

Iðnaðarsvæði norðan Vogarbrautar (I-1)

Svæðið hefur verið deildskipulagt fyrir iðnaðarstarfsemi, en skv. því skipulagi eru þar 19 lóðir. Eitt fyrirtæki er þegar með starfsemi á svæðinu en það er vélsmiðja. Nokkrum lóðum til viðbótar hefur verið úthlutað á svæðinu og er nokkur eftirspurn eftir iðnaðarlóðum. Gert er ráð fyrir gámasvæði sveitarfélagsins innan iðnaðarsvæðis.



Ekki er gert ráð fyrir þróun iðnaðarsvæða í þéttbýlinu í Vogum nema á áðurnefndu afmörkuðu svæði norðan Vogabrautar.

Dælustöðvar fráveitu (I-2)

Gert er ráð fyrir tveimur dælu- og hreinsistöðvum fráveitu, annarsvegar við hafnarsvæði norðan Hafnargötu og hinsvegar norðan Búðartjarnar neðan Grænuborgarhverfis. Út frá dælu- og hreinsistöðvunum verður útrás fráveitu núverandi byggð þéttbýlinu í Vogum ásamt fyrirhugaðri stækkun þess til norðurs frá núverandi byggð (sjá nánar í kafla 7.3, fráveita). Vegna mælikvarða eru svæðin merkt með hringtákn.

Húsnæði eggjabús (I-3)

Eggjaframleiðandi er með starfsemi í þremur byggingum norðan Voga. Iðnaðarsvæðin ná aðeins til umræddra bygginga og lóða sem umhverfis þær eru. Vegna mælikvarða eru svæðin merkt með hringtákn. Ef fyrirhuguð er breyting á starfsemi er heimilt að hafa iðnaðarstarfsemi áfram í byggingunum að gefnu samþykki bæjaryfirvalda. Vegna nálægðar við íbúðarbyggð er ekki æskilegt að mengandi iðnaðarstarfsemi verði stafrækt á umræddum svæðum. Öll starfsemi skal vera í samræmi við viðeigandi lög og reglugerðir. Í gildi er deiliskipulagi fyrir meginstarfsemi eggjabúsins sem er í mörgum byggingum.

Rannsóknarborsvæði við Trölladyngju (I-4)

Trölladyngjusvæðið er hluti af Krísuvíkursvæðinu sem er rannsóknarsvæði vegna mögulegrar nýtingu jarðhita. Þegar hafa verið boraðar tvær rannsóknarholur á svæðinu, önnur er staðsett austan Oddafells og hin sunnan við Sog. Þá er gömul tilraunaborhola í nánd við Eldborg, við Jónsbrennur. Svæðið er í biðflokki skv. gildandi rammaáætlun.

Fyrirhugað er að bora tvær rannsóknarholur til viðbótar á svæðinu, aðra á núverandi borsvæði austan Oddafells en hin verður staðsett við gömlu tilraunaborholuna við Jónsbrennur, sunnan Eldborgar. Markmið með borun tilraunahola er að fá frekari upplýsingar um nýtingarmöguleika jarðhita á svæðinu. Ef niðurstöður þessara borana verða jákvæðar, ásamt borunum á svæðum í grenndinni (innan sveitarfélagsmarka Grindavíkur og Hafnarfjarðar), verður væntanlega hægt að skipuleggja mögulega jarðhitanýtingu Trölladyngjusvæðisins. Að svo stöddu er ekki gert ráð fyrir öðru en þremur svæðum fyrir rannsóknarholur innan Sveitarfélagsins Voga. Afstaða verður tekin til vinnsluhola ef niðurstöður rannsókna kalla á frekari framkvæmdir.

Svæðið flokkast sem fjarsvæði vatnsverndar (V3), sem takmarkar vörslu og notkun neysluvatnsspillandi efna umfram það sem nauðsynlegt er vegna leyfðrar starfsemi. Tryggja skal að öll efni sem hugsanlega geta valdið mengun grunnvatns verði meðhöndluð með sérstakri varúð.

Svínabú á Minni-Vatnsleysu (I-5)

Á Minni-Vatnsleysu er rekið eitt stærsta svínabú landsins á skilgreindu iðnaðarsvæði sem skilgreint er umhverfis svínabúið. Vegna mælikvarða er svæðið merkt með hringtákn.



Breytingar frá gildandi aðalskipulagi

- Um 100 ha iðnaðarsvæði fyrir stóriðju ofan Flekkuvíkur er felld út og svæðið skilgreint sem óbyggð svæði.

4.6 Hafnir (H)

Svæði fyrir hafnir og hafnarmannvirki þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga, til móttöku og brottfarar farþega og smábátahafnir.

Almenn ákvæði:

- Að viðhalda þeirri höfn í þéttbýlinu í Vogum sem fyrir er.
- Að efla þjónustu við trillur og skemmtibáta við núverandi höfn.

Á skipulagsupprætti og töflu hér að neðan eru upplýsingar um hafnir. Stærð svæða eru viðmiðunartölur sem unnar verða nánar í deiliskipulagi hvers svæðis.

Númer	Heiti	Stærð	Lýsing
H-1	Vogar	1,5 ha	Vogahöfn

Hér að neðan má sjá skilgreint hafnarsvæði innan þéttbýlisins í Vogum.



Vogahöfn (H-1)

Fyrsta bryggjan í sveitarfélaginu var byggð í Vogum árið 1930 og varð bygging hennar til þess að þorp tók að myndast í Vogum en ekki í Brunnastaðahverfi, sem fram að því var þéttbýlasta svæði hreppsins. Leifar þessarar bryggju sjást í suðurjaðri núverandi hafnarsvæðis. Núverandi Vogahöfn er skilgreind sem smábátahöfn og uppistaðan í tekjum hennar eru leigutekjur af viðleguplássum smábáta við flotbryggjur. Steyptur viðlegukantur er fyrir stærri báta og flotbryggjur fyrir smærri báta. Höfnin er rekin af sveitarfélaginu.

Breytingar frá gildandi aðalskipulagi

- Ekki er lengur gert ráð fyrir stórskipahöf við Flekkuvík og svæðið skilgreint sem óbyggð svæði.

4.7 Landbúnaðarsvæði (L)

Svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfænað, matvæla- og fóðurframleiðslu.

Landbúnaðarsvæði ná yfir allt land jarða eða lögbýla, sbr. ákvæði jarðalaga og ábúðarlaga um land sem nýtt er til landbúnaðar. Á landbúnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri á jörðinni.

Almenn ákvæði:

- Gert er ráð fyrir að landbúnaður verði áfram stundaður á bújörðum, og að á þeim geti þróast þær atvinnugreinar sem falla undir skilgreiningu sem landbúnaður.
- Nýting landbúnaðarsvæða sem merkt eru sem náttúruminjasvæði, hverfisverndar- eða vatnsverndarsvæði eru háð vissum takmörkunum.
- Á bújörðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri á viðkomandi jörð, þó skal leyfilegt að byggja stök íbúðarhús eða frístundahús á jörðinni þar sem aðstæður leyfa. Æskilegt er að slík hús séu sem mest byggð upp í tengslum við bæjarhlöð jarða og nýti sömu afleggjara af þjóðvegi. Ný íbúðarhús skulu vera í samræmi við þá byggð sem fyrir er. Á hverri núverandi bújörð má að hámarki byggja þrjú stök íbúðarhús.
- Ekki er heimilt að stofna frístundabyggð á landbúnaðarsvæðum.
- Innan beitarhólfs er ekki heimil nein uppbygging né starfsemi fyrir utan beit fyrir sauðfé og hross.
- Á landbúnaðarsvæðum er heimilt að nýta byggingar sem fyrir eru á jörðinni og reisa nýbyggingar fyrir atvinnustarfsemi, sem fellur vel að búrekstri og nýtingu viðkomandi jarðar og ekki hefur neikvæð áhrif á umhverfi sitt, án þess að gera þurfi grein fyrir þeirri landnotkun á aðalskipulagsupprætti. Fyrst og fremst er átt við atvinnugreinar sem eru eðlileg viðbót við búreksturinn og stoðgreinar við landbúnað sem falla vel að og eru eðlileg viðbót við hefðbundna starfsemi á landbúnaðarsvæðum.
- Markmiðið er m.a. að gefa kost á nýtingu þess húsakosts sem fyrir er á viðkomandi bæjum með minniháttar viðbótum og breytingum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi, auðvelda bændum að skjóta fleiri stoðum undir búreksturinn og tryggja áframhaldandi nýtingu jarðanna.



- Við skiptingu bújarða breytist landnýting ekki.
- Stefnt er að flokkun landbúnaðalands þegar leiðbeiningar stjórnvalda um slíka flokkun liggja fyrir í samræmi við aðgerð 2.3.2 í landsskipulagsstefnu.

Á skipulagsupprætti og töflu hér að neðan eru upplýsingar um landbúnaðarsvæði. Stærð svæða eru viðmiðunartölur sem unnar verða nánar í deiliskipulagi hvers svæðis.

Númer	Heiti	Stærð	Lýsing
L-1	Vatnsleysuströnd	150 ha	Bújarðir á Vatnsleysuströnd
L-2	Norðan þéttbýlis	320 ha	Beitarhólf norðan þéttbýlis í Vogum

Hér að neðan eru frekari upplýsingar um landbúnaðar í sveitarfélaginu:

Bújarðir á Vatnsleysuströnd (L-1)

Á Vatnsleysuströnd eru nokkrar bújarðir en búskapur á þeim er fremur takmarkaður. Á einhverjum jörðum er lítilsháttar sauðfjárbúskapur.

Beitarhólf norðan þéttbýlis í Vogum (L-2)

Á um 320 ha svæði milli Reykjanesbrautar og Vatnsleysustrandarvegur, rétt norðan þéttbýlis í Vogum, er skilgreint landbúnaðarsvæði. Um er að ræða beitarhólf fyrir sauðfé og hross.

Íbúðar- eða frístundahús á bújörðum

- Unnt er að heimila þrjár byggingarlóðir samtals fyrir íbúðarhús eða frístundahús á hverri bújörð án deiliskipulags. Þar með eru taldar lóðir sem þegar hafa verið samþykktar.
- Ef jörð er skipt fylgja ekki þessar heimildir nema jarðarhlutar séu að lágmarki 30 ha.
- Þess skal gætt að bygging íbúðarhúsa eða frístundahúsa á bújörðum eigi sér almennt ekki stað á góðu landbúnaðarlandi né heldur landi sem hefur sérstakt varðveislu- eða náttúruverndargildi.
- Ný íbúðarhús á landbúnaðarsvæðum skulu, eftir því sem við verður komið, nýta sömu heimreið, vera í ákveðnum tengslum og samhengi við aðra byggð á jörðinni og fylgja eftir því sem kostur er byggðarmynstri viðkomandi svæðis. Markmiðið er að takmarka fjölda nýrra tenginga við þjóðveg, að þjónusta við ný hús tengist þeirri þjónustu sem þegar er veitt og að nýjum húsum verði komið fyrir í samræmi við byggingarhefðir og yfirbragð sveitarinnar.
- Með umsókn þegar sótt er um að byggja íbúðarhús á bújörðum skal a.m.k. fylgja afstöðumynd sem sýni hnitsetta staðsetningu lóðar, staðsetningu byggingarreits og fjarlægð hans frá landamerkjum næstu jarðar og fjarlægð frá húsum bújarða, vötnum, ám eða sjó og stofn- eða tengivegum ef vafi leikur á að byggingarreiturinn uppfylli gildandi fjarlægðarreglur. Þá skal einnig sýna aðkomuleið og tengingu við neysluvatn, rafmagn og rotþró svo og upplýsingar um hæðafjölda, þakgerð og hámarkshæð bygginga. Umsókn um byggingu íbúðarhúss skal grenndarkynnt.



- Frístundahús skal ekki vera minna en 35 m² að grunnfleti. Húsin skulu vönduð og byggingu þeirra lokið innan hóflegs tíma.
- Lóðir fyrir frístundahús skulu yfirleitt ekki vera minni en 2.500 m², að jafnaði verði þær þó í kringum 5.000 m², en geta verið stærri þar sem aðstæður leyfa.
- Sveitarstjórn áskilur sér rétt til að synja um byggingarleyfi ef hún telur einhverjar ástæður mæla sterklega gegn byggingu á viðkomandi stað.

Breytingar frá gildandi aðalskipulagi

- Fellt er burt ákvæði um að ekki sé heimilt að byggja stök íbúðarhús á bújörðum án deiliskipulags og þess í stað skal umsókn um byggingu íbúðarhúss grenndarkynnt.

4.8 Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)

Svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómenguð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 er öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netalaga háð framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitarstjórnar, þ.e. sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Voga. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt skal liggja fyrir áætlun um væntanlega efnistöku þar sem m.a. er gerð grein fyrir magni og gerð efnis, flatarmál efnistökusvæða, vinnslutíma og frágangi efnistökusvæðis að lokinni vinnslu. Rekstraraðili efnisnáms skal hafa starfsleyfi, útgefið af Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Ekkert efnislosunarsvæði er í sveitarfélaginu en samningur er við Reykjanesbæ um afnot af efnislosunarsvæði á Stapanum.

Almenn ákvæði:

- Öll efnistaka er tilkynningarskyld, skipulagsskyld, háð ákvæðum skipulagslaga nr. 123/2010, skipulagsreglugerð nr. 90/2013 og reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.
- Eiganda eða umráðamanni eignarlands er þó heimil minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaganna.
- Samkvæmt 7. grein reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 skal það gefið út á grundvelli deiliskipulags. Heimilt er þó að veita framkvæmdaleyfi á grundvelli aðalskipulags ef þar er gerð grein fyrir framkvæmdinni og fjallað um umfang, frágang, áhrif náunnar á umhverfið og annað það sem við á.
- Áður en framkvæmdaleyfi er veitt skal hnitsetja svæði sem framkvæmdaleyfi nær yfir og skal framkvæmdaaðili greiða kostnað við eftirlit með framkvæmdum.
- Verði sótt um framkvæmdaleyfi þarf vinnslu- og frágangsáætlun að fylgja umsókninni.



- Við hvers konar röskun á gróðri verði þess vandilega gætt að ekki skapist hætta á rofi og framkvæmdaaðili verður skyldaður til að græða upp a.m.k. jafnstórt svæði og þau sem röskuð verða. Ennfremur þarf að græða upp efnistökusvæðið eftir að efnistöku er lokið.
- Sækja þarf um starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna til Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, sbr. reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem kann að hafa í för með sér mengun m.s.br.

Á skipulagsupprætti og töflu hér að neðan eru upplýsingar um efnistökusvæði.

Númer	Heiti	Stærð	Lýsing
E-1	Afstapahraun	20 ha	Efnistökusvæði í jaðri Afstapahrauns

Afstapahraun (E-1)

Stórt efnistökusvæði hefur verið til marga ára í jaðri Afstapahrauns og gerir skipulagið ráð fyrir að efnistaka verði þar áfram. Stærð svæðisins er um 20 ha en ekki er gert ráð fyrir að svæðið stækki umfram það svæði sem þegar er raskað. Frekari efnistaka verður innan raskaðs svæðis. Umrætt efnistökusvæði er óbreytt frá gildandi skipulagi og hefur Skipulagsstofnun úrskurðað að efnistakan hafi ekki veruleg umhverfisáhrif og fallist á efnistöku að uppfylltum skilyrðum Umhverfisstofnunar.



5 Stefnumörkun - græn svæði

Undir flokkinn græn svæði falla eftirfarandi landnotkunarflokkar: Afþreyingar- og ferðamannasvæði, íþróttasvæði, kirkjugarðar og grafreitir, skógræktar- og landgræðslusvæði, opin svæði, óbyggð svæði.

5.1 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)

Svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar.

Eitt svæði innan sveitarfélagsins flokkast sem afþreyingar- og ferðamannasvæði og er það tjaldsvæði í þéttbýlinu í Vogum.

Almenn ákvæði:

- Unnið verði að stefnumörkun varðandi ferðaþjónustu vegna mikillar fjölgunar ferðamanna undanfarin ár og uppbyggingar í ferðaþjónustu.

Á skipulagsupprætti og töflu hér að neðan eru upplýsingar um svæði fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði. Stærð svæða eru viðmiðunartölur sem unnar verða nánar í deiliskipulagi hvers svæðis, þegar það á við.

Númer	Heiti	Stærð	Lýsing
AF-1	Tjaldsvæði	3,0 ha	Núverandi tjaldsvæði við Hafnargötu

Hér að neðan má sjá skilgreint afþreyingar- og ferðamannasvæði innan þéttbýlisins í Vogum.



Tjaldsvæði við Hafnargötu (AF-1)

Tjaldsvæði sveitarfélagsins er staðsett austan við ípróttahús og sundlaug norðan Hafnargötu. Gert er ráð fyrir að tjaldsvæðið byggist frekar upp með aðstöðuhúsi, smáhýsum og leiksvæðum í samræmi við gildandi deiliskipulag fyrir svæðið.

Breytingar frá gildandi aðalskipulagi

- Tjaldsvæði við Hafnargötu sem flokkaðist áður sem *opin svæði til sérstakra nota* verður skilgreint sem *afþreyingar- og ferðamannasvæði* (nýr landnotkunarflokkur) þar sem starfsemin fellur undir þann landnotkunarflokk.

5.2 Ípróttasvæði (ÍÞ)

Ípróttasvæði er svæði fyrir landfreka ípróttaaðstöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursípróttasvæði, skotæfingasvæði, golfvelli og stærri ípróttamiðstöðvar. Þar má reisa byggingar tengdar starfseminni, svo sem félagsaðstöðu o.fl., en íbúðir eru ekki heimilar.

Fjögur svæði innan sveitarfélagsins flokkast sem ípróttasvæði; ípróttasvæðið við Hafnargötu, golfvöllur við Kálfatjörn og hestaípróttasvæði norðan og sunnan þéttbýlisins í Vogum.

Almenn ákvæði:


- Sveitarfélagið Vogar vill tryggja bæjarbúum fjölbreytta aðstöðu til ípróttar- og tómstundastarfs.
- Stefnt er að því að lokið verði við frágang á ípróttasvæðum í sveitarfélaginu á skipulagstímabilinu. Úfærsla einstakra svæða skal unnin í deiliskipulagi.
- Ípróttasvæðið við Hafnargötu verði byggt frekar upp í samræmi við gildandi deiliskipulag.
- Hestaípróttasvæði norðan Voga verði byggt upp og hestaípróttasvæði og hesthúsabyggð þróað þar.
- Golfvöllurinn við Kálfatjörn verði þróaður og m.a. stækkaður úr 9 í 18 holur.

Á skipulagsuppdrátti og töflu hér að neðan eru upplýsingar um svæði fyrir ípróttasvæði. Stærð svæða eru viðmiðunartölur sem unnar verða nánar í deiliskipulagi hvers svæðis.

Númer	Heiti	Stærð	Lýsing
ÍÞ-1	Ípróttasvæði við Hafnargötu	5,0 ha	Núverandi ípróttasvæði, ípróttahús og sundlaug við Hafnargötu
ÍÞ-2	Hesthúsabyggð sunnan Voga	4,0 ha	Núverandi hesthúsabyggð sunnan Voga
ÍÞ-3	Svæði hestamanna norðan Voga	9,0 ha	Fyrirhugað ípróttasvæði hestamanna og hesthúsabyggð norðan Voga
ÍÞ-4	Golfvöllur við Kálfatjörn	80,0 ha	Núverandi golfvöllur við Kálfatjörn, möguleg stækkun



Hér að neðan má sjá skilgreind íþróttasvæði innan þéttbýlisins í Vogum.



Hér að neðan eru frekari upplýsingar um þau svæði sem gert er ráð fyrir að byggist sem íþróttasvæði á skipulagstímabilinu:

Íþróttasvæði við Hafnargötu (ÍÞ-1)

Íþróttasvæði sveitarfélagsins ásamt íþróttahúsi og sundlaug er staðsett norðan Hafnargötu. Gert er ráð fyrir að íþróttasvæði sveitarfélagsins komi til með að byggjast upp á þessu svæði. Nægt landrými hefur verið skilgreint sem íþróttasvæði svo að þarna megi byggja upp það íþróttasvæði sem sveitarfélagið þarf til næstu 20 ára. Svæðið er vel miðsvæðis þegar horft er til þess hvernig þéttbýlið í Vogum byggist upp til framtíðar. Uppbygging er heimil skv. gildandi deiliskipulagi.

Ef til þess kemur eftir skipulagstímabilið að þörf sé á að stækka íþróttasvæðið umfram það 5 ha svæði sem svæðið er skilgreint í dag er mögulegt að stækka íþróttasvæðið til austurs inn á það svæði sem skilgreint er sem tjaldsvæði (afþreyingar- og ferðamannasvæði) í aðalskipulagi. Ef til þess kemur er gert ráð fyrir að tjaldsvæði sveitarfélagsins verði fundinn nýr staður.

Hesthúsabyggð sunnan Voga (ÍÞ-2)

Núverandi hesthúsasvæði er staðsett sunnan þéttbýlis í Vogum og gert er ráð fyrir að svæðið geti byggst upp frekar frá því sem nú er, þannig að á svæðinu verði allt að 20 hesthús á um 4 ha svæði.



Svæði hestamanna norðan Voga (ÍP-3)

Framtíðaríþróttasvæði hestamanna í sveitarfélaginu verður staðsett norðan þéttbýlisins í Vogum, á um 10 ha svæði við Strandarrétt. Þar er gert ráð fyrir uppbyggingu hesthúsasvæðis ásamt íþróttasvæði hestamanna.

Golfvöllur við Kálfatjörn (ÍP-4)

Við Kálfatjörn er Golfklúbbur Vatnsleysustrandar með níu holu golfvöll. Völlurinn er staðsettur norðan Vatnsleysustrandarvegar. Fyrirhugað er að stækka völinn í 18 holur og munu nýju holurnar vera staðsettar sunnan Vatnsleysustrandarvegar. Alls er þá íþróttasvæði fyrir golfvöll um 80 ha. Samningar hafa náðst um svæðið milli golfklúbbsins og landeiganda.

Breytingar frá gildandi aðalskipulagi

- Golfvöllurinn við Kálfatjörn sem flokkaðist áður sem *opið svæði til sérstakra nota* verður skilgreindur sem *íþróttasvæði* (nýr landnotkunarflokkur) þar sem starfsemin fellur undir þann landnotkunarflokk.
- Íþróttasvæðið í Hafnargötu sem flokkaðist áður sem *opin svæði til sérstakra nota* verður skilgreint sem *íþróttasvæði* (nýr landnotkunarflokkur) þar sem starfsemin fellur undir þann landnotkunarflokk. Þá fellur innan íþróttasvæðisins íþróttahús og sundlaug sveitarfélagsins sem áður flokkaðist sem þjónustustofnanir.
- Hesthúsasvæði sunnan Voga og fyrirhugað íþróttasvæði hestamanna og hesthúsabyggð norðan Voga sem flokkaðist áður sem *opin svæði til sérstakra nota* verða skilgreind sem *íþróttasvæði* (nýr landnotkunarflokkur) þar sem starfsemin fellur undir þann landnotkunarflokk.

5.3 Kirkjugarðar og grafreitir (K)

Svæði fyrir kirkjugarða og grafreiti ásamt þjónustubyggingum.

Einn kirkjugarður eru innan sveitarfélagsins og flokkast sem kirkjugarðar og er hann staðsettur við Kálfatjörn.

Almenn ákvæði:

- Gert er ráð fyrir stækkun kirkjugarðsins við Kálfatjörn eftir þörfum og að kirkjugarðurinn fái nauðsynlegt viðhald.

Á skipulagsupprætti og töflu eru upplýsingar um svæði fyrir kirkjugarða og grafreiti. Stærð svæða eru viðmiðunartölur sem unnar verða nánar í deiliskipulagi hvers svæðis, þegar það á við.

Númer	Heiti	Stærð	Lýsing
K-1	Kálfatjörn	0,5 ha	Núverandi kirkjugarður við Kálfatjörn



Kirkjugarður við Kálfatjörn (K-1)

Við Kálfatjörn er kirkjugarður sveitarfélagsins og gert er ráð fyrir að hann verði kirkjugarður sveitarfélagsins út skipulagstímabilið. Golfvöllurinn við Kálfatjörn er umhverfis kirkjugarðinn og er garðurinn því sýndur sem hringtákn innan íþróttasvæðis golfvallarins.

Breytingar frá gildandi aðalskipulagi

- Kirkjugarðurinn við Kálfatjörn sem flokkaðist áður sem *opin svæði til sérstakra nota* verður skilgreindir sem *kirkjugarðar og grafreitir* (nýr landnotkunarflokkur) þar sem starfsemin fellur undir þann landnotkunarflokk.

5.4 Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)

Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu. Þar má reisa byggingar tengdar starfseminni, en íbúðir eru ekki heimilar.

Í Sveitarfélaginu Vogum eru eitt skógræktarsvæði sem er við Háabjalla.

Almenn ákvæði:

- Innan helgunarsvæða raflína er óheimilt að planta trjám nema í samráði við Landsnet.
- Skógrækt skal ekki fara nær friðlýstum fornminjum en 100 m og ekki nær öðrum merkjum minjum en 20 m.
- Á svæðum sem hafa sérkenni og eiginleika sem skógrækt getur spilt s.s. vegna náttúrufars, auðlinda, útivistargildis, fornleifa eða söguminja verði skógrækt takmörkuð eða óheimil.
- Hugað skal að því að skógrækt spilli ekki útsýnisstöðum, byrgi ekki ásýnd fjalla eða valdi snjósöfnun á vegum.
- Öll skógrækt á verndarsvæðum og önnur skógrækt, 3 ha svæði eða stærra, er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar, samkvæmt reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.
- Skógrækt er háð málsmeðferð samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum vegna verndarsjónarmiða á eftirfarandi svæðum:
 - Svæðum sem eru friðlýstar náttúruminjar og svæðum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.
 - Svæðum sem njóta verndar samkvæmt sérlögum.
 - Svæðum innan 100 m fjarlægðar frá fornleifum sem njóta verndar samkvæmt lögum um menningarminjar (80/2012).
 - Svæðum sem njóta verndar í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns og reglugerð um neysluvatn vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum (533/2001).
 - Svæðum sem njóta verndar samkvæmt alþjóðlegum samningum sem Ísland er bundið af, svo sem Ramsarsamningnum (um votlendi) og Bernarsamningnum (um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu). Válistar falla hér undir, enda m.a. gefnir út til að uppfylla skyldur Íslands, samkvæmt Bernarsamningnum.



Samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar sem síðan tekur ákvörðun um hvort viðkomandi framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Öll skógrækt sem er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar er háð framkvæmdaleyfi hennar, einnig skógrækt á verndarsvæðum og ruðningur á náttúrulegum birkiskógi. Nýræktun skóga á allt að 200 ha svæði er tilkynningarskyld til sveitarfélagsins sem síðan tekur ákvörðun um hvort viðkomandi framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Engin landgræðslusvæði eru afmörkuð í sveitarfélaginu.

Ekki þarf að breyta aðalskipulagi til að skilgreina ný landgræðslusvæði svo fremi að afmörkun þeirra hafi ekki neikvæð áhrif á verndarsvæði eða minjar. Landgræðsla er heimil hvarvetna þar sem hennar er talin þörf í sveitarfélaginu.

Á skipulagsuppdretti og töflu hér að neðan eru upplýsingar um skógræktarsvæði þar sem í gildi eru samningar um nytjaskógrækt:

Númer	Heiti	Stærð	Lýsing
SL-1	Háibjalli	15 ha	Skógræktarsvæði við Háabjalla

Skógræktarsvæði við Háabjalla (SL-1)

Vogabændur gáfu Skógræktarfélagi Suðurnesja 15 ha landspildu við Háabjalla árið 1948 og var þá hafin skógrækt á svæðinu. Félagið Skógfell eignaðist svæðið árið 2002. Á svæðinu er að finna hæstu sitkagrenitré á Suðurnesjum, sem eru allt að 15 m há. Ræktun svæðisins er og verður þannig háttað að hægt er að nýta landið til almennrar útivistar.

Breytingar frá gildandi aðalskipulagi

- Landnotkunarflokkurinn skógræktar- og landgræðslusvæði er nýr en áður voru skógræktarsvæði undir landnotkunarflokknum *opin svæði til sérstakra nota*.
- Skilgreint var skógræktarsvæði á 40 ha svæði ofan Brunnastaðahverfis og leigusamningur til milli landeigenda og Skógfells um svæðið til uppgræðslu og landgræðsluskóga til ársins 2049. Þessum samningi hefur verið sagt upp og því er svæðið ekki lengur skilgreint sem skógræktarsvæði og verður þess í stað skilgreint sem óbyggt svæði líkt og aðliggjandi svæði.

5.5 Opin svæði (OP)

Svæði fyrir útivist með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar.

Eitt opið svæði er í dreifbýli sveitarfélagsins sem ekki flokkast til annarra opinna svæða með sérstaka landnotkun, s.s. íþróttasvæði eða afþreyingar- og ferðamannasvæði. Svæði þetta er undir Vogastapa en auk þess eru nokkur svæði innan þéttbýlisins í Vogum sem flokkast sem opin svæði.



Almenn ákvæði:

- Sveitarfélagið Vogar vill tryggja bæjarbúum fjölbreytta aðstöðu til útiveru og náttúruskoðunar.
- Við skipulag opinna svæða verði hugað að því að draga fram náttúrufarslega og sögulega sérstöðu svæðanna og sveitarfélagsins.

Á skipulagsupprætti og töflu hér að neðan eru upplýsingar um opin svæði. Stærð svæða eru viðmiðunartölur sem unnar verða nánar í deiliskipulagi hvers svæðis, þegar það á við.

Númer	Heiti	Stærð	Lýsing
OP-1	Svæði undir Vogastapa	1,5 ha	Opið svæði undir Vogastapa
OP-2	Opin svæði innan þéttbýlis		Opin svæði innan þéttbýlisins í Vogum

Hér að neðan má sjá skilgreind opin svæði innan þéttbýlisins í Vogum.



Hér að neðan eru frekari upplýsingar um opin svæði í sveitarfélaginu:

Svæði undir Vogastapa (OP-1)

Undir Vogastapa er gert ráð fyrir opnu svæði. Um er að ræða aflagðan efnistökuastað sem gert er ráð fyrir að hægt verði að móta og nýta sem opið svæði, með tengslum við fjöruna nyrst á svæðinu.



Svæði innan þéttbýlis (OP-2)

Innan þéttbýlis í Vogum er undirliggjandi landnotkun mestmegnis skilgreind sem opin svæði og eru kjörin útivistarsvæði fyrir íbúa sveitarfélagsins. Góðar göngutengingar eru á milli flestra svæðanna en gert er ráð fyrir að aðgengi gangandi verði bætt að og um svæðin þar sem þess er þörf.

Opin svæði innan þéttbýlisins eru helst eftirtalin:

- Standlengjan frá Kristjánstanga í suðri að Djúpavogi í norðri, að hafnarsvæðinu undanskildu
- Svæði umhverfis Vogatjörn
- Aragerði og tenging niður að strönd
- Skyggir, hryggur sem liggur í miðju fyrirhuguðu íbúðarsvæði austan miðsvæðis
- Svæði umhverfis Síkið og Síkistjörn
- Svæði milli núverandi byggðar og fyrirhugaðar byggðar austast í þéttbýli
- Kirkjuholt, hraunkollur á milli Aragerðis og Kirkjugerðis, norðan Tjarnargötu
- Lóðin við Vogagerði 23

Breytingar frá gildandi aðalskipulagi

- Mörg svæði sem áður flokkuðust sem opin svæði til sérstakra nota fara í nýja landnotkunarflokka sem má segja að séu undirflokkar undir opin svæði og með nánari skilgreiningu svæða.
- Kirkjuholt, hraunkollur á milli Aragerðis og Kirkjugerðis, norðan Tjarnargötu breytist frá því að vera fyrir samfélagsþjónustu í opið svæði að hluta en að hluta í íbúðarsvæði.

5.6 Óbyggð svæði (ÓB)

Undir þennan flokk falla stærri svæði með útivistargildi, þar sem aðeins er gert ráð fyrir takmarkaðri mannvirkjagerð í tengslum við útivist, öryggismál og fjarskipti. Ekki er gert ráð fyrir búsetu eða atvinnustarfsemi.

Öll svæði sem ekki eru skilgreind með annarri landnotkun eru flokkuð sem óbyggð svæði. Óbyggð svæði eru ekki merkt sérstaklega á skipulagsuppdraetti og er ekki gerð grein fyrir þeim hverju fyrir sig á sama hátt og öðrum landnotkunarreitum. Náttúruverndarsvæði eru einnig skilgreind sem óbyggð svæði þar sem ekki er gert þar ráð fyrir neinum mannvirkjum öðrum en stígum og annarri lágmarksaðstöðu vegna útivistargildis þeirra.

Almenn ákvæði:

- Stór landsvæði í sveitarfélaginu sem teljast til óbyggðra svæða eru verndarsvæði samkvæmt lögum um náttúruvernd, vatnsvernd eða eru hverfisverndarsvæði. Almenn útivistarsvæði eru hér einnig skilgreind sem óbyggð svæði, önnur en þau svæði sem skilgreind eru sem opin svæði til sérstakra nota. Um óbyggðu svæðin liggja víða stígar og margir þeirra fylgja gömlum þjóðleiðum.
- Öll búfjárbætur er bönnuð á óbyggðum svæðum. Bætur búfjár er aðeins heimil innan beitarhólfa og eru þau svæði skilgreind sem landbúnaðarsvæði.



- Í Sveitarfélaginu Vogum er lausaganga búfjár bönnuð. Sauðfjár- og hrossabeit er aðeins leyfð innan girðinga á bújörðum og í sérstökum beitarhólfum (landbúnaðarsvæðum).

Á stórum hluta strandlengju sveitarfélagsins, allt frá Vogastapa austur að Keilisnesi, eru fallegar hraunstrendur með tjörnum og er ströndin því kjörið útivistarsvæði. Hluti þessa strandsvæðis er á Náttúruminjasrá og jafnframt undir hverfisvernd.

Af öðrum áhugaverðum stöðum í sveitarfélaginu sem falla undir óbyggð svæði má nefna eftirfarandi:

- Vogastapi er grágrýtishæð niður í sjó, þar er mikið fuglalíf og fagurt útsýni. Frá Vogunum er 30 mínútna ganga á Vogastapa, en þar er útsýnisskífa við Grímshól og í góðu skyggni er fjallasýn mikil.
- Háibjalli er afar fallegt svæði í skjóli kletta, ofan Reykjanesbrautar í aðeins 20 mínútna göngufjarlægð frá Vogum. Frá Háabjalla er útsýni yfir Snorrastaðatjarnir og þaðan er hægt að ganga að Hrafnagjá sem er gróðurmikil sprungugjá.
- Fyrir þá sem kjósa lengri gönguferðir er upplagt að ganga Skógfellsstíg, sem er vörðuð gönguleið til Grindavíkur. Þetta er afar falleg leið yfir fjölbreytt hraun og fjalllendi. Gangan tekur 4-6 klst. Upphaf gönguleiðarinnar er rétt neðan við Háabjalla, þ.e. í göngufjarlægð frá þéttbýlinu í Vogum.
- Keilir er 379 metra hátt móbergsfjall. Fjallið er skemmtilegt og auðvelt uppgöngu.
- Staðarborg er hringlaga steinhleðsluvirki sem á árum áður var notað sem fjárrétt, og er staðsett á miðri heiðinni milli Kálfatjarnarkirkju og Reykjanesbrautar. Í bjartviðri er útsýni mjög fallegt frá Staðarborg; mosavaxnar hraunbreiður á aðra hönd og fagurblár Faxaflóinn á hina.

Mjög víða í sveitarfélaginu eru moldarflög til vitnis um hve gróðri hefur hnignað. Líklega er landið víðast að gróa upp hægt og rólega vegna friðunar og hagstæðs loftslags hin síðari ár.

Þó er æskilegt að flýta fyrir þeirri þróun og liggur þá beinast við að nýta vel þann mikla búfjáráburð (svína-, hænsna- og hrossaskít) sem til fellur. Velja þarf landsvæði til uppgræðslu í samvinnu við landeigendur, búfjár- og hestaeigendur, Landgræðslu ríkisins og samtökum sem hafa það að markmiði að græða landið. Landsvæði þessi væru tekin frá og merkt í tiltekinn tíma til uppgræðslu.



6 Stefnumörkun - samgöngur

Undir flokkinn samgöngur falla vegir, götur, helstu göngu-, reið- og hjólastígar og tengd mannvirki, þ.m.t. mislæg gatnamót, undirgöng og göngubrýr og helgunarsvæði þeirra, svo sem stofn- og tengibrautir í þéttbýli og stofn- og tengivegir utan þéttbýlis.

Almenningssamgöngur

Skipulagning og umsjón með almenningssamgöngum á landsbyggðinni eru á hendi Vegagerðarinnar. Leiðakerfi strætó á landsbyggðinni er samþætt við leiðakerfi Strætó bs. á höfuðborgarsvæðinu, fargjaldakerfið er samræmt og rekið er sameiginlegt þjónustuver og heimasíða fyrir almenningssamgöngur á öllu landinu. Leið 87 ekur milli Voga og Reykjanesbrautar samkvæmt tímatöflu, aksturinn er á hendi sveitarfélagsins samkvæmt samningi við Vegagerðina. Ekið er á virkum dögum, en ekki er akstur á kvöldin og um helgar. Engar almenningssamgöngur eru í dreifbýlinu, en áhugi er á að kanna möguleika á að koma upp s.k. pöntunarþjónustu fyrir akstur um Vatnsleysuströnd.

Hraðlest

Gert er ráð fyrir þeim möguleika að hraðlest fari í gegnum sveitarfélagið, á leið sinni frá höfuðborgarsvæðinu að Keflavíkurflugvelli. Hraðlestin mun liggja samsíða og meðfram Reykjanesbraut sunnanverðri. Gert er ráð fyrir að stoppistöð verði við gatnamót Grindavíkurvegar og Reykjanesbrautar, og mögulega við gatnamót Vatnsleysustrandarvegar og Reykjanesbrautar.

Gert er ráð fyrir hraðlest í tillögu að Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2015-2030, í sömu legu og gert er ráð fyrir henni í aðalskipulagi Sveitarfélagsins. Ekki er gert ráð fyrir hraðlest í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, sem er hitt sveitarfélagið sem gert er ráð fyrir að hraðlestin tengist á leið sinni í gegnum Sveitarfélagið Voga.

Ekki er gert ráð fyrir hraðlest sunnan Reykjanesbrautar í Samgönguáætlun 2019-2033.

Almenn ákvæði:

- Við skipulag umferðakerfis sveitarfélagsins skal stefnt að lágmörkun mengunar, s.s. hávaðamengunar og loftmengunar, af völdum umferðar.
- Stefnt skal að hámarksöryggi allra vegfarenda með öruggum og greiðum samgönguleiðum fyrir akandi, gangandi, hjólandi og ríðandi vegfarendur.
- Leitað verði bestu lausna við vegagerð og stuðlað að umferðar- og rekstraröryggi og samtenginu byggðar.
- Byggt verði upp göngu-, hjóla- og reiðstígakerfi sem miði að því að tengja byggðina innbyrðis, tengja byggðina við útivistarsvæði og við nágrannasveitarfélög.
- Við skipulag samgangna innan þéttbýlis ber að taka sérstakt tillit til gangandi og hjólandi vegfarenda.
- Efla skal vistvænar samgöngur og almenningssamgöngur eftir fremsta megni, m.a. með því að koma fyrir rafhleðslustöðvum á völdum stöðum innan sveitarfélagsins.



- Gert er ráð fyrir þeim möguleika að hraðlest fari í gegnum sveitarfélagið, á leið sinni frá höfuðborgarsvæðinu að Keflavíkurflugvelli.
- Leitast verði við að tryggja áfram gott útsýni frá Reykjanesbraut, bæði útsýni til sjávar og einkum þó til fjalla. Forðast ber að skipuleggja íbúða- eða athafnasvæði svo nærri brautinni að nauðsynlegt verði að byrgja útsýnið með einhvers konar hljóðmönnum. Þannig fái þeir sem aka frá Keflavíkurflugvelli strax notið sérstakrar fegurðar landsins, ásamt öðrum sem leið eiga um brautina.

6.1 Vegir

Stofnvegir og tengivegir eru skilgreindir á skipulagsuppdráttum. Einnig eru sýndir „aðrir vegir“ þar sem nauðsynlegt er talið að gera grein fyrir núverandi vegum í aðalskipulagi, óháð flokkun eða eignarhaldi. Aðrir vegir sem eru sýndir á skipulagsuppdráttum eru aðeins til skýringar þar sem aðeins stofn- og tengivegir eru skipulagsskyldir í aðalskipulagi, auka vega í náttúru Íslands skv. *reglugerð um vegi í náttúru Íslands samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 260/2018*. Vegir í náttúru Íslands eru vegir, aðrir en þjóðvegir, þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil, sbr. 32. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Utan þéttbýlis eru landnotkunarreitir almennt afmarkaðir 30 m frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu tengivega og annarra vega. Stefnt er að því að ný byggð verði almennt ekki nær miðlínu stofn- og tengivega í dreifbýli en 100 m og 50 m frá öðrum vegum sbr. ákvæði skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 (gr. 5.3.2.5.d). Aðeins umhverfis- og auðlindaráðuneytið getur veitt undanþágu frá fjarlægðarmörkum í skipulagsreglugerð.

Til lengri framtíðar litið en tímabil aðalskipulagsins er gert ráð fyrir þeim möguleika að vegtenging verði norðan Reykjanesbrautar frá þéttbýlinu í Vogum til vesturs að Innri-Njarðvík í Reykjanesbæ. Gera má ráð fyrir að þéttbýliskjarnar þessir byggist í átt hvor að öðrum til framtíðar og því má gera ráð fyrir að heppilegt sé að vegtengja þá svo ekki þurfi að aka Reykjanesbraut til að fara á milli þeirra. Landnotkun á svæðinu norðan Reykjanesbrautar í aðalskipulaginu hamlar því ekki að vegtenging verði á svæðinu eftir tímabil þessa aðalskipulags.

Á skipulagsuppdrætti og töflu hér að neðan eru upplýsingar um stofn- og tengivegi í sveitarfélaginu.

Númer vegar	Heiti	Lengd	Lýsing
41	Reykjanesbraut	18 km	Stofnvegur
421	Vogabraut	1,5 km	Stofn- og tengivegur
420	Vatnsleysustrandarvegur	11 km	Tengivegur

Hér að neðan eru frekari upplýsingar um vegi í sveitarfélaginu:

Reykjanesbraut (41)

Stofnbraut sem liggur þvert í gegnum sveitarfélagið og er höfuðás vegakerfisins á Reykjanesi. Brautin tengir höfuðborgarsvæðið við Reykjanes og er flokkuð sem stofnvegur. Brautin liggur frá



landamörkum við Hafnarfjörð að landamörkum við Reykjanesbæ og er um 18 km löng innan sveitarfélagsins.

Árið 2009 var lokið við tvöföldun þess hluta Reykjanesbrautar sem liggur innan sveitarfélagsins og er hún nú fjórar akreinar, tvær í hvora átt.

Fern mislæg gatnamót eru á Reykjanesbraut innan sveitarfélagsins. Þessi gatnamót tengja Reykjanesbraut við Vatnsleysustrandarveg, við Grindavíkurveg, við Vogabraut og við Hvassahraun. Göngu- og reiðleið liggur í undirgöngum undir Reykjanesbraut við Vogastapa og tengir þar með þéttbýlið í Vogum við svæði sunnan Reykjanesbrautar fyrir gangandi og ríðandi umferð.

Upphafskafli Grindavíkurvegar (43) er innan sveitarfélagsins Voga, frá mislægum gatnamótum við Reykjanesbraut og að landamörkum við Grindavík. Vegkaflinn er aðeins um 200 m.

Veghelgunarsvæði stofnbrauta er 30 m frá miðlínu vegar til beggja handa.

Vogabraut (421)

Vogabraut er stofnvegur frá Reykjanesbraut að Vatnsleysustrandarvegi, en saman mynda Vogabraut og Vatnsleysustrandarvegur hringleið með tengingu við tvenn mislæg gatnamót við Reykjanesbraut. Vogabraut er tenging inn í þéttbýlið í Vogum frá Reykjanesbraut og er um 1,6 km að lengd.

Vatnsleysustrandarvegur (420)

Vatnsleysustrandarvegur er tengivegur sem tengir Vatnsleysuströndina við Reykjanesbraut vestan Kúagerðis, hann liggur meðfram ströndinni og tengist inn í þéttbýlið í Vogum. Lengd Vatnsleysustrandarvegs er um 11 km.

Helgunarsvæði Vogabrautar er 30 m til beggja hliða frá Reykjanesbraut að löndal en 15 m til beggja hliða frá löndal að Vatnsleysustrandarvegi. Helgunarsvæði allra tengivega er 15 m frá miðlínu vegar til beggja hliða.

Vegir í náttúru Íslands

Skilgreining vega í náttúru Íslands, annarra en þjóðvega þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil, er eftirfarandi skv. *reglugerð um vegi í náttúru Íslands samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 260/2018*.

Flokkur	Skilgreining
F0	Greiðfær vegur, fær allri almennri umferð að sumarlagi. Oft lokaðir á veturna vegna snjóá og vegna aurbleytu á þáttíð.
F1	Seinfær vegur, fær allri almennri umferð að sumarlagi. Oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða. Breidd um 4 m. Stórir lækir og ár brúaðar. Vegir þessir eru oft lokaðir á veturna vegna snjóá og vegna aurbleytu á þáttíð.
F2	Lakfær vegur, fær fjórhjóladrifnum bílum, mjög öflugum fólksbílum, jepplingum og vélhjólum. Oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða. Breidd um 4 m. Lækir og smáár óbrúaðar. Oft lokað á veturna vegna snjóá og aurbleytu á þáttíð.



F3	Torfær vegur, einungis fær stórum og vel búnum fjórhjóladrifnum bílum, ofurjeppum og vélhjólum. Vegur, oftast en ekki lægri en landið til beggja hliða, getur verið ójafn, grýttur og með bleytuíhlaupum. Breidd um 4 m. Oft lokað á veturna vegna snjóá og aurbleytu á þátið.
----	--

Vegir í náttúru Íslands í Sveitarfélaginu Vogum eru eftirfarandi:

Flokkur	Lýsing
F1	Þjónustuvegur meðfram Suðurnesjalínu 1
F2	Vegur frá gatnamótum Reykjanesbrautar og Vatnsleysustrandarvegar til suðurs og upp með Afstapahrauni að Höskuldavöllum
F1	Vegur frá Grindavíkurvegi til austurs að Hábjalla og Snorrastaðatjörnum

6.2 Göngu- og hjólastígar, gönguleiðir og reiðleiðir


Um sveitarfélagið hlykkist fjöldi fornra gönguleiða sem flestar eru þjóðleiðir, en í og umhverfis þéttbýlið í Vogum er mikið af göngustígum sem lagðir hafa verið á undanförunum árum. Stígarnir eru mikið notaðir af íbúum til útivistar.

Gert er ráð fyrir göngu- og hjólastíg frá gatnamótum Reykjanesbrautar og Grindavíkurvegar og þaðan inn á Vogastapa. Gamli vegurinn á Vogastapa er að hluta skilgreindur sem hjólastígur sem einnig nýtist sem göngustígur. Samsíða honum að hluta er reiðleið en göngu- og hjólreiðastígur tengjast inn í Reykjanesbæ. Göngu- og hjólastígur mun liggja á gamla þjóðveginum að þéttbýlinu í Vogum og í gegnum það samsíða Stapavegi að Vatnsleysustrandarvegi. Gert er ráð fyrir að göngu- og hjólastígur haldi áfram meðfram Vatnsleysustrandarvegi að Minni-Vatnsleysuvegi. Þaðan verður stígurinn meðfram gamla Vatnsleysustrandarveginum að Reykjanesbraut og meðfram henni að mislægum gatnamótum við Hvassahraun, og tengist þaðan inn í Hafnarfjörð.

Göngu- og hjólreiðastígur er meðfram Vogabraut sunnanverðri, frá þéttbýlinu og að mislægum gatnamótum við Reykjanesbraut, sem m.a. bætir aðgengi yfir Reykjanesbraut og að biðskýlum almenningsvagna við Reykjanesbraut.

Hér að neðan má sjá göngu- og hjólastíga í Sveitarfélaginu Vogum.





Leitast verður við að nýta fornar leiðir um byggðina og milli byggðarlaga sem útivistarstíga, t.d. á Vogastapa og inn á Vatnsleysuströnd. Þá er gert ráð fyrir að línuvegur meðfram Suðurnesjalínu verði notaður sem reiðstígur. Núverandi reiðstígur ofan byggðar í Vogum mun vera í notkun þar til íbúðarsvæði ÍB-5 mun byggjast upp. Þegar að því kemur mun reiðstígurinn fletjast enn ofar og liggja um undirgögn undir Vogabraut og áfram inn á Vatnsleysuströnd.

Almenn ákvæði:

- Á skipulagsupphráttum eru eingöngu skilgreindar megingönguleiðir.
- Stefnt er að því að auka öryggi gangandi fólks, sérstaklega þar sem göngu- og hjólræðastígar skera umferðarleiðir.
- Stefnt verði að því að ganga frá, stika og merkja fjölförnustu gönguleiðir í sveitarfélaginu.
- Gönguleiðir, gamlar og nýjar, eru mikilvægar fyrir almenning og ferðaþjónustu á svæðinu.

Breytingar frá gildandi aðalskipulagi

- Felld er burt fyrirhuguð reiðleið sem gert var ráð fyrir norðan Reykjanesbrautar frá mislægum gatnamótum við Vatnsleysustrandarveg, að mislægum gatnamótum við Hvassahraun og þaðan sunnan Reykjanesbrauta að Hafnarfirði.



- Hjólastígur meðfram Vatnsleysustrandarvegi flyst inn á gamla Vatnsleysustrandarveginn frá Minni-Vatnsleysuvegi að Reykjanesbraut.

6.3 *Flugvellir (FV)*

Tiltekið svæði á láði eða legi, að meðtöldum byggingum, flugbrautum og búnaði sem er ætlað til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu niðri.

Hugmyndir eru uppi um að byggja upp flugvöll í Hvassahrauni. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skipaði stýrihóp vorið 2018 til að greina valkosti um framtíðarskipan flugvallarmála á SV-horni landsins og kostnaðargreina þá kosti sem til skoðunar hafa verið. Í skýrslu stýrihópsins kemur fram að helsta niðurstaða vinnunnar er sú að haldið verði áfram að byggja upp miðstöð millilandaflugs í Keflavík í samræmi við fyrri áætlanir. Einnig er lagt til að gerðar verði ráðstafanir við hlutaðeigandi aðila um að halda opnum möguleikanum á flugvelli í Hvassahrauni. Áður en hægt er að taka endanlega ákvörðun um fýsileika þess að byggja flugvöll í Hvassahrauni þarf að ráðast í veðurmælingar sem taka a.m.k. tvö ár og mögulega lengri tíma. Samhliða þessu er lagt til að samgönguyfirvöld hefji viðræður við Reykjavíkurborg, sveitarfélögin á Suðurnesjum og aðra hlutaðeigandi aðila um hugsanlega færslu á flugvallarstarfsemi úr Vatnsmýri í Hvassahraun.

Sveitarfélagið Vogar er opið fyrir því að skoðaðir verði möguleikar á kannaður verði fýsileiki þess að flugvöllur byggist upp í Hvassahrauni en þar sem undirbúningur verkefnisins er skammt á veg kominn hjá samgönguyfirvöldum er ekki talið tímabært að skilgreina flugvallarsvæðið í aðalskipulagi. Þess í stað er tekið frá það svæði þar sem gert er ráð fyrir að flugvöllur verði mögulega staðsettur og skipulagi frestað á svæðinu. Þar sem afmörkun mögulegs flugvallarsvæðis er óljós er svæðið skilgreint með hringtákn sem nær yfir um 700 ha svæði¹. Með því er verið að taka frá svæði ef síðar verður ákveðið að flugvöllur verði staðsettur á í Hvassahrauni og því er önnur landnotkun ekki skilgreind á svæðinu.

Breytingar frá gildandi aðalskipulagi

- Skipulagi er frestað á mögulegu flugvallarsvæði í Hvassahrauni.

¹ Hringtákn er tekið í sundur í línustæði Suðurnesjalínu 1 og fyrirhugaðri Suðurnesjalínu 2 (jarðstrengur) svo línustæðin séu ekki á svæðum þar sem skipulagi er frestað.



7 Stefnumörkun - veitur

Undir flokkinn veitur falla eftirfarandi kaflar: Fráveita, vatnsveita, hitaveita, rafveita og fjarskipti.

Almenn ákvæði:

- Íbúar sveitarfélagsins skulu ávallt hafa greiðan aðgang að nægilegu neysluvatni í hæsta gæðaflokki.
- Stefnt er að því að koma hitaveitu og vatnsveitu að allri byggð á Vatnsleysuströnd.
- Að veitukerfi sveitarfélagsins valdi sem minnstum skaða á lífríki og uppfylli ávallt ströngustu kröfur um vatnsgæði og almenn skilyrði mengunarvarnarreglugerðar.
- Orkunotkun í bæjarfélaginu valdi eins litlu álagi á náttúruna eins og kostur er.
- Uppbygging veitukerfa haldist í hendur við uppbyggingu nýrra byggingarsvæða.
- Að veitukerfi í nýjum hverfum verði þannig hannað að frárennsli yfirborðsvatns og annars fráveituvatns verði aðskilið (tvöfalt kerfi).
- Endurbæta fráveitukerfið þannig að það anní fyrirhuguðum nýbyggingarsvæðum og annarri starfsemi sem tengist inn á kerfið í framtíðinni.
- Gera almennar úrbætur á fráveitukerfi til að tryggja íbúum hreinlegt umhverfi og fjörur.
- Mengun fráveituvatns verði haldið í lágmarki. Uppfylltar séu kröfur reglugerðar um fráveitur og skolp varðandi hreinsun á skolpi áður en því er veitt til sjávar.
- Stefnt er að því að íbúum verði, á hverjum tíma, gefinn kostur á hágæða fjarskiptakerfum.
- Gert er ráð fyrir að leggja Suðurnesjalínu 2 sem jarðstreng innan sveitarfélagsins en að núverandi loftlína (Suðurnesjalína 1) verði óbreytt út skipulagstímabilið.

7.1 **Vatnsveita (V)**

Nýtt vatnsból sveitarfélagsins er staðsett sunnan Reykjanesbrautar, um 800 m sunnan Reykjanesbrautar á mótis við þéttbýlið í Vogum. Gert er ráð fyrir að þetta vatnsból verði tekið í notkun á árinu 2021 og þá verður vatnsból við Vogavík aflagt sem vatnsból sveitarfélagsins en þó verður það áfram nýtt fyrir fiskeldisstöðina við Vogavík.

Frá nýju vatnsbóli er niðurgrafin stofnlögn vatnsveitu að þéttbýlinu í Vogum. Lögn þessi liggur samsíða þjóðleiðinni Skógfellsstíg til norðurs, um núverandi undirgöng undir Reykjanesbraut að Stapavegi og meðfram honum að núverandi stofnlögn frá vatnsveitunni í Vogavík að þéttbýlinu.

Gert er ráð fyrir þjónustuvegi frá fyrirhuguðu vatnbóli að núverandi þjónustuvegi meðfram Suðurnesjalínu sunnan Reykjanesbrautar. Vegurinn er aðeins þjónustuvegur vegna vatnsbólsins og er almenn umferð um hann óheimil.

Þar sem stofnlögnin og þjónustuvegurinn liggja að hluta samsíða þjóðleið skal framkvæmd við lögnina og þjónustuvegin vera í samráði við Minjastofnun Íslands. Lagnasvæðið og vegurinn mun líklega fara inn á hraun en slík hraunsvæði njóta verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Vegna þessa og þar sem lögnin og vegurinn fara um svæði sem er á náttúruinjasrá skal framkvæmd við stofnlögnina og veginn unnin í samráði við Umhverfisstofnun.



Þar sem aðeins er um að ræða þjónustuveg er hann ekki sýndur sem aðrir vegir á uppdrætti, nánari grein verður gerð fyrir veginum í deiliskipulagi.

Gert er ráð fyrir að vatnsveita verði lögð að allri byggð á Vatnsleysuströnd á skipulagstímabilinu.

Breytingar frá gildandi aðalskipulagi

- Nýtt vatnsból sveitarfélagsins sunnan þéttbýlisins í Vogum, handan Reykjanesbrautar, flyst um 1,5 km til suðvesturs frá þeim stað þar sem gert var ráð fyrir að það væri staðsett í gildandi aðalskipulagi.
- Vatnsból sveitarfélagsins við lóðarmörk fiskeldisstöðvar í Vogavík er lagt af (verður þó áfram nýtt fyrir fiskeldið) og því er grannsvæði vatnsverndar ekki lengur skilgreint umhverfis vatnsbólið.

7.2 Hitaveita (H)

HS Veitur og HS Orka sér íbúum þéttbýlisins fyrir heitu vatni. Hitaveitan sér um nýjar framkvæmdir, rekstur kerfisins og viðhald þess.

Gert er ráð fyrir að hitaveita verði lögð að allri byggð á Vatnsleysuströnd á skipulagstímabilinu.

7.3 Fráveita (F)

Sveitarfélagið á og rekur fráveitumannvirki. Um er að ræða fráveitukerfi innan þéttbýlisins og útrásir þeim tengdar. Fráveitukerfið er einfalt, íbúaskólp og regnvatn blandast saman í fráveitunni og er leitt til sjávar, þó með þeirri undantekningu að í nýjustu íbúðahverfum þéttbýlisins er regnvatni ekki lengur veitt í fráveituna. Einfalt hitaveitukerfi er í bænum og bakrásarvatni hitaveitunnar þannig veitt út í fráveituna. Núverandi útrás fráveitunnar er við enda Hafnargötu og uppfylla skilyrði reglugerðar um lengd og losunardýpi. Viðtakinn flokkast sem fullnægjandi viðtaki. Byggð hefur verið dælustöð við Akurgerði sem tengir fráveituna úr syðri hluta þéttbýlisins við meginútrásina í Hafnargötu með þrýstilögn.

Áfram er stefnt að endurbótum fráveitukerfisins skipulagstímabilinu. Sú aðgerð felst m.a. í byggingu nýrrar útrásar norðan við núverandi útrás, og er ætlað að þjóna nýrri byggð á Grænuborgarsvæði og í nágrenni. Gert er ráð fyrir byggingu dælu- og hreinsistöðva fráveitu fyrir báðar útrásirnar, annarsvegar við hafnarsvæði norðan Hafnargötu og hinsvegar norðan Búðartjarnar neðan Grænuborgarhverfis. Stöðvarnar miða við eins þreps hreinsun á fráveitu sem er fullnægjandi þar sem viðtakinn utan þéttbýlisins er talinn síður viðkvæmur.

7.4 Rafveita (R)

HS Veitur

HS Veitur sjá um dreifingu rafmagns í sveitarfélaginu sem og nýframkvæmdir og rekstur kerfisins.



Landsnet

Í gegnum sveitarfélagið liggur 132 kV háspennulína í lofti og nefnist hún Suðurnesjalína 1. Suðurnesjalína 1 liggur nokkuð sunnan Reykjanesbrautar og er hún eina línan sem flytur raforku til og frá Suðurnesjum í dag.

Vegna þessa er talin þörf á annarri háspennulínu og hefur Landsnet uppi áform um að byggja 220kV háspennulínu, Suðurnesjalínu 2, sem myndi stórbæta orkuöryggi á Suðurnesjum.

Landsnet hefur unnið skýrslu um mat á umhverfisáhrifum vegna lagningar Suðurnesjalínu 2, „Frummatsskýrsla – Suðurnesjalína 2“. Frummatsskýrslan tekur til skoðunar 6 valkosti og skv. niðurstöðu hennar er aðalvalkostur Landsnets valkostur C sem er loftlína sem liggur samhliða Suðurnesjalínu 1 innan Sveitarfélagsins Voga.

Stefna Sveitarfélagsins Voga er að Suðurnesjalína 2 verði jarðstrengur sem er að mestu meðfram Reykjanesbraut, valkostur B skv. matsáætlun Landsnets². Við sveitarfélagsmörk við Hafnarfjörð er gert ráð fyrir að jarðstrengurinn liggi meðfram Suðurnesjalínu 1 en beygi svo til norðurs og liggur að Reykjanesbraut við gatnamót við Hvassahraunsveg. Þaðan liggur háspennustrengurinn meðfram Reykjanesbraut þar til skammt vestan við gatnamót við Grindavíkurveg þar sem jarðstrengurinn liggur að Suðurnesjalínu 1 og fylgir henni að sveitarfélagsmörkum við Reykjanesbæ.


Aðalskipulagið gerir því ráð fyrir að heimilt verði að leggja Suðurnesjalínu 2 sem jarðstreng innan sveitarfélagsins.

Þá er gert ráð fyrir að núverandi loftlína (Suðurnesjalína 1) verði óbreytt út skipulagstímabilið.

Hér að neðan má sjá háspennulínur í Sveitarfélaginu Vogum.

² Bæjarstjórn setur þó þann fyrirvara að sá valkostur verði einungis valinn, að heimild Vegagerðarinnar fáið til að leggja strenginn á þegar raskað land á s.k. veghelgunarsvæði. Sé það ekki gerlegt er það mat bæjarstjórnar að þá skuli frekar valinn valkostur A, jarðstrengur meðfram Suðurnesjalínu 1, enda fari þá jarðstrengurinn um þegar raskað svæði að stærstum hluta.





Breytingar frá gildandi aðalskipulagi

- Ekki er lengur gert ráð fyrir að byggja nýja 220 kV háspennulínu (Suðurnesjalínu 2) samsíða núverandi 132 háspennulínu (Suðurnesjalínu 1). Gert er ráð fyrir að Suðurnesjalína 2 verði jarðstengur meðfram Reykjanesbraut en í gildandi aðalskipulagi var sá kostur einnig mögulegur.
- Gert er ráð fyrir að núverandi loftlína (Suðurnesjalína 1) verði óbreytt út skipulagstímabilið en áður var gert ráð fyrir að Suðurnesjalína 1 verði tekin niður og í sama línustæði komi önnur 220 kV loftlína.

7.5 Sími og önnur fjarskipti

Fjarskiptamastur vegna síma er staðsett vestan Vatnsleysustrandarveggar, skammt frá mislægum gatnamótum við Reykjanesbraut.

7.6 Ljósleiðari (L)

Á árunum 2019 og 2020 var unnið að ljósleiðaravæðingu í dreifbýli sveitarfélagsins (Vatnsleysuströnd og Hvassahraun), í samstarfi við Fjarskiptasjóð undir formerkjum verkefnisins „Ísland ljóstengt 2020“. Flestar íbúðir í þéttbýlinu eru með svokallað ljósnet, sem byggir á

Ljósleiðaratenging sem komin er inn í þéttbýlið í Vogum. Á nýjum íbúðasvæðum hafa allar íbúðir verið tengdar við ljósleiðarann frá árinu 2018. Á skipulagstímabilinu er stefnt að því að ná samstarfi við veitufyrirtæki um að ljúka við lagningu ljósleiðara í öll hús í þéttbýlinu.

Breytingar frá gildandi aðalskipulagi

- Bætt er við upplýsingum um ljósleiðaravæðingu sem átt hefur sér stað síðustu ár.



8 Stefnumörkun - vatn, vernd og vá

Undir flokkinn vatn, vend og vá falla eftirfarandi kaflar: Vötn, ár og sjór, strandsvæði, vatnsbólasvæði, svæði undir náttúruvá, varúðarsvæði, minjavernd, friðlýst svæði og hverfisverndarsvæði.

8.1 Vötn, ár og sjór (V)

Vatnsfletir núverandi og fyrirhugaðra vatna, fallvatna og sjávar, þar með talin lega þeirra vegna stífla, breytingar á árfarvegum og landfyllinga.

Almenn ákvæði:

Undir þennan flokk falla vatnsfletir vatna, fallvatna og sjávar. Samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m utan þéttbýlis, og við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er óheimilt að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna.

Samkvæmt skipulagsreglugerð, grein 4.21.2 skal flokka vatnasvæði í tvo flokka vegna varna gegn vatnsmengun.

- Svæði sem hafa sérstaka þýðingu vegna nytja af ýmsu tagi, lífríkis, jarðmyndana eða útivistar.
- Vötn, ár og lækir sem nýta má til afrennslis.

Þessi flokkun hefur ekki farið fram hjá sveitarfélaginu en stefnt er á að hún fari fram á skipulagstímabilinu.

8.2 Strandsvæði (ST)

Svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð er haldið í lágmarki.

Almenn ákvæði:

- Stór hluti strandar sveitarfélagsins er á náttúruminjaskrá. Lífríki fjara er mjög fjölbreytt og fjöldi lífríkra tjarna með fjölbreyttu fuglalífi. Útivistargildi strandlengjunnar er ótvírætt mjög mikið. Sveitarfélagið Vogar vill því stefna að því að á skipulagstímabilinu verði sett skýr markmið um að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns.
- Skv. skipulagsreglugerð, gr. 4.21.1 skal flokka strandsvæði í tvo flokka vegna varna gegn sjávarmengun.
 - Strandsvæði mikilvæg vegna nytja, lífríkis, jarðmyndana og útivistar.
 - Önnur strandsvæði.

Þessi flokkun hefur ekki farið fram en stefnt er á að hún fari fram á skipulagstímabilinu, í samvinnu við aðliggjandi sveitarfélög við strandlengjuna.



8.3 Vatnsból (VB) og vatnsvernd vatnsbóla (VG, VF)

Vatnsból er svæði fyrir vatnsöflun, það er brunnsvæði vatnsverndar (VB). Vatnsvernd vatnsbóla eru svæði sem heilbrigðisnefnd sveitarfélags hefur ákvarðað sem vatnsverndarsvæði umhverfis hvert vatnsból, annars vegar grannsvæði (VG) og hins vegar fjarsvæði (VF).

Almenn ákvæði:

Um vatnsverndarsvæði gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn nr. 536/2001 og reglugerð um mengun vatns nr. 796/1999. Samkvæmt reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns eru vatnsverndarsvæði flokkuð í eftirfarandi flokka:

I. flokkur. Brunnsvæði í næsta nágrenni vatnsbólsins, sem er algjörlega friðað nema fyrir nauðsynlegum framkvæmdum vatnsveitunnar. Brunnsvæði skulu vera afgirt.

II. flokkur. Grannsvæði, sem er utan við brunnsvæði og er aðrennslissvæði grunnvatns. Stærð og lögun þess ræðst af stærð brunnsvæðis og jarðvegsþekju svæðisins og grunnvatnsstraumum sem stefna að vatnsbóli.

Allar framkvæmdir á grannsvæði eru háðar ströngu eftirliti og samþykki heilbrigðisnefnda.

III. flokkur. Fjarsvæði, sem greinist í tvennt, fjarsvæði A, sem er aðalákomusvæði úrkomu fyrir grunnvatnsstrauma, og fjarsvæði B sem er fyrst og fremst öryggissvæði og einnig viðkvæmt vegna yfirborðsvatns sem berst inn á grannsvæðið. Á þeim gilda ákvæði laga nr. 7/1998 m.s.br. um hollustuhætti og mengunarvarnir og takmarkanir á umsvifum í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Verndarákvæði:

- Skipulag vatnsverndarsvæða miðast jöfnum höndum við friðun núverandi vatnsbóla og enn fremur svæða þar sem vatnsból verða hugsanlega gerð á ótilteknum stöðum einhvern tíma í framtíðinni, auk úrkomu- og aðrennslisvæða þeirra.
- Að tryggja að ávallt sé til nægilegt vatn fyrir vatnsveitur í sveitarfélaginu og jafnvel til útflutnings.
- Að varðveita eins mikið af vatnstökusvæðum og hægt er og skynsamlegt er með tilliti til þróunar byggðar.
- Vatnasvæðin hafa þann eiginleika að þau eru sameiginlegur vatnsgeymir í berggrunninum þar sem hægt er að ná í vatn mjög víða með borun, en þó ekki alls staðar. Vegna þessa er nauðsynlegt að viðhafa mjög víðtæka vernd á öllum svæðunum, t.d. hvað snertir meðferð og vörslu efna, almennar mengunarvarnir og kröfur um frárennsli.
- Stefnt skal að því að skrá öll vatnsból einkaveitna í sveitarfélaginu, og stuðla að því að frágangur þeirra ásamt verndarsvæðum verði í samræmi við heilbrigðis- og öryggiskröfur.
- Vatnsbólin sjálf eru í sérflokki, brunnsvæði, en auk þess er gert ráð fyrir verndarflokk grannsvæða og fjarsvæða.

Skipulag vatnsverndarsvæða miðast jöfnum höndum við friðun núverandi vatnsbóla og enn fremur vatnasvæða þar sem vatnsból verða gerð á ótilteknum stöðum einhvern tíma í framtíðinni. Fyrst og




fremst er tilgangur vatnsverndar að tryggja að ávallt sé til nægilegt vatn fyrir vatnsveitur í sveitarfélaginu. Jafnframt er stefnt að sem bestri og hagkvæmastri nýtingu vatns sem er umfram framangreindar þarfir í þágu fiskeldis og annars atvinnurekstrar.

Skipulag vatnsverndarsvæða er gert til þess að tryggja sem besta framtíðarnýtingu á þeirri auðlind sem grunnvatnið er í sveitarfélaginu og á öllu Reykjanesi. Aðstæður eru þannig á svæðinu að tiltölulega auðvelt er að koma verndun á mikilvægustu vatnasvæðin því að viðkomandi svæði eru lítið notuð til starfsemi sem samræmist ekki vatnsvernd.

Yfirborðsvatn finnst varla í sveitarfélaginu. Hins vegar er þar mikið og gott grunnvatn sem streymir til sjávar og á upptök sín í úrkomunni sem fellur á Reykjanesskagann.

Hér að neðan má sjá skilgreind vatnsverndarsvæði í Sveitarfélaginu Vogum.



8.3.1 Brunnsvæði (VB)

Nýtt vatnsból sveitarfélagsins er staðsett sunnan Reykjanesbrautar, um 800 m sunnan Reykjanesbrautar á mótis við þéttbýlið í Vogum. Gert er ráð fyrir að þetta vatnsból verði tekið í notkun á árinu 2021 og þá verður vatnsból við Vogavík aflagt sem vatnsból sveitarfélagsins en þó verður það áfram nýtt fyrir fiskeldisstöðina við Vogavík.



Skilmálar

- Brunnsvæði vatnsverndar er skilgreint allt að 150 m út frá bolholum vatnsbólsins. Mörk þessa brunnsvæðis taka fyrst og fremst mið af ætlaðri stefnu grunnvatnsstraumsins samkvæmt grunnvatnslíkani Verkfræðistofunnar Vatnaskila en jafnframt og ekki síður er litið til legu og stefnu á sprungum og gjám á svæðinu. Stærð brunnsvæðis vatnsverndar er um 3,6 ha.
- Brunnsvæðið en skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar.
- Gert er ráð fyrir að boraðar verði tvær holur innan brunnsvæðis til að alltaf sé tryggt að nóg vatn sé til staðar án miðlunartanks. Frá hvorri holu er gert ráð fyrir að muni koma allt að 50 l/s með djúpdælu. Það sem brunnsvæðið er á hraunsvæði sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skal halda öllu umhverfiskrasi í lágmarki og huga að verndun hrauns við framkvæmdir. Vegna þessa skal framkvæmd við borholur og dæluhús unnin í samráði við Umhverfisstofnun.
- Heilbrigðisnefnd getur krafist þess að svæðin skuli girt af mannheldri girðingu, sem er minnst 5 m frá vatnsbóli.

8.3.2 Grannsvæði (VG)

Grannsvæði vatnsverndar er skilgreint umhverfis brunnsvæði á þeim svæðum sem aðrennsli er talið vera að brunnsvæðum.

Grannsvæði vatnsverndar er skilgreind umhverfis nýtt vatnsból og er það að mestu til suðurs frá brunnsvæðinu og nær grannsvæðið suður fyrir þær sprungur sem liggja að Snorrastaðatjörnum. Stærð grannsvæðisins er 54 ha (VG-1).

Um grannsvæði vatnsverndar er þjóðleiðin Skógfellsstígur en bætt er við ákvæði að um grannsvæði er umferð gangandi ekki bönnuð en ekki skal leyft að koma upp áningarstöðum þar sem búast má við viðveru göngumanna innan grannsvæðisins. Þá eru veglagnir og áburðanotkun ekki leyfð á grannsvæðinu.

Skilmálar

- Á grannsvæði er óheimilt að nota eða hafa birgðir af efnum sem geta mengað grunnvatn. Hér er m.a. átt við olíu, bensín eða skyld efni, vegsalt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og áburður (tilbúinn eða af öðru tagi), sorp og annar úrgangur. Auk þess efni sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn.
- Ekki skal leyfa nýjar byggingar, frístundahús eða þess háttar á grannsvæði.
- Umferð gangandi er heimil á grannsvæðinu en ekki er leyft að koma upp áningarstöðum þar sem búast má við viðveru göngumanna innan grannsvæðisins.
- Veglagnir og áburðanotkun ekki leyfð á grannsvæðinu

8.3.3 Fjarsvæði (VF)

Gert er ráð fyrir þremur undirflokkum fjarsvæða í aðalskipulaginu.



Munurinn á verndunarkröfum milli flokka er einkum fólgin í því að á mikilvægustu svæðunum eru gerðar miklu strangari kröfur um þá starfsemi sem nú er á svæðinu og um leyfi til hvers konar nýrrar starfsemi.

Skipting aðalskipulags í fjarsvæði vatnsverndar byggir á skiptingu svæðisskipulags Suðurnesja 1987-2007 fyrir vatnsverndarsvæði.

Til viðbótar við þau meginmarkmið sem fram koma hér að framan hefur verið tekið mið af eftirfarandi meginatriðum fyrir fjarsvæði vatnsverndar:

- a. Að varðveita eins mikið af vatnstökusvæðum og hægt og skynsamlegt er með tilliti til þróunar byggðar.
- b. Meginatriði eru gæði vatns og magn og hversu auðvelt er að ná því upp á yfirborðið. Auk þess skiptir nálægð við byggð miklu máli. Sumt vatn er ekki drykkjarhæft en hins vegar nothæft til fiskeldis og annars atvinnurekstrar.
- c. Vatnasvæðin hafa þann eiginleika að þau eru sameiginlegur vatnsgeymir í berggrunninum þar sem hægt er að ná í vatn mjög víða með borun en þó ekki alls staðar. Vegna þessa er nauðsynlegt að viðhafa mjög víðtæka vernd á öllum svæðunum, t.d. hvað snertir meðferð og vörslu efna, almennar mengunarvarnir og kröfur um frárennsli. Munurinn á verndunarkröfum er einkum fólgin í því að á mikilvægustu svæðunum eru gerðar miklu strangari kröfur um þá starfsemi sem nú er á svæðinu og um leyfi til hvers konar nýrrar starfsemi.

Grunnvatnið á öllum Reykjanesskaga utanverðum er sérstætt að því leyti að grunnvatnslagið flýtur á sjó í berginu og er tiltölulega þunnt. Ofdæling leiðir til uppdráttar sjávar og mengunar (söltunar) grunnvatnsins þannig að það getur orðið óneysluhæft á stórum svæðum í langan tíma. Nauðsynlegt er að settar verði reglur um vatnstöku til að koma í veg fyrir óþarfa spjöll á auðlindinni.

Skipting fjarsvæða er eftirfarandi:

VF-1

Svæðið nær yfir aðalvatnasvæðið þar sem vatn er bæði mest og best. Þetta svæði þarf ströngustu vernd án tímamarka. Á þessu svæði eru fá mannvirki og lítil starfsemi.

Þessi svæði eru sérstök bæði hvað snertir vatnssæld og vatnsgæði. Vatnsvinnsla hefur því forgang umfram aðra landnýtingu og þurfa þessi svæði því varanlega og ýtrustu vernd.

Á þessu svæði er öll varsla og meðferð neysluvatnsspillandi efna bönnuð umfram óhjákvæmilega lágmarksnotkun vegna umferðar og annarrar leyfðrar starfsemi. Meðal skaðlegra efna eru t.d. olíur, bensín eða skyld efni, vegsalt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og áburður (tilbúinn eða af öðru tagi) og sorp og annar úrgangur. Gæta skal ýtrustu varúðar í meðferð þessara efna þar sem vitað er um sprungur eða misgengi. Óheimilt er að veita niður frárennsli frá hvers konar starfsemi heldur skal það ávallt tengt rotþró sem hægt sé að flytja brott til tæmingar.



VF-2

Þessi flokkur tekur til svæða þar sem vatn er yfir seltumörkum fyrir neysluvatn (200 ppm klóríð) en er hins vegar mjög hentugt til fiskeldis og til sums iðnaðar. Þessi svæði þurfa að fá ákveðna vernd, t.d. gagnvart vörslu og meðferð skaðlegra efna, og gera þarf mengunar- og frárennisliskröfur til starfsemi á svæðinu.

- Á þessum svæðum er vatn sem er miður hæft til drykkjar vegna seltu (yfir 200 ppm klóríð), en nothæft til fiskeldis og sums annars atvinnurekstrar. Þessi svæði eru á afrennissvæði aðalvatnasvæðis (VF-1) og þarf því einkum að gæta þess að spilla ekki því vatni sem taka má á þessum svæðum.
- Á þessum svæðum er öll varsla og meðferð neysluvatnsspillandi efna (sjá VF-1) bönnuð umfram óhjákvæmilega notkun vegna umferðar og annarrar leyfðrar starfsemi. Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi skal ýrustu varúðar gætt í meðferð þeirra efna. Veittar verði undanþágur fyrir þá atvinnustarfsemi, þ.m.t. efnisnám, sem fyrir er á svæðunum að fullnægðum kröfum um frárennsli og mengunarvarnir. Ný starfsemi í fiskeldi, landbúnaði, efnisnámi og öðrum atvinnurekstri verði háð skilyrðum um meðferð efna, frárennsli o.fl. Öll nauðsynleg samgöngumannvirki séu heimil að fullnægðum skilyrðum um mengunarvarnir.

VF-3

Að lokum er svo flokkur sem nær yfir fjalllendi og aðrennissvæði og þarf ákveðna vernd.

Grunnvatn frá þessum svæðum streymir inn á vatnasvæði í flokkum VF-1 og VF-2 og þarf því viðeigandi vernd.

- Á þessu svæði er öll varsla og meðferð neysluvatnsspillandi efna (sjá VF-1) bönnuð umfram óhjákvæmilega notkun vegna umferðar og annarrar leyfðrar starfsemi. Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi skal ýrustu varúðar gætt í meðferð þeirra efna. Orkuver, leiðslur og lagnir frá þeim, vegir vegna þessara framkvæmda og tilheyrandi efnisnám séu heimil með ýrustu kröfum um mengunarvarnir og frárennsli. Leyfa má efnisnám, enda sé gætt fyllstu varúðar og þess gætt að engin olía né bensín fari niður og frárennsli frá vinnuskúrum sé með fullnægjandi frágangi.

Breytingar frá gildandi aðalskipulagi

- Vatnsból sveitarfélagsins við lóðarmörk fiskeldisstöðvar í Vogavík hefur verið lagt af (verður þó áfram nýtt fyrir fiskeldið) og því er grannsvæði vatnsverndar ekki lengur skilgreint umhverfis vatnsbólið.
- Nýtt vatnsból sveitarfélagsins sunnan þéttbýlisins í Vogum, handan Reykjanesbrautar, flyst um 1,5 km til suðvesturs frá þeim stað þar sem gert var ráð fyrir að það væri staðsett í gildandi aðalskipulagi. Vegna þess breytast mörk og stæðir brunn- og grannsvæðis umhverfis vatnsbólið.



8.4 Svæði undir náttúruvá (NV)

Svæði þar sem hættu er talin stafa af náttúruhamförum, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri).

Almenn ákvæði:

- Í aðalskipulagi er stefnt að því að allir íbúar sveitarfélagsins búi við góð búsetuskilyrði í fallegu og öruggu umhverfi, þ.m.t. vegna náttúruvár.
- Við hönnun mannvirkja verður tekið mið af reglugerðum og samþykktum stöðlum um jarðskjálftahönnun mannvirkja.
- Fylgst verður náið með sjóvarnargörðum í sveitarfélaginu og þeim viðhaldið þannig að þeir teljist fullnægjandi varnir gegn ágangi sjávar.
- Fylgst verður náið með öllum langtímabreytingum á sjávarstöðu og ráðstafanir gerðar í samræmi við þær.
- Við gerð deiliskipulags fyrir uppbyggingarsvæði skulu leiðbeiningar um skipulag á lágsvæðum hafðar til hliðsjónar.
- Við staðarval nýrrar uppbyggingarsvæða þarf að hafa eftirfarandi þætti í huga vegna hættu á sjávarflóðum:
 - Sjávarborð fer hækkandi (óljóst hversu mikið)
 - Landsig er í sveitarfélaginu sem er lágrent með strönd (óljóst hversu mikið)
 - Landbrot vegna sjógangs er víða við Vatnsleysuströnd

Í aðalskipulagi skal auðkenna og gera grein fyrir svæðum undir náttúruvá, staðsetningu þeirra, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð. Gera skal grein fyrir núverandi og fyrirhuguðum varnavirkjum vegna ofanflóða, sjávarflóða og vatnsflóða. Einnig skal gera grein fyrir hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðum undir náttúruvá ásamt nærliggjandi svæðum og hvernig hún fellur að reglum sem gilda á hverju svæði fyrir sig.

8.4.1 Sjávarflóð

Á strönd sveitarfélagsins er hættu fyrst og fremst talin stafa af sjávarflóðum, en minni hættu af jarðskjálftum og eldgosum. Áhrifa hækkunar sjávarborðs myndi fyrst gæta á lágsvæðum eins og í Vogum, á Vatnsleysuströnd og á ströndinni við Hvassahraun. Þeir skilmálar eru settir varðandi nýjar byggingar á þessum svæðum að lágmarksgólfkóti er 4,75 m.y.s. (í hæðarkerfi Reykjavíkur).

Byggðir hafa verið eftirfarandi sjóvarnargarðar í sveitarfélaginu:

- Vogar, norðan Hafnargötu að Grænuþorg
 - Á árunum 1990 - 2017 = 610 m og 7.320 m³
- Vogar, frá Stóru-Vogaskóla og suður fyrir byggð
 - Á árunum 1990 - 2008 = 520 m og 6.240 m³



- Brunnastaðahverfi
 - Á árunum 1990 - 2004 = 960 m og XX m³
- Vogavík
 - Árið 2008 = 45 m og 540 m³
- Kálfatjörn
 - Árið 2007 = 480 m og 5.760 m³
- Auðnir
 - Árið 2004 = 145 m og 1.740 m³
- Narfakot
 - Árið 2013 = 185 m og 2.220 m³
- Minna Knarranes
 - Árið 2006 = 420 m og 5.040 m³
- Stóra Knarranes (Breiðagerðisvík)
 - Árið 2013 = 200 m og 2.400 m³
 - Árið 2017 = 140 m og 1.680 m³

Gert er ráð fyrir að byggðir verði sjóvarnargarðar á eftirtöldum stöðum á skipulagstímabilinu:

- Stóra Knarranes / Breiðagerðisvík (skv. samgönguáætlun)
 - Árið 2023 = 350 m og 4.200 m³
- Við Vogatjörn í þéttbýlinu í Vogum (skv. gildandi aðalskipulagi en hefur ekki verið byggður)
 - 120 m og 1.440 m³
- Grænaborg (skv. gildandi aðalskipulagi en hefur ekki verið byggður)
 - 220 m og 2.640 m³
- Djúpvogur (skv. gildandi aðalskipulagi en hefur ekki verið byggður)
 - 180 m og 2.160 m³

Við hönnun og byggingu sjóvarnargarða verði þess gætt að raska sem minnst fornminjum svo sem gömlum vörum.

Ekki er talin hætta á sjávarflóðum í sveitarfélaginu þar sem varnargarðar eru meðfram sjónum við núverandi og fyrirhuguð svæði fyrir mannvirki.

8.4.2 Jarðskjálftar

Landinu hefur verið skipt niður í sex hönnunarhraðasvæði, sbr. kort Björns Inga Sveinssonar og Páls Halldórssonar 2009 (sjá greinargerð aðalskipulags með forsendum).

Norðurhluti Sveitarfélagsins Voga heyrir til þess álagssvæðis þar sem hröðunin er 0,15 g, þ.e. 15% af þyngdarhröðuninni en suðurhluti sveitarfélagsins heyrir til þess álagssvæðis þar sem hröðunin er 0,20 g, þ.e. 20% af þyngdarhröðuninni.

Við hönnun á mannvirkjum skal notast við hönnunarhröðun hvers svæðis.

Innan sveitarfélagsins eru helstu upptök jarðskjálfta í norðan og austan Grindavíkur en þéttbýlishluti Voga er aðeins um 10 km frá upptökum þeirra skjálfta. Áhrifa skjálfta gætir því nokkuð í þéttbýlinu



og á byggðum svæðum á Vatnsleysuströndinni. Uppland sveitarfélagsins er nær skjálftaupptökum sunnan Reykjanesbrautar og eru áhrifin þar meiri en þau svæði eru að mestu óbyggð.

8.4.3 Eldgos

Eldgos hófst við Fagradalsfjall í Grindavíkurbæ þann 19. mars 2021 í kjölfar jarðskjálftahrinu sem stóð í meira en 3 vikur. Eldgosið kom úr kvikugangi sem náði frá Keili að Fagradalsfjalli. Eldgosið stendur enn yfir (september 2021).

Þar til í ár hafði ekki gosið á Reykjaneskaga í um 800 ár. Samkvæmt rannsóknum sem ná yfir síðustu 11.700 árin hefur gosið í kerfunum á 900-1100 ára fresti. Á hverju gosskeiði verða flest eldstöðvakerfin virk, þó oft með löngum hléum á milli. Gosvirknin einkennist af eldum sem standa í nokkra áratugi hver og hvert gosskeið virðist standa í um 500 ár. Núverandi gos í Geldingadal er í um 8 km fjarlægð í norðaustur frá Grindavík, um 10 km sunnan Reykjanesbrautar og um 11 km frá þéttbýlinu í Vogum. Gosið telst lítið en en vísbendingar eru um að um svokallað dyngjugos sé að ræða, en slík gos geta varað árum saman. Vegna fjarlægðar verður að teljast ólíklegt að hraunrennsli nái að Reykjanesbraut en það er þó ekki útilokað ef gosið dregst á langinn.

Í ljósi framangreinds er margt sem bendir til þess að nýtt tímabil jarðelda sé hafið á Reykjanesi. Á slíkum tímabilum flyst virknin oft til á milli eldstöðvakerfa á og því ekki útilokað að umbrot komi til með að eiga sér stað nær Reykjanesbraut með tilheyrandi hættu á að hraunrennsli nái til vegarins. Sem dæmi náðu tvö hraun að renna yfir vegstæði Reykjanesbrautar í eldsumbrotum á Reykjanesi frá um 800 til 1240, það er Tvíbollahraun/Hellnahraun á 10. öld sem kom úr Brennisteinsfjallakerfinu og Kapelluhraun sem álverið stendur á, en það kom úr Krýsuvíkurkerfinu um miðja 12. öld.

Gefin hefur verin út rýmingaráætlun fyrir Sveitarfélagið Voga í samstarfi við Almannavarnir. Í skipulagi Almannavarna er rýming hluti af mótvægisáðgerðum til að draga úr áhrifum hættu á samfélag og íbúa þess, áður en neyðarástand á sér stað eða á meðan neyðarástand varir. Það felur í sér að íbúar flytja á öruggari stað og síðan að þeir komist öruggir heim aftur í lok neyðarástands. Til að rýming gangi vel fyrir sig er mikilvægt að til sé áætlun um framkvæmd rýminganna.

8.5 Varúðarsvæði (VA)

Svæði þar sem heilsu eða öryggi kann að vera ógnað, svo sem vegna hávaða, mengunar, hættulegra efna og annarra takmarkana sem setja þarf í varúðarskyni.

Almenn ákvæði:

Engin svæði innan marka sveitarfélagsins flokkast sem varúðarsvæði.

8.6 Minjavernd (MV)

Minjaverndarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornleifar og friðaðar fornminjar, hús og mannvirki sem njóta sjálfkrafa verndar á grundvelli aldurs þeirra samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum



laga um menningarminjar nr. 80/2012. Friðlýsing felur í sér að gefið er út sérstakt friðlýsingarskjal og friðlýsingu þinglýst sem kvöð á viðkomandi jörð eða lóð. Um allar þjóðminjar gilda ákvæði 21. greinar laga um menningarminjar nr. 80/2012 um að fornleifum má enginn spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja án samþykkis Minjastofnunar Íslands. Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 gefur Minjastofnun Íslands út skrá um friðlýstar fornleifar. Í lögunum er kveðið á um að þeim minjum sem friðlýstar eru, skuli fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Komi minjar í ljós við framkvæmdir ber að stöðva verkið og tilkynna Minjastofnun Íslands sem úrskurðar hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

Merkileg náttúrufyrirbrigði og menningarminjar í Sveitarfélaginu Vogum eru sérstaklega verðmæt vegna nálægðar við mesta þéttbýli landsins og alþjóðaflugvöll. Þessar perlur eru þannig staðsettar að auðvelt er fyrir marga að njóta þeirra í framtíðinni, hvort heldur til rannsókna, kennslu, fræðslu og ferðamennsku. Vatnsleysuströndin er eitt af fáum svæðum í nánd við höfuðborgarsvæðið sem býður uppá ósnortin strandsvæði og því er mikilvægt að bæta aðgengi að henni. Hægt er að líta á náttúru- og söguminjarnar sem auðlind, bæði í menningarlegu tilliti og vegna útivistar og ferðaþjónustu.

Almenn ákvæði:

- Stefna sveitarfélagsins er að vernda fjölbreytileika náttúrunnar og mikilvægar náttúruminjar sem finna má víðsvegar í víðfeðmu landi sveitarfélagsins.
- Stefnt er að verndun náttúruminja í sveitarfélaginu og friðlýsingu þeirra. Slík svæði eru sett undir hverfisvernd (sjá kafla um hverfisvernd).
- Á þeim svæðum sem eru mikilvæg fyrir útivist og náttúruskoðun skal gera ráð fyrir merkingum og góðu aðgengi eftir því sem aðstæður leyfa.
- Þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir á náttúruverndarsvæðum skal fara varlega í framkvæmdir. Allar framkvæmdir eru háðar umsögn Umhverfisstofnunar þar sem minnsta hættu er á röskun náttúruminja við framkvæmdir, sbr. 38. gr. náttúruverndarlaga

8.6.1 Fornminjar

Sveitarfélagið Vogar er afar ríkt af fornminjum því hér var eitt helsta útræði landsins fyrr á öldum og eru minjar um það vel varðveittar vegna þess hve lítið var sléttað hér undir tún á síðustu öld. Hinsvegar hefur mikið af fornminjum tapast í sjó vegna landbrots og margar minjar eru um það bil að tapast í sjó eða undir brimvarnargarða.

Eins og fram kemur í forsenduhluta greinargerðar aðalskipulags var aðalskráning fornleifa unnin fyrir sveitarfélagið á tímabilinu 2007-2016.

Skráðar minjar í Sveitarfélaginu Vogum skv. aðalskráningu eru 1.506 fornleifar og af þeim eru 83 taldar vera í mikilli hættu og í langflestum tilvikum er það vegna landbrots. 816 fornleifar eru taldar vera í hættu vegna ábúðar, því þó að hefðbundnum búskap sé hætt á svæðinu, er búið á flestum jörðunum og því fylgir óhjákvæmilega hættu á framkvæmdum sem gætu raskað minjastöðum í nágrenninu.



Í fornleifaskráningu eru listaðar upp minjastaðir sem taldir eru áhugaverðir fyrir þær sakir að hafa sérlega mikið varðveislu- eða rannsóknargildi og/eða henta vel til kynningar fyrir almenning.

Staðir þessir eru listaðir upp hér að neðan og vakin sérstök athygli á þeim í aðalskipulagi:

- Bæjarhóll Stóru-Voga 123:001 og kirkja 123:002. Bæjarhóllinn er í stórhættu vegna landbrots og hefur hluti hans þegar skolast á haf út. Bæjarhóllinn er enn nokkuð stæðilegur og geymir að líkindum minjar um búsetu á staðnum frá landnámstíð. Talið er að hálfkirkja í Stóru Vogum hafi verið á vestanverðum bæjarhólnum. Hún kann að vera horfin vegna landbrots en mannabein 123:059 sem fundust í sniði á bæjarhólnum gefa til kynna staðsetningu kirkju og kirkjugarðs. Mikilvægt er hafist verði handa við rannsókn og/eða aðgerðir sem tryggja varðveislu minjanna svo að ekki verði frekari skemmdir á þeim. Þær hafa afar mikið rannsóknargildi og geta varpað ljósi á upphaf og þróun byggðar í sveitarfélaginu.
- Býlið Brekka 123:036 undir Vogastapa hefur mikið varðveislu- og kynningargildi en þar er vel varðveitt býlisheild. Á svæðinu gefur að líta fjölmörg mannvirki þurrabúðar sem fyrst var byggð 1848 og varð síðar grasbýli.
- Býlið Hólmsbúð 123:038 er litlu norðan við Brekku 123:036 en þar eru miklar mannvirkjaleifar sem tengjast umfangsmiklu útræði frá miðri 19. öld og fram yfir aldamótin 1900. Þessar minjar hafa mjög gott kynningar- og varðveislugildi.
- Verbúðin Kerlingarbúðir 123:031 er um 400 m norðvestan við Brekku 123:036. Þar sjást enn minjar um verbúð sem er nokkuð fornleg og er í stórhættu vegna landbrots. Varðveittar verbúðir eru afar fáar en þær geta veitt mikilvægar upplýsingar um húsakost, aðbúnað og annað sem varpar ljósi á lífið í verbúðum á Íslandi. Sökum þeirrar bráðu hættu sem verbúðin er í er nauðsynlegt að grípa til ráðstafanna til að tryggja varðveislu hennar eða að öðrum kosti að rannsaka þær minjar sem þar eru, áður en þær skolast á haf út.
- Stapavegur/Gamlivegur 641:009 er gömul leið sem er rudd og upphlaðin á köflum. Hún sést greinilega skammt frá þéttbýlinu í Vogum og er hægt að fylgja henni upp á Vogastapa en af henni er farið niður að Brekku, Hólmsbúð, Kerlingarbúðum og fleiri minjum norðan við Vogastapa. Leiðin hefur varðveislu- og kynningargildi.
- Öll þau fjölmörgu sel sem skráð voru í Vogaheiði og Strandarheiði hafa mikið rannsóknargildi og geta mögulega varpað nýju ljósi á þróun og hlutverk selja á fyrri öldum. Þau eru einnig kjörnir áfangastaðir fyrir göngufólk og aðra áhugasama um svæðið og henta því vel til kynningar.
- Í Goðhól 151:030 er vel varðveitt minjaheild býlis en þar var búið allt til 1933 og hafa minjarnar á þessum stað mikið varðveislu- og kynningargildi. Tryggja þarf gott aðgengi að minjunum en þær eru í jaðri Kálfatjarnargolfvallar.
- Á jörðinni Flekkuvík eru skráð níu býli. Minjar um fimm þeirra eru sjást enn og staðsetning eins til viðbótar kunn. Ekki er vitað um staðsetningu þriggja býla. Svo góð varðveisla er óvanaleg í þessum minjaflokki en þess má geta að tóftir þriggja þeirra eru innan túngarðs. Frekari rannsókn á býlunum myndi geta sagt mikið um þróun byggðarinnar í sveitarfélaginu og allar aðstæður og líf fólksins sem þarna bjó.
- Í túni Flekkuvíkur er svokallað Flekkuleiði 157:027 og á því er rúnasteinn. Þó að uppgröftur árið 1841 á þessum stað hafi leitt í ljós að þar hafi ekki verið legstaður er rúnasteinninn og sagan sem fylgir honum merkileg. Staðurinn hefur því mikið kynningargildi og væri hægt að



vekja athygli á honum með einhverjum hætti þar sem viðbúið er að ókunnugir komi ekki auga á hann.

- Staðarborg 151:049, reisuleg og sérlega vel varðveitt, steinhlaðin fjárborg sem gott aðgengi er að. Hún hefur því mikið varðveislu- og kynningargildi.
- Gamla heimatún Hlöðuness 137:001 með kálgörðum, túngörðum, varnargarði, útihúsum og brunni er einstök minjaheild sem er að miklu leyti óröskuð frá því að jörðin fór úr ábúð upp úr miðri 20. öld. Mikið er af heillegum minjum í túninu sem hafa mikið varðveislu- og kynningargildi.
- Oddastaðasel 159:073 er fallett sel sem lætur lítið yfir sér en er gott dæmi um það hvernig menn gátu lagað sig að þröngum aðstæðum. Í selinu er fjöldi tófta og skammt frá því eru tóftir 159:082 sem tengjast að öllum líkindum seljabúskapnum. Síðasttöldu minjarnar eru í stórhættu vegna ágangs ferðafólks á Keili en gönguleið á Keili liggur yfir eina tóftina. Mikilvægt er að beina umferð fólks framhjá minjunum. Vegna þess hve gönguleiðin liggur nálægt Oddafellsseli ætti að vera auðvelt að kynna minjarnar fyrir þeim sem leið eiga um svæðið. Minjarnar hafa mikið varðveislu- og kynningargildi.
- Landamerkjavarða 159:046 hefur mikið rannsóknar- og varðveislugildi. Hún er að sögn á landamerkjum milli Stóru-Vatnsleysu og Akurgerðis, forns býlis sem nú er horfið og lítið er vitað um. Varðan er eini sýnilegi minnisvarðinn um fornbylið Akurgerði og væri áhugavert að rannsaka hana og reyna að aldursgreina. Varðan er niður við fjöru og er í hættu vegna landbrots.
- Áletrun 159:052 á meintum legsteini hefur mikið varðveislugildi. Svo virðist sem að á steininum sé fangamarkið GI og ártalið 1643 eða 1649. Sé um legstein að ræða er hann að öllum líkindum úr kirkjugarði Stóru-Vatnsleysu þó að hann sé ekki lengur á upprunalegum stað. Meintur legsteinn gefur vísbendingu um það hversu lengi kirkjan var í notkun og að jarðað hafi verið í kirkjugarðinum fram um miðja 17. öld.
- Knarrarnessel 145:035 og Knarrarnesselsstígur 143:024 mynda einstaka minjaheild sem hefur mikið varðveislu- og kynningargildi. Selsstígurinn sést á löngum köflum frá Hrafnagjá og að Knarrarnesseli. Á svæðinu eru þrjú sel og fjöldi tófta en á öllum selstæðunum sjást misjafnlega fornlegar rústir sem bendir til þess að seljabúskapur hafi verið stundaður lengi á þessum stað.
- Minjar um býlin Atlagerði 140:049, Gerðakot 140:050 og Gerðar 140:051 eru á Atlagerðistanga. Leifar þurrabúðanna eru nokkuð vel varðveittar en þær eru mikilli hættu vegna landbrots. Minjarnar eru til vitnis aðbúnað og aðstæður þurrabúðarfólks sem hafðist við á þessum býlum. Allgott aðgengi er að minjunum og hafa þær mikið varðveislu- og kynningargildi.
- Í Stóra-Knarrarnesi myndar bæjarhóll 143:001 með tóftum og kálgörðum (143:002 og 143:003) fallega minjaheild sem hefur mikið kynningar- og varðveislugildi.
- Kotbrunnur 159:026 hefur mjög mikið kynningar- og varðveislugildi. Brunnurinn er í túni Stóru-Vatnsleysu þar sem fjöldi býla stóð í byrjun 20. aldar. Nánast öll ummerki um byggðina hafa verið jöfnuð við jörðu en brunnurinn er enn á sínum stað, mjög heillegur og fallega hlaðinn. Hann er því mikilvægur minnisvarði um horfna byggð.
- Hrísatóarstígur/Rauðhólsstígur 159:078 er rudd gata yfir úfið hraun á milli Rauðhólasels og Seltóar/Hrísatóar. Leiðin hefur mikið kynningar- og varðveislugildi en um mikið mannvirki er



að ræða. Mjög gott aðgengi er að leiðinni en hún er greinileg frá malarvegi sem liggur upp að Keili og er auðvelt að fylgja henni inn í Seltó og Hrísató um 900 m langan veg þar sem eru gróðureyjar í úfnu Afstapahrauninu.

- Í landi Breiðagerðis er spennandi þúst 145:030 sem ekki er vitað hvaða hlutverki gegndi en er tengist mögulega sjósókn eða er leifar af þurrabúð. Þústin er í hættu vegna landbrots og hefur hún því hátt rannsóknargildi.
- Á Bieringstanga er falleg og lítt röskuð minjaheild sem hentar einstaklega vel til kynningar. Þar má sjá minjar um grasbýli (Grund 130:016, Vorhúsabæir 130:017/130:018, Hausthús 130:019, Hvammur 130:020) og þurrabúðir (Töðugerðisbæir 131:011/131:012) sem byggðust upp úr miðri 19. öld og fóru í eyði á fyrstu áratugum 20. aldar. Byggðin á tanganum reis í kringum stórauka útgerð, fiskvinnslu og verbúðir í Tangabúð 130:022 og seinna Klapparholt 130:021 og er minnisvarði um mikinn uppgangstíma í sveitarfélaginu sem varði í nokkra áratugi.
- Bænhúshóll/Kirkjuhóll 130:002. Aðeins eru fjórir þekktir staðir í Vatnsleysustrandarhreppi þar sem heimildir eru um að hafi verið kirkja eða bænhús og er það tiltölulega lágt hlutfall. Bænhúshóll í landi Brunnastaða er afgerandi hóll í túni þar sem komið hafa upp mannabein og legsteinn við túnasléttun. Ljóst er að þar var bænhús og kirkjugarður í kaþólskum sið. Staðurinn hefur mikið rannsóknargildi.
- Grjóthlaðinn grunnur Suðurkotsskóla 132:003 sést enn og hentar staðurinn vel til að kynna langa sögu skólareksturs í sveitarfélaginu. Skólinn var byggður árið 1872 og byggt var við hann árið 1886. Hann er því með fyrstu barnaskólum á landinu.
- Við Strandarveg/Gamlaveg 641:011 er tóft 130:113 af mjólkurkofa sem er merkilegur vitnisburður um mjólkursölu á Vatnsleysuströnd til Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Víðar í hreppnum eru sambærilegar tóftir. Vegurinn og tóftirnar henta vel til þess að kynna þennan kafla í atvinnusögu sveitarfélagsins sem er af flestum frekar þekkt fyrir sjósókn en sem landbúnaðarsvæði sem framleiddi mjólk og seldi til annarra sveitarfélaga.
- Elsta bæjarstæði Halakots 131:001 er illa farið af landbroti og er komið í sjávarkampinn. Aðeins sjást hleðslur á tveimur stöðum þar sem talið er að bærinn hafi staðið. Bæjarstæðið hefur mikið rannsóknargildi og gæti gefið mikilvægar upplýsingar um upphaf og þróun hjáleigubýggðar í Brunnastaðahverfi og í sveitarfélaginu öllu.
- Alfaraleið/Almenningsvegur 641:003 er mjög heilleg í landi Hvassahrauns. Þar er bæði greinileg gata og margar vörður við hana. Margar þeirra eru litlar og sennilega ungar en þar eru einnig stórar og voldugar vörður sem vísa veginn. Gott aðgengi er að leiðinni frá mislægum gatnamótum við afleggjara að Hvassahrauni og hentar leiðin vel til kynningar.
- Fjárskýli 160:041 í Loftsskúta er fallett dæmi um þau fjölmörgu fjárskýli sem eru í landi Hvassahrauns. Það hentar vel til kynningar á slíkum mannvirkjum og hlutverki þeirra og mikilvægi.
- Varða 131:024 er annað tveggja sundmerkja í landi Halakots. Sundmerki voru mikilvæg mannvirki sem hjálpuðu sjómönnum að rata rétta og örugga leið til lands á bátum sínum. Fjöldi manngerðra sundmerkja niður við ströndina hefur horfið og hefur því varðan í Halakoti mikið varðveislugildi en einnig gæti hún hentað til kynningar.
- Gjasel 130:082 hefur ákveðna sérstöðu meðal selja í sveitarfélaginu og hentar vel til kynningar en einnig til rannsókna á þróun og eðli seljabúskapar á svæðinu. Í selinu er ekki



hefðbundin seltóft með þremur hólfum sem raðast í hnapp, heldur ílöng, stór tóft með átta hólfum.

- Búðarvatnsstæði 160:051 í landi Hvassahrauns er áhugaverður staður sem hentar bæði til kynningar og til rannsókna. Nafnið bendir til þess að þar hafi verið einhvers konar búð. Vatnsstæðið er sennilega það stærsta í sveitarfélaginu og virðist manngert að einhverju leyti. Þar sáust mjög óljós merki um tóft við suðvesturhorn vatnsstæðisins. Fróðlegt væri að kanna hvort um tóft er að ræða og reyna að komast að hlutverki hennar.

Unnar hafa verið nokkrar fornleifaskráningar eða deiliskráningar fyrir afmörkuð svæðið í sveitarfélagi og eru þær eftirfarandi:

- Iðnaðarlóð við Vogaveg - Deiliskráning
- Sjóvarnir í Breiðagerðisvík - Deiliskráning
- Vogavík - Deiliskráning
- Grænuborgarsvæði - Deiliskráning
- Miðbæjarsvæði - Deiliskráning
- Fornleifarskráning vegna vegagerðar við tilraunaborholur hjá Trölladyngju
- Fornleifaskýrsla Hvassahraun
- Fornleifaskráning vegna hjólréiðastíga meðfram Vatnsleysustrandarvegi

8.6.2 Byggingar

Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 segir m.s. að öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð. Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Minjastofnun Íslands er heimilt að afnema friðun sem byggist á aldursákvæðum þessarar greinar. Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Friðlýsing húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu þeirra. Við gildistöku laga um menningarminjar nr. 80/2012 1. janúar 2013 féllu lög um húsafriðun nr. 104/2001 úr gildi. Samkvæmt þeim lögum voru öll hús á Íslandi friðuð sem byggð eru fyrir 1850 og allar kirkjur sem byggðar eru fyrir 1918. Friðun samkvæmt eldri lögum samsvarar friðlýsingu í gildandi lögum. Auk þess hafði ráðherra friðað yngri byggingar að tillögu húsafriðunarnefndar, sem talin voru hafa sérstakt hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.

Eitt mannvirki í sveitarfélaginu er friðlýst og er það Kálfatjarnarkirkja.

Nafn	Bygg. ár	Upphafleg notkun	Núverandi notkun
Kálfatjarnarkirkja	1892-1893	Kirkja	Kirkja

Mannvirki 100 ára og eldri ásamt mannvirkjum sem falla undir skilgreiningu 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru eftirfarandi:



Nafn	Bygg. ár	Upphafleg notkun	Núverandi notkun
Skjaldbreið	1850	Hlaða	Verið að endurgera
Bakki	Fyrir 1850	Íbúðarhús	Frístundahús
Ytri-Ásláksstaðir	1883-1884	Íbúðarhús	Ekki í notkun
Kálfatjarnarkirkja - friðlýst	1892-1893	Kirkja	Kirkja
Litlibær	Fyrir 1884	Bær	Íbúðarhús
Höfði	1850		Frístundahús
Norðurkot	1903	Skóli	Flutt að Kálfatjörn 2005 og endurbyggður af Minjafélaginu. Skólaminjasafn
Neðri Brunnastaðir-Húsið	1903?	Íbúðarhús	Íbúðarhús
Austurkot	1911	Íbúðarhús	Íbúðarhús
Vindmylla	1918-1919	Mylla	Aflögð 1920-21
Hábær	1922	Íbúðarhús	Uppgert. Íbúðarhús
Minni-Vogar	1922	Íbúðarhús	Íbúðarhús
Landakot	1922/1926	Íbúðarhús	Íbúðarhús
Naustakot	1924	Íbúðarhús	Frístundahús

Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Öll mannvirki í sveitarfélaginu sem byggð voru fyrir árið 1925 eru umsagnarskyld hjá Minjastofnun Íslands ef til stendur að breyta þeim, flytja þau eða rífa þau.

8.7 Friðlýst svæði (FS)

Friðlýst svæði skiptast í eftirfarandi flokka samkvæmt VIII. kafla náttúruverndarlaga nr. 60/2013: Náttúruvé, óbyggð víðerni, þjóðgarðar, náttúruvætti, friðlönd, náttúruminjar í hafi og fólkvangar.

Almenn ákvæði:

Til að stuðla að markmiðum náttúruverndarlaga getur ráðherra friðlýst landsvæði, einstakar náttúrumyndanir, náttúruminjar í hafi, vatnasvæði og heildstæð vatnakerfi. Ákvarðanir um friðlýsingar skal ráðherra byggja á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Ráðherra er heimilt að ákveða friðlýsingu með samþykki landeiganda og viðkomandi sveitarfélags þótt ekki sé gert ráð fyrir henni á framkvæmdaáætlun. Áður skulu friðlýsingaráformin þó kynnt. Hvers konar athafnir eða framkvæmdir sem ganga gegn markmiði friðlýsingar og geta skaðað verndargildi friðlýstra



náttúruminja eru óheimilar nema samkvæmt sérstakri undanþágu. Það varðar refsingu að spilla friðlýstum náttúruminum.

Skv. skrá um friðlýstar fornleifar, 1. útgáfu (1990), er eftirtalið svæði friðlýstar fornleifar skv. Þjóðminjalögum og þar með skilgreint sem Þjóðminjaverndarsvæði:

Kálfatjörn (FS-1)

Fjárborg, sem kölluð er Staðarborg, 2-3 km frá bænum og í stefnu þaðan á Dyngjur.

Reykjanesfólkvangur (FS-2)

Reykjanesfólkvangur er að hluta innan Sveitarfélagsins Voga en fólkvangurinn er í heild 29.263 ha. Innan hans er gígasvæði í Vesturhálsi og Eldborg sem er einstakur gígur sem myndaðist á sögulegum tíma. Þar eru einnig móbergsfjöll sem myndast hafa við gos undir jökli. Sjá nánari upplýsingar í kafla 9.9

8.8 Önnur náttúruvernd (ÖN)

Svæði svo sem jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Jafnframt svæði sem skilgreind eru í verndarflokki í verndar- og orkunýtingaráætlun.

Almenn ákvæði:

Svæði sem eru á náttúruminjaskrá eða vernduð með öðrum hætti þarf að umgangast með varfærni. Leita skal umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði náttúruminum sem eru á náttúruminjaskrá.

Fimm svæði eru í sveitarfélaginu sem skilgreind eru sem *aðrar mikilvægar náttúruminjar* í C-hluta náttúruminjaskrár og eru þau eftirfarandi:

Tjarnir á Vatnsleysuströnd (ÖN-1)

Síkistjörn, Vogatjörn, Búðatjörn (Mýrarhústjörn), Gráhell, tjarnir við Hlöðunes, Ásláksstaðatjörn (Hallandatjörn), Sjónarhólstjörn, Knarrarnestjörn, Þórustaðatjörn (Landakotstjörn), Kálfatjörn (Kálfatjarnartjörn) og Bakkatjörn, ásamt nánasta umhverfi. Lífríkar tjarnir með fjölbreyttu fuglalífi³.

Hvassahraungígur (Strokkamelur) (ÖN-2)

Hvassahraunskatlar sunnan þjóðvegur (rétt sunnan Reykjanesbrautar) á móts við eyðibýlið Hvassahraun. Katlarnir eru regluleg hraundrýli á sléttri klöpp í Hvassahrauni.

Seltjörn, Snorrastaðatjarnir og hluti Hrafnagjár (ÖN-3)

(Sveitarfélaginu Vogum, Grindavík og Reykjanesbæ)

Svæði frá Seltjörn til Snorrastaðatjarna, ásamt skógarreitum. Einnig syðsti hluti Hrafnagjár. Gróskumikill gróður í Snorrastaðatjörnum. Gróðursælir skógarreitir undir Háabjalla og í Sólbrekkum. Mikilvægur áningarstaður farfugla vor og haust. Hrafnagjá er misgengissprunga með fjölbreyttum gróðri. Kjöríð útivistarsvæði.

³ Nöfn tjarna eru leiðrétt skv. heimildum ábúenda á Vatnsleysuströnd. Nöfn innan sviga eru þau sem notuð eru á náttúruminjaskrá en framan við sviga eru leiðrétt nöfn.



Keilir og Höskuldarvellir (ÖN-4)

(Sveitarfélaginu Vogum og Grindavík)

Mörk svæðisins eru um Keili að vestan, Markhelluhól að norðan, fylgja síðan vesturmörkum Reykjanesfólkvangs á móts við Hverinn eina, þaðan um Driffell í Keili. Mikið gígasvæði vestan í Vesturhálsi. Það liggur frá Höskuldarvöllum suður á milli Oddafells og Trölladyngju til Selsvalla, en úr gígaröðinni þar hefur Afstapahraun runnið. Gígasvæðið er að hluta innan Reykjanesfólkvangs. Á vesturmörkum svæðisins gnæfir móbergsfjallið Keilir.

Strandlengjan frá Fögruvík í Vatnsleysuvík að Straumi við Straumsvík (ÖN-5)


(Sveitarfélaginu Vogum og Hafnarfirði)

Fjaran og strandlengjan á u.þ.b. 500 metra breiðu belti, ásamt ísöltum tjörnum, frá botni Fögruvíkur að Straumi. Sérstætt umhverfi með miklu og óvenju fjölskrúðugu fjörulífi og gróðri. Tjarnir með mismikilli seltu og einstæðum lífsskilyrðum. Útivistarsvæði með mikið rannsóknar- og fræðslugildi í nánd við þéttbýli. Friðaðar söguminjar við Óttarsstaði.

Forðast ber að raska svæðum eða náttúrumyndunum sem skráðar hafa verið á C-hluta náttúruuminjaskrár nema almannahagsmunir krefjist þess og annarra kosta hafi verið leitað. Skyld er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna slíkra framkvæmda.

Hér að neðan má sjá skilgreind friðlýst svæði og náttúruverndarsvæði í Sveitarfélaginu Vogum.





8.9 Hverfisverndarsvæði (HV)

Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum.

Í aðalskipulagi er gerð grein fyrir hvaða þættir í umhverfi viðkomandi svæðis njóta skulu forgangs og tiltekinnar verndar. Ennfremur hvaða réttindi og kvaðir eru samfara hverfisvernd fyrir stjórnvöld og íbúa varðandi landnotkun og framkvæmdir.

Í skipulagsreglugerð er gerð grein fyrir gildi þeirra og sérákvæðum um vernd þar sem það á við. Allar framkvæmdir eða breytingar á hverfisverndarsvæðum eru háðar umfjöllun í umhverfisnefnd, skipulagsnefnd sem og staðfestingu sveitarstjórnar, sbr. skipulagslög.

Skilgreind svæði á skipulagsuppráttum

- Meginhluti strandarinnar frá Vogum að landamörkum Hafnarfjarðar ásamt tjörnum á Vatnsleysuströnd. Einnig ströndin sunnan Voga, Síkistjarnir og Kristjánstangi (HV-1)
- Vogastapi að Vogavík (HV-2)
- Hrafnagjá, Snorrastaðatjarnir og Háibjalli (HV-3)
- Keilir og Höskuldarvellir (HV-4)




- Önnur svæði á náttúruminjaskrá og aðrar fornleifar (HV-5)
 - Hvassahraunsgígar (Strokkamelur). Katlarnir og nánasta umhverfi þeirra. Svæðið er á náttúruminjaskrá.
 - Þvottatjarnir og Brugghellir

Almenn ákvæði:

- Hverfisvernd er ákvörðuð af bæjaryfirvöldum og er þá um að ræða verndun svæða vegna sérstakrar náttúru, landslags, söguminja eða umhverfis- og útivistargildis, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða. Bæjarstjórn getur þó heimilað vissa starfsemi eða framkvæmdir, sem tengjast eðli eða hlutverki svæðis í þágu almenningsútivistar og umhverfisfræðslu.
- Í eftirfarandi upptalningu hverfisverndaðra svæða er gerð grein fyrir tilgangi verndunar og helstu hverfisverndarákvæðum. Jafnframt er reiknað með að unnin verði áætlun, eða deiliskipulag fyrir einstök hverfisverndarsvæði, eftir því sem ástæða er til, þar sem verndunarákvæðum og aðgerðum er lýst nánar.
- Hyggist bæjarstjórn leyfa starfsemi eða framkvæmdir á hverfisvernduðu svæði, skal ákvörðun í þeim efnum tekin að fenginni umsögn skipulagsnefndar sveitarfélagsins og að undangenginni málsmeðferð í samræmi við ákvæði skipulagslaga, sem við á um breytingu á aðalskipulagi. Hverfisvernd verður einungis aflétt af skipulagssvæði í heild sinni með breytingu á aðalskipulagi.
- Heimilt er að byggja og halda við sjóvarnargörðum á svæðum sem falla undir hverfisvernd.

Hér að neðan má sjá skilgreind hverfisverndarsvæði í Sveitarfélaginu Vogum.





Eftirfarandi svæði verða skilgreind sem hverfisverndarsvæði í aðalskipulagi og eru settir sér skilmálar sem gilda um hvert þeirra.

8.9.1 HV-1: Ströndin frá Vogum að landamörkum Hafnarfjarðar ásamt tjörnum á Vatnsleysuströnd. Einnig ströndin sunnan Voga, Síkistjarnir og Kristjánstangi.

Um er að ræða svæði sem nær frá Búðatjörn (Mýrarhústjörn) í suðri (norðan þéttbýlis í Vogum) að landamörkum við Hafnarfjörð í norðri, að undanskildu svæðinu á milli Flekkuvíkur og frístundabyggðar í Hvassahrauni. Um er að ræða allt að 200 m breitt belti frá strönd en þar sem búsetulandslag er var reynt að afmarka hverfisvernd við það. Einnig fellur undir þennan flokk standsvæðið sunnan þéttbýlis. Svæðið nær yfir Síkistjarnir og Kristjánstanga, að athafnasvæði við Vogavík.

Ströndin í Sveitarfélaginu Vogum er einkar verðmæt vegna þess hve lítið henni hefur verið raskað miðað við ströndina á höfuðborgarsvæðinu. Hér gefst íbúum Voga og alls höfuðborgarsvæðisins ásamt ferðamönnum kostur á að njóta lífríkrar rofstrandar með gnótt búsetuminja og tjarna. Auðugt fuglalíf er við ströndina allan ársins hring, en mest um vor og haust þegar farfuglar og fargestir setjast að veisluborði í lífríkri fjörunni. Við ströndina eru tjarnir og votlendisblettir sem óvíða er að finna á Reykjaneskaga. Byggðin hefur ávallt verið við ströndina og þar er því gnótt fornminja. Með því að rannsaka þær verður með tíð og tíma hægt að gera almenningi ljósa sögu þessa byggðarlags allt frá

landnámi. Ströndin getur orðið eitt helsta aðdráttarafl fyrir ferðamenn framtíðarinnar í Vogum (bændagisting, söguskoðun, fuglaskoðun, útræði o.fl.).

Tjarnir á Vatnsleysuströnd sem eru á náttúruminjaskrá eru einnig skilgreindar sem hverfisverndarsvæði HV-1 í aðalskipulagi og stefnt að friðlýsingu þeirra, að norður- og vesturhluta Vogatjarnar undanskildum, þar sem þau svæði eru þegar manngerð.

Hverfisverndin nær til tjarnanna og votlendissvæða umhverfis hverja þeirra.

Mikilvægt er að vernda tjarnirnar og votlendið umhverfis þær því ekki er um önnur vötn né votlendi að ræða í bæjarlandinu. Að vísu er gnægð grunnvatns hvarvetna undir yfirborðinu sem er gríðarlega mikilvæg auðlind en sést hvergi nema þar sem það sprettur upp í tjörnunum og víða í fjörunum.

Nánari rök fyrir viðtækri hverfisverndun svæðisins:

- Talsverður hluti svæðisins er í flóðahættu í framtíðinni vegna landbrots, landsigs og hækkandi sjávarstöðu vegna hnattrænnar hlýnunar, og því er óverjandi að skipuleggja þar nýtt þéttbýli.
- Þar er vel varðveitt fornt byggðarmynstur útvegsbúskapar rétt við mesta þéttbýli landsins og alþjóðaflugvöll. Í því felast mikil menningarleg verðmæti til langs tíma litið og möguleikar til atvinnusköpunar.
- Mikið er um margvíslegar fornminjar á svæðinu sem skylt er að varðveita fyrir komandi kynslóðir, enda órannsakaðar og rituð saga svæðisins frekar fátækleg enn.
- Afar lítið er um vötn og votlendi á Reykjanesskaga og engin teljandi vatnsföll ofanjarðar. Vegna þess er mikilvægt fyrir þennan landshluta að það litla votlendi sem til er sé verndað. Votlendi og tjarnir eru aðallega við ströndina og í hættu bæði vegna landbrots sjávar og hugsanlegra framkvæmda.
- Vatnsleysuströnd fellur að líkindum í 1. flokk strandsvæða vegna varna gegn sjávarmengun samkvæmt mengunarvarnareglugerð, sjá kafla 2.3.7.

Skilmálar hverfisverndar HV-1

- Ekki verður heimiluð þéttbýlismyndun við ströndina og takmörkuð verður heimild til nýbygginga nær sjó en u.þ.b. 200 m. Með því móti verður tryggt mjög strjálbýlt belti með mestallri ströndinni innan sveitarfélagsins, frá Vogastapa að sveitarfélagamörkum við Hafnarfjörð. Slíkt strjálbýlt belti rýrir að vísu nokkuð hugsanlegt byggingarland næst sjó en getur þó aukið heildarverðmæti alls lands í sveitarfélaginu til búsetu. Með því að takmarka nýbyggingar nærri sjó á Vatnsleysuströnd er verið að vernda einstakt búsetulandslag (sbr. 9. gr. þjóðminjalaga). Byggðarmynstrið verði þannig varðveitt að mestu.
- Stefnt er að friðlýsingu tjarna sem eru á náttúruminjaskrá og falla undir hverfisvernd HV-1 samkvæmt náttúruverndarlögum.
- Á ströndinni er mikið af fornminjum sem hafa verið staðsettar og skráðar í minjaskráningu fyrir allt sveitarfélagið. Ekki verði heimilt að raska fornminjum nema að undangengnum samráði við Minjastofnun Íslands.
- Heimilt er að byggja stakar byggingar á hverri bújörð innan hverfisverndarsvæðis, þar sem aðstæður leyfa, þó þær tengist ekki búrekstri. Slíkar byggingar skulu vera í tengslum við



núverandi bæjarhlöð og nýta sömu afleggjara. Huga ber að skipulagi og arkitektúr þannig að þessar nýbyggingar falli sem best að þeim byggingum og því forna byggðarmynstri sem fyrir er. Ekki er heimilt að byggja upp á hverfisverndarsvæði nema deiliskipulag sé í gildi fyrir svæðið.

8.9.2 HV-2: Vogastapi að Vogavík

Vogastapi er mikilvægt útivistarsvæði og hluti útsýnis frá Vogum. Hann hefur álíka gildi fyrir íbúa Sveitarfélagsins Voga og Esjan fyrir Reykvíkinga. Hann er að vísu lægri en Esjan en hefur það fram yfir að ganga í sjó fram. Þetta friðaða belti nær yfir hábungu Vogastapa frá Vogavík að mörkum Reykjanesbæjar. Innan þess er Stapagatan, gamla þjóðleiðin milli Voga og Njarðvíkur en gamli akvegurinn til Keflavíkur, sem lagður var snemma á 20. öld lendir rétt sunnan þess.

Skilmálar hverfisverndar HV-2

- Engar byggingar verða leyfðar á þeim hluta Vogastapa sem sést úr Vogum, né heldur undir hlíð hans í Vogavík.
- Svæðið verði friðað gegn, raski og framandlegum áberandi plöntum, t.d. lúpínu.
- Stapagatan verði merkt og notuð í óbreyttri mynd sem gönguleið.

8.9.3 HV-3: Hrafnagjá, Snorrastaðatjarnir og Háibjalli

Svæðið nær yfir 3 sveitarfélög: Sveitarfélagið Voga, Reykjanesbæ og að litlu leyti Grindavík. Það er framtíðar útivistarsvæði og verður mjög auðvelt að komast þangað úr Vogum um ný undirgöng undir Reykjanesbraut, við Vogastapa, sem tengja Vogavík svæðinu. Göngin eru við upphaf Skógfellsstígs, gamallar þjóðleiðar sem liggur frá Vogavík framhjá Snorrastaðatjörnum og Skógfellunum til Grindavíkur, gullfalleg leið sem hefur nú verið stikuð.

Til greina kemur að friða þetta svæði sem fólkvang, e.t.v. framhald af Reykjanesfólkvangi ef hann verður stækkaður til vesturs, nema það verði hluti af eldfjallagarði.

Skilmálar hverfisverndar HV-3

- Stefnt er að friðlýsingu svæða undir hverfisvernd H-3 samkvæmt náttúruverndarlögum.

8.9.4 HV-4: Keilir og Höskuldarvellir

Keilir og Höskuldarvellir eru á náttúruminjaskrá en svæðið er eðlilegt framhald af Reykjanesfólkvangi til norðvesturs og gæti síðar meir orðið hluti hans ef sveitarfélagið verður aðili að honum. Stuðst er við sömu afmörkun og í náttúruminjaskrá en að auki er nærumhverfi Keilis sett undir hverfisvernd.

Skilmálar hverfisverndar HV-4

- Óheimilt er að raska landslagi, jarðmyndunum og gróðri með námuvinnslu, vegagerð eða byggingum. Mögulegt er að veita undanþágur frá þessu með samþykki umhverfis- og skipulagsnefndar og bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Voga, m.a. vegna nýtingu jarðhita.



8.9.5 HV-5: Önnur svæði á náttúruminjaskrá og aðrar fornleifar

- Hvassahraunsgígar (Strokkamelur). Katlarnir og nánasta umhverfi þeirra. Svæðið er á náttúruminjaskrá.
- Þvottatjarnir og Brugghellir

Skilmálar hverfisverndar HV-5

- Stefnt er að friðlýsingu svæða undir hverfisvernd HV-5 samkvæmt náttúruverndarlögum.



9 Samræmi við aðrar áætlanir

9.1 Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024

Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024 var samþykkt af samvinnunefnd um svæðisskipulag Suðurnesja 12. nóvember 2012.

Allir aðilar sem hafa skipulagsvald á Suðurnesjum áttu fulltrúa í samvinnunefndinni og eru þeir: Grindavíkurbær, Reykjanesbær, Sandgerðisbær, Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar, Sveitarfélagið Garður, Sveitarfélagið Vogar og Landhelgisgæsla Íslands.

Áhersla samvinnunefndarinnar var á sameiginlega hagsmuni Suðurnesja og stefnumörkun um þá. Svæðisskipulagið markar stefnu um helstu hagsmuni Suðurnesja, sem snúa að landnotkun og þær aðgerðir sem aðilar samvinnunefndarinnar þurfa að vinna eftir, sem heild eða í minni hópum.

Eftirtaldir efnispættir eru teknir til umfjöllunar í Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024: Atvinna, Auðlindir, Veitur og samgöngur, Flugvallarsvæðið og Samfélag.

Hér að neðan er umfjöllun um leiðarljós og meginmarkmið hvers efnispáttar svæðisskipulagsins:

9.1.1 Atvinna

Leiðarljós:

Öflugt atvinnulíf og fjölbreytt framboð starfa er forsenda blómlegrar byggðar og aukinna lífsgæða íbúanna. Suðurnesin verði eitt atvinnusvæði og samkeppnishæfni þess styrkt með áherslu á sterka innviði og gott aðgengi að auðlindum ásamt virkjun atvinnumöguleika sem tengjast alþjóðlegum flugvelli, umferð um þetta helsta hlið landsins að umheiminum og sjávarútvegi.

Markmið / Áherslur:

- Samvinna og samstarf sveitarfélaganna verði eftir til aukinnar uppbyggingar í atvinnumálum.
- Áhersla á þróun atvinnusvæða þar sem samlegðaráhrif aðgengis að auðlindum og öflugra innviða, s.s. alþjóðaflugvallar, hafna og vegasamgangna, eru nýtt til atvinnuuppbyggingar.
- Auka þjónustu við ferðamenn og sérstaða svæðisins nýtt til uppbyggingar ferðaþjónustu.
- Tryggja afkastagetu innviða fyrir atvinnusvæði, þ.e. flutningskerfi orku, vatns og fráveitu, samgöngur, og sérhæft vinnuafli.
- Núverandi atvinnugreinar verði eflar og hlúð sérstaklega að nýsköpun, rannsóknarstarfi og menntun innan þeirra.
- Fjölbreytt menntun og rannsóknir skipi verðugan sess sem mikilvægur þáttur í þróun nýrra atvinnugreina á Suðurnesjum.

9.1.2 Auðlindir

Leiðarljós:

Helstu náttúruauðlindir Suðurnesja eru grunnvatn, jarðhiti, einstakar jarðmyndanir, kaldur hreinn sjór og fiskimið. Stuðlað verði að ábyrgri og hagkvæmri nýtingu auðlinda á Suðurnesjum til hagsbóta fyrir íbúa svæðisins og komandi kynslóðir.



Mannvirkjagerð, orkuöflun og byggðapróun taki mið af náttúruvernd, skynsamlegri nýtingu og þeim tækifærum sem felast í náttúrufræðilegri sérstöðu svæðisins á heimsvísu.

Markmið / Áherslur:

- Háhitasvæði á Suðurnesjum verði flokkuð með tilliti til orkuöflunar og verndunar.
- Orka frá jarðhitasvæðum á Suðurnesjum og virkjunum landsins verði nýtt í þágu fjölbreyttrar atvinnuuppbyggingar.
- Auka verðmætasköpun atvinnugreina s.s. í sjávarútvegi, flutningastarfsemi, fjölnýtingu jarðvarma og ferðapjónustu.
- Endurskoða afmörkun vatnsverndarsvæða. Við endurskoðun vatnsverndarsvæða verði horft til samspils náttúru, nýtingar, vatnsöryggis og fyrirhugaðra atvinnusvæða.
- Tryggt sé nægt neysluvatn og öruggt aðgengi að því á Suðurnesjum.
- Skilgreina sameiginleg tækifæri sem tengjast jarðvísindum, jarðsögu og menningarminjum.
- Áhugaverð svæði, staðbundið og á heimsvísu, verði kortlögð.
- Unnið verði að skilgreiningu jarðvangs (e. geopark) á Reykjanesskaga.

9.1.3 Veitur og samgöngur

Leiðarljós:

Flutningskerfi raforku og annarra þjónustukerfa á Suðurnesjum verði samræmt með áherslu á hagkvæmni, þjónustugæði og afhendingaröryggi. Tryggt verði öruggt aðgengi að neysluvatni á Suðurnesjum.

Sú sérstaða og þau samlegðaráhrif sem felast í staðsetningu alþjóðlegs flugvallar, hafna, stofnbrauta og höfuðborgarsvæðisins verði styrkt með því að tryggja eins góðar samgöngur og völ er á.

Öryggi, greiðfærni og fjölbreytni í samgöngum og ferðamáta verði höfð að leiðarljósi. Vistvænar samgöngur fái aukið vægi og verði raunhæfur kostur á milli sveitarfélaganna og til höfuðborgarsvæðisins.

Markmið / Áherslur:

- Samnýta flutningsleiðir mismunandi þjónustukerfa eins og kostur er og að tekið verði tillit til umhverfisins við afmörkun flutningaleiða.
- Fyrirkomulag fráveitumála verði skoðað heildstætt á Suðurnesjum og leitast við að samræma áætlanir vegna atvinnusvæða og starfsemi á orkuvinnslusvæðum.
- Þjónustukerfi miði að því að tryggja afhendingaröryggi og gæði.
- Uppbygging veitukerfa og orkuvinnslusvæða taki mið af jarðfræðilegri sérstöðu, verndarsvæðum og útivistarsvæðum.
- Fjölpættar samgöngur á svæðinu verði eflar.
- Umferðartengsl verði styrkt við fyrirhuguð atvinnusvæði við Keflavíkurflugvöll.
- Stuðlað verði að skilvirku og öruggu samgöngukerfi með greiðum ferðum milli íbúðar- og atvinnusvæða.
- Almenningsamgöngur verði bættar á svæðinu.



- Net göngu-, hjólréiða- og reiðstíga verði styrkt og samtengt.
- Sporbrautarkerfi frá Keflavíkurflugvelli til höfuðborgarsvæðisins.
- Samstarf hafna í sveitarfélögunum verði aukið.

9.1.4 Flugvallarsvæðið

Leiðarljós:

Keflavíkurflugvöllur, sem er helsta hlið landsins að umheiminum, og öryggis- og varnarsvæði verða áfram ein af grunnstoðum atvinnulífs á Suðurnesjum.

Tekið verði ríkt tillit til flugvallarins og tryggt að hann fái nægt rými til þróunar í framtíðinni.

Tekið verði mið af þeim takmörkunum, sem tilheyra alþjóðlegum flugvelli, og þær verði samræmdar með hagsmuni flugvallarins og Suðurnesja í heild að leiðarljósi. Sama á við um takmarkanir sem snúa að öryggis- og varnarsvæðum.

Markmið / Áherslur:

- Flugvöllinum verði tryggt nægt landrými fyrir flugbrautir og þróun atvinnusvæða.
- Sveitarfélög á Suðurnesjum og Keflavíkurflugvöllur vinni í sameiningu að uppbyggingu flugvallarins og þróun atvinnusvæða í nágrenni hans.
- Stækkun flugvallarins taki mið af hagkvæmri uppbyggingu atvinnusvæða, fjölbreyttum tækifærum og fjölgun farþega og flugumferðar um völinn.
- Horft verði til möguleika á innanlandsflugi.
- Áhersla er á öflugar samgöngutengingar milli flugvallarsvæðis, sveitarfélaga á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðisins.
- Unnið verði að skilgreiningu hindrunarsvæða flugumferðar og takmarkana vegna öryggis og varnarsvæða.

9.1.5 Samfélag

Leiðarljós:

Sköpuð verði skilyrði fyrir aukin lífsgæði og auðugt mannlíf á Suðurnesjum með enn fjölbreyttari og sérhæfðari samfélagsþjónustu, sem kallar á það bakland sem felst í samlegðaráhrifum íbúafjölda allra sveitarfélaganna.

Margbreytilegum útivistarmöguleikum verði gert hátt undir höfði með góðu aðgengi og fjölbreyttu framboði og þannig stuðlað að heilbrigðum lífsháttum og þekkingu á nánasta umhverfi.

Þau sóknarfæri sem felast í mannauði og nánd við alþjóðlegan flugvöll, haf og jarðhita verði nýtt enn frekar og styrki þannig stoðir margvíslegra atvinnutækifæra, búset-, menntunar- og menningarframboðs. Þá verði aukin samtenging atvinnuvega, menningarstarfsemi og ferðaþjónustu.

Tryggðar verði viðeigandi varnir við hugsanlegum náttúruhamförum vegna flóða, gos- og jarðskjálftahættu.



Markmið / Áherslur:

- Efling þeirrar sameiginlegu þjónustu sem er fyrir hendi, s.s. á heilbrigðissviði, efri skólastig, almannavarnir og sorpförgun.
- Öflug nærþjónusta í hverju sveitarfélagi, s.s. heilsugæsla, löggæsla og þjónusta við aldraða og fatlaða.
- Búið í haginn fyrir félagslegan fjölbreytileika, almenna menningarstarfsemi og tækifæri fyrir alla aldurshópa.
- Efling skólastarfsemi á efri stigum, þ.e. framhaldsskólar og háskóli.
- Ábyrg nýting og gott aðgengi að útivistarsvæðum til afþreyingar, fræðslu og ferðamennsku.
- Mörkuð sameiginleg stefna um skógrækt.
- Mörkuð sameiginleg stefna um skilgreind útivistarsvæði s.s. fyrir akstursíþróttir.
- Merking og markaðssetning „ferðamannavega/útivistarvega“ og mikilvægra áningastaða.
- Bætt aðgengi að minjum um búsetu og atvinnulíf ásamt byggingu nýrra safna og heilsulinda til eflingar ferðaþjónustu.
- Unnið að stofnun jarðvangs á Suðurnesjum.
- Lokið við viðbragðsáætlun sem byggir á áhættumati vegna náttúruvár.

9.2 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Landsskipulagsstefna 2015-2026 öðlaðist gildi 6. mars 2016. Sveitarfélög skulu taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim og, eftir því sem við á, samræma þær landsskipulagsstefnu innan fjögurra ára frá samþykkt hennar. Telji sveitarstjórn að ekki beri að taka mið af samþykktri landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlunar skal hún gera rökstudda grein fyrir því og skal rökstuðningurinn fylgja með tillögu að skipulagsáætlun þegar hún er send Skipulagsstofnun.

Í landsskipulagsstefnu er sett fram stefna um hvernig stjórnvöld skuli vinna að skipulagsmálum og byggir hún á fjórum leiðarljósum:

- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.

Landsskipulagsstefnan felur í sér stefnu um fjögur eftirfarandi viðfangsefni:

- Skipulag á miðhálandi Íslands
 - Víðerni og náttúrugæði
 - Ferðaþjónusta í sátt við náttúru og umhverfi
 - Samgöngur í sátt við náttúru og umhverfi
 - Sjálfbær nýting orkulinda



- Trygg fjarskipti í sátt við náttúru og umhverfi
- Skipulag með tilliti til náttúruvár
- Skipulag í dreifbýli
 - Sjálfbær byggð í dreifbýli
 - Umhverfis- og menningargæði
 - Sjálfbær nýting landbúnaðarland
 - Ferðapjónusta í sátt við náttúru og umhverfi
 - Orkumannvirki og örugg afhending raforku í sátt við náttúru og umhverfi
 - Sjálfbærar samgöngur
 - Trygg fjarskipti í sátt við umhverfið
 - Skipulag með tilliti til náttúruvár og loftslagsbreytinga
- Búsetumynstur og dreifing byggðar
 - Heildstætt búsetumynstur og jafnvægi í byggðapróun
 - Sjálfbært skipulag þéttbýlis
 - Gæði hins byggða umhverfis
 - Samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf
 - Sjálfbærar samgöngur
 - Trygg fjarskipti í sátt við umhverfið
 - Náttúruvá og loftslagsbreytingar
- Skipulag á haf- og landsvæðum
 - Sjálfbær nýting auðlind
 - Skýr og skilvirk stjórnsýsla skipulagsmála
 - Svæðisbundin skipulagsgerð

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur falið Skipulagsstofnun að vinna tillögu að breytingu á Landsskipulagsstefnu 2015-2026 sem felist í nánari stefnumótun um skipulag byggðar og landnýtingar með tilliti til loftslagsmála, landslags og lýðheilsu. Jafnframt verði gildandi stefna um skipulagsmál haf- og strandsvæða yfirfarin. Þá verði litið til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun við mótun stefnunnar.

Í vinnu við aðalskipulag Sveitarfélagsins Voga var Landsskipulagsstefna 2015-2026 höfð til hliðsjónar og er tillaga að aðalskipulagi í samræmi við landsskipulagsstefnu.

Hér á eftir er umfjöllun um hvernig aðalskipulag Sveitarfélagsins Voga er samhljóma landsskipulagsstefnu í þeim málaflokkum landsskipulagsstefnu sem tengjast sveitarfélaginu.



9.2.1 Skipulag á miðhálandi Íslands

Staðinn verði vörður um náttúru og landslag miðhálandisins vegna náttúruverndargildis og mikilvægis fyrir útivist. Uppbygging innviða á miðhálandinu taki mið af sérstöðu þess.

Miðhálandi Íslands er ekki innan Sveitarfélagsins Voga.

9.2.2 Skipulag í dreifbýli

Skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, svo sem til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar, í sátt við náttúru og landslag.

Í aðalskipulagi er áhersla lögð á að styrkja samfélag sveitarfélagsins með því að beina vexti að núverandi þéttbýliskjarna í Vogum.

Uppbyggingu í dreifbýli er beint að núverandi bæjartorfum og áhersla er lögð á að uppbygging sé í samræmi við byggingarhefðir og yfirbragð sveitarinnar. Þó að uppbyggingu í dreifbýli sé beint að núverandi bæjartorfum eru takmarkanir settar á uppbyggingu stakra íbúðar- og frístundahúsa á bújörðum.

9.2.3 Búsetumynstur og dreifing byggðar

Þróun þéttbýlis og fyrirkomulag byggðar stuðli að sjálfbærni með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og markvissu og samþættu skipulagi byggðar og samgangna.

Í aðalskipulagi er áhersla lögð á að styrkja samfélag sveitarfélagsins með því að beina vexti að núverandi þéttbýliskjarna í Vogum og stuðla þar að frekari uppbyggingu og fjölbreyttum húsnæðiskostum. Uppbygging göngu- og hjólastígs á Vatnsleysuströndinni frá Reykjanesbæ, í gegnum þéttbýlið í Vogum og að Hafnarfirði er til þess að styrkja þéttbýlið í Vogum, tengja þéttbýlið betur við byggðina í sveitarfélaginu og aðliggjandi sveitarfélög.

9.2.4 Skipulag á haf- og strandsvæðum

Skipulag haf- og strandsvæða veiti grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu á haf- og strandsvæðum um leið og viðhaldið verði mikilvægum auðlindum hafsvæða við Ísland.

Skipulag haf- og strandsvæða úti fyrir strönd Sveitarfélagsins Voga hefur ekki verið unnið.

9.3 Aðalskipulag aðliggjandi sveitarfélaga

Aðliggjandi sveitarfélög eru eftirtalin og upptalning á þeim þáttum sem ekki eru samræmi við aðalskipulag viðkomandi sveitarfélaga, ef það á við:

- Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025
 - Ekki er gert ráð fyrir hraðlest sunnan Reykjanesbrautar, við sveitarfélagsmök við Sveitarfélagið Voga.



- Ekki er gert ráð fyrir háspennulínu í jörð (Suðurnesjalínu 2) meðfram þjónustuvegi Suðurnesjalínu 1, við sveitarfélagsmök við Sveitarfélagið Voga.
- Aðalskipulag Grindavíkur 2010-2030
 - Sveitarfélögin eru ekki ásátt um hvað mörkin á milli þeirra liggja og eru mörkin því óljós. Skipulagi er því frestað á 240 km² svæði í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2020-2040 sem sýnt er innan Grindavíkur í Aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020.
- Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2015-2030
 - Ekki er gert ráð fyrir öllum tengingum við reiðstíga og göngu- og hjólastíga norðan Reykjanesbrautar, við sveitarfélagsmök við Sveitarfélagið Voga.

9.4 Samgönguáætlun og vegáætlun

Samgönguáætlun 2019-2033 er heildarstefna í samgöngumálum þar er gerð grein fyrir stefnu ríkisins og helstu áætlunum í samgöngumálum. Við gerð samgönguáætlunar er unnið í takt við fimm meginmarkmið að samgöngur séu öruggar, greiðar, hagkvæmar og umhverfislega sjálfbærar og að þær stuðli að jákvæðri byggðaþróun. Aðgerðaáætlun fyrir fyrsta tímabilið, 2019–2023, hefur einnig verið samþykkt og öðlast gildi.

Samgönguáætlun tekur til stefnu, fjáröflunar og útgjalda allra greina samgangna, þ.e. flugmála, vegamála og siglingamála, þ.m.t. almenningssamgangna, hafnamála, sjóvarna, öryggismála og umhverfismála samgöngugreina. Þar skal skilgreina það grunnkerfi sem ætlað er að bera meginþunga samgangna og gera grein fyrir ástandi og horfum í samgöngum í landinu. Við gerð samgönguáætlunar skal m.a. byggja á þeim meginmarkmiðum að samgöngur séu greiðar, hagkvæmar, öruggar og umhverfislega sjálfbærar auk þess sem þær stuðli að jákvæðri byggðaþróun.

Við gerð samgönguáætlunar skal einnig tekið mið af eftirfarandi markmiðum:

- Að ná fram samræmdri forgangsröð og stefnumótun.
- Að ná fram hagkvæmri notkun fjármagns og mannafla.
- Að ná fram samræmdu skipulagi samgöngugreina og samstarfi stofnana ráðuneytisins og fyrirtækja á vegum þess.

Ekki er gert ráð fyrir framkvæmdum í Sveitarfélaginu Vogum í Samgönguáætlun 2019-2033 en í Aðgerðaráætlun 2019-2023 er gert ráð fyrir sjóvarnargarði við Breiðagerðisvík á árinu 2023.

9.5 Náttúruverndaráætlun

Í náttúruverndaráætlun skulu vera sem gleggstar upplýsingar um náttúruminjar, þ.e. náttúruverndarsvæði og lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi, sem ástæða þykir til að friðlýsa. Skal í áætluninni lýst sérkennum minjanna og þýðingu þeirra í náttúru landsins.

Áætlunin skal m.a. taka til helstu tegunda vistgerða og vistkerfa hér á landi, svo og jarðmyndana. Við gerð hennar skal m.a. taka tillit til menningarlegrar og sögulegrar arfleifðar, nauðsynjar á endurheimt vistgerða, nýtingar mannsins á náttúrunni og ósnortinna víðerna.



Í náttúruverndaráætlun 2009-2013 er kveðið á um að unnið skuli að friðlýsingu 13 svæða til þess að stuðla að traustri verndun íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd hér á landi. Tilgangurinn er að koma upp neti verndarsvæða til þess að tryggja verndun landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni, þess sem sérstætt er í náttúru landsins, fágætt eða í hættu og að friða náttúruleg landsvæði til náttúruverndar, vísindarannsókna, vöktunar og útivistar.

Í gildandi náttúruverndaráætlun er ekki gert ráð fyrir svæðum til friðlýsingar í Sveitarfélaginu Vogum.

9.6 Kerfisáætlun

Í raforkulögum er kveðið á um að flutningsfyrirtæki raforku skuli árlega leggja fyrir Orkustofnun til samþykktar kerfisáætlun um uppbyggingu flutningskerfisins, sem feli í sér 10 ára langtímaáætlun og framkvæmdaáætlun sem tekur til næstu þriggja ára.

Í Kerfisáætlun Landsnets 2019-2028, langtímaáætlun um þróun meginflutningskerfis raforku er að finna yfirlit yfir áætlaða þróun notkunar og framleiðslu raforku tengdri flutningskerfinu auk þeirrar uppbyggingar sem ráðgerð er í flutningskerfinu til næstu ára. Einnig er gerð grein fyrir helstu eiginleikum flutningskerfisins, svo sem aflgetu, áreiðanleika, töpum, styrkleika á afhendingarstöðum, líkum á aflskorti og helstu takmörkunum flutningskerfisins.

Í Kerfisáætlun Landsnets 2019-2028 er gert ráð fyrir Suðurnesjalínu 2 innan sveitarfélagsins.

9.7 Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða

Markmið verndar- og orkunýtingaráætlunar er að tryggja að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið er tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Í áætluninni eru virkjanakostir flokkaðir í þrjá flokka; nýtingarflokk, biðflokk og verndarflokk. Flokkunin byggir á tillögum í skýrslu verkefnisstjórnar um rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Í verndarflokk verndar- og nýtingaráætlunar ættu að falla virkjunarhugmyndir sem ekki væri talið rétt að ráðast í og landsvæði sem ástæða væri talin til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu. Í nýtingarflokk færu virkjunarhugmyndir sem talið væri að ráðast mætti í að uppfylltum öðrum skilyrðum. Í biðflokk féllu virkjunarhugmyndir sem talið væri að þyrftu frekari skoðunar með betri upplýsingum svo meta mætti hvort þær ættu að ráðast í nýtingarflokk eða verndarflokk.

Trölladyngjusvæðið er hluti af Krísuvíkursvæðinu sem er rannsóknarsvæði vegna mögulegrar nýtingu jarðhita. Svæðið er í biðflokki skv. gildandi rammaáætlun.

9.8 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja alþjóðasamtakanna í september árið 2015. Heimsmarkmiðin eru flokkur markmiða og undirmarkmiða sem taka til alls heimsins og er ætlast til þess að þeim verði náð innan fimmtán ára (frá samþykkt markmiðanna) eða fyrir 2030. Ísland hefur að einhverju leyti, ásamt öðrum



aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna innleitt markmiðin sem eru 17 talsins og 169 undirmarkmið þeirra. Aðalsmerki heimsmarkmiðanna er að þau eru algild og því hafa aðildarríkin skuldbundið sig til þess að vinna skipulega að innleiðingu markmiðanna bæði á innlendum og erlendum vettvangi út gildistíma þeirra.

Heimsmarkmiðin eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli þriggja stoða sjálfbærrar þróunar; hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu. Þá fela þau einnig í sér fimm meginþemu sem eru mannkynið, jörðin, hagsæld, friður og samstarf. Aðalinntak markmiðanna er jafnframt að engir einstaklingar eða hópar verði skildir eftir. Því er mikilvægt að ríki horfi ekki eingöngu til meðaltala við mælingar á árangri sínum heldur nálgist innleiðingu markmiðanna á heildstæðan hátt. Heimsmarkmiðin eru margþætt og metnaðarfull og krefjast skipulagðrar vinnu af hálfu stjórnvalda en einnig þátttöku og samstarfs ólíkra hagsmunaaðila.

9.9 *Reykjanesfólkvangur*

Reykjanesfólkvangur var stofnaður var 1975 og er um 29.263 ha og langstærsta friðlýsta svæði sinnar tegundar. Tilgangur með fólkvöngum er að tryggja almenningi aðgang að svæðum til þess að njóta útivistar. Innan hans er gígasvæði í Vesturhálsi og Eldborg sem er einstakur gígur sem myndaðist á sögulegum tíma. Þar eru einnig móbergsfjöll sem myndast hafa við gos undir jökli.

Í auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 520/1975 koma fram þær reglur sem gilda um fólkvanginn en þær eru eftirfarandi:

- Fótgangandi fólki er heimil för um allt svæðið og má ekki hindra slíka för með girðingu nema stígar til yfirferðar séu með hæfilegu millibili. Reiðgötum má ekki loka með girðingum. Þessi ákvæði eiga þó ekki við girðingar um vatnsból og ræktað land enda er umferð óheimil innan slíkra girðinga.
Á skógræktargirðingu skulu einungis vera stígar.
- Allt jarðrask er bannað innan fólkvangsins nema leyfi (Umhverfisstofnunar) komi til. Undanskilin er hagnýting jarðhita, t.d. í Krísuvík, og mannvirkjagerð í því sambandi, sbr. þó 29. gr. laga nr. 47/1971. Jafnframt verði ekki haggð þar eðlilegri nýtingu til búrekstrar, réttur til beitar er ekki skertur innan fólkvangsins og áskilinn er í Krísuvík réttur til starfsemi í almannapágu (svo sem heilsuhæli, skólar, gistihús o. þ. u. l.).
Skipulegur námurekstur, sem rekinn er innan fólkvangsins þegar auglýsing þessi verður birt í Stjórnartíðindum, má þó haldast, enda sé umgengni í samræmi við 18. gr. laga nr. 47/197.

9.10 *Reykjanes jarðvangur (Reykjanes UNESCO Global Geopark)*

Reykjanes jarðvangur nær yfir allt land Sveitarfélagsins Voga ásamt landi Grindavíkurbæjar, Reykjanesbæjar og Suðurnesjabæjar. Jarðvangurinn er samstarfsvettvangur sem byggir á því að nýta sérstöðu svæðisins, þ.e. merkilega jarðfræðiarfleið og einstaka jarðsögu, til verðmætasköpunar. Í tilfelli Reykjanes jarðvangs er það Atlantshafshryggurinn, flekaskilin og afleiðingar þeirra.

Reykjanes Geopark er aðili að alþjóðlegu tengslaneti og viðurkenndur af UNESCO. Geopark er samfellt landfræðilegt svæði, þar sem minjum og landslagi sem eru jarðfræðilega mikilvæg á



heimsvísu er stýrt eftir heilðrænni stefnu um verndun, fræðslu og sjálfbæra þróun. Jarðminjar eru nýttar ásamt öðrum náttúru- og menningarminjum svæðisins til að vekja athygli og skilning á þeim brýnu úrlausnarefnum sem blasa við samfélagi okkar s.s. sjálfbærri nýtingu auðlinda, samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og hvernig draga má úr áhrifum náttúruhamfara. Áætlanir sveitarfélagsins

9.11 **Annað**

Ýmsar áætlanir sveitarfélagsins og önnur gögn er snerta gerð aðalskipulags voru hafðar til hliðsjónar við endurskoðunina og eru þær innbyggðar í aðalskipulagið.

- Loftslags- og umhverfisáætlun Sveitarfélagsins Voga (í vinnslu)
- Skólastefna Sveitarfélagsins Voga
- Húsnæðisáætlun Sveitarfélagsins Voga 2017-2025 (í endurskoðun)
- Jafnréttisáætlun Sveitarfélagsins Voga 2019-2023
- Forvarnarstefna Sveitarfélagsins Voga
- Menningar- og félagsstefna Sveitarfélagsins Voga
- Heilsueflandi samfélag á Suðurnesjum



Heimildaskrá

Ritaðar heimildir

Sveitarfélagið Vogar, 2009. Aðalskipulag Sveitarfélagsins Voga 2008-2028, með síðari breytingum.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Eva Kristín Dal, Kristborg Þórsdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir Beck, Sædís Gunnarsdóttir og Þóra Pétursdóttir. Aðalskráning fornleifa í Sveitarfélaginu Vogum. Áfangaskýrsla I. Fornleifastofnun Íslands 2011. FS460-07251.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og, Kristborg Þórsdóttir. Aðalskráning fornleifa í Sveitarfélaginu Vogum. Áfangaskýrsla II. Fornleifastofnun Íslands 2014. FS527-07252.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir, Sædís Gunnarsdóttir og Þóra Pétursdóttir. Aðalskráning fornleifa í Sveitarfélaginu Vogum. Áfangaskýrsla III. Fornleifastofnun Íslands 2016. FS596-07253.

Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2011. *Aðalskráning fornleifa í Sveitarfélaginu Vogum. Áfangaskýrsla I.* Ritstj. Kristborg Þórsdóttir.

Landsnet, 2019. Kerfisáætlun 2019-2028.

Náttúruverndarráð, 1996. Náttúruminjaskrá – skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar, 7. útgáfa.

Innanríkisráðuneytið, 2019. Samgönguáætlun 2019-2033.

Skipulagsstofnun, 2016. Landsskipulagsstefna 2015-2026 ásamt greinargerð. Reykjavík, Skipulagsstofnun.

Skipulagsstofnun, 2003. Leiðbeiningar um gerð aðalskipulags.

Skipulagsstofnun, 2005. Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið og vægi umhverfisáhrifa.

Teiknistofa arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar, 2013. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024. Samvinnunefnd um svæðisskipulag Suðurnesja.

VSÓ Ráðgjöf, 2021. Sveitarfélagið Vogar, húsnaðisáætlun 2021-2025.

VSÓ Ráðgjöf og Landsnet, 2019. Suðurnesjalína 2 milli Hamranes í Hafnarfirði og Rauðamels í Grindavík, matsskýrsla.

<https://ferlir.is/elstu-byggingar-i-sveitarfelaginu-vogum/> upplýsingar sóttar 19/04/2021

<https://ferlir.is/vatnsleysustrond-baeir-og-nokkrar-merkar-minjar-i/> upplýsingar sóttar 19/04/2021

Lög og reglugerðir

Jarðalög nr. 81/2004.

Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012.



Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

Reglugerð um hávaða nr. 724/2008.

Reglugerð um loftgæði nr. 391/2013.

Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 901/2015.

Skipulagslög nr. 123/2010.

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Vefsíður

Hafstofa Íslands, 2017. Mannfjöldi og mannfjöldaspá. www.hagstofan.is

Veðurstofa Íslands, 2017. Vindatlas. www.vindatlas.vedur.is

Náttúrufræðistofnun Íslands, 2017. Vistgerðarkort. www.ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort

